

**SKOÐUN** Ég er ekki frá því að Carl Bildt sé minn uppáhalds hægri maður, skrifar Össur Skarphéðinsson. 14



**MENNING** Götutískan á Reykjavík Fashion Festival var fjölbreytt í meira lagi. 24



**SPORT** Guðmundur Jónsson var frábær með Þór Þorlákshöfn þegar liðið náði 2. sætinu á lokasprettinum. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
20. mars 2013
67. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN




### Ríkið á 64% lána

Ríkisstofnanir og Landsbankinn, sem er að mestu í eigu ríkisins, eiga samtals um 64 prósent allra lána til einstaklinga. Í heildina nema lán ríkisins til einstaklinga 1.057 milljörðum króna.

## FRÉTTIR

### Vörur verði merktar

Alþjóðlegir ráðgjafar leggja til að Inspired by Iceland verði notað sem allsherjarnafn yfir íslenskar vörur og þjónustu. 6

**Krefst milljóna í bætur** Gunnar í Krossinum vill tíu milljónir og afsökunarbeiðni frá talskonum fimm kvenna sem sökuðu hann um kynferðisbrot. 12




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 15 |
| Akureyri | -1° | | A | 3 |
| Egilsstaðir | 0° | | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | | ANA | 5 |
| Reykjavík | 1° | | ASA | 8 |

**Dregur úr frosti** Búast má við NA 10-15 m/s á Snæfellsnesi og Vestfjörðum en lægir upp úr hádegi. Annars hægari vindur en hvessir syðst síðdegis. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Veislumatur | Fólk




# Flokkar ná ekki saman um þak á auglýsingar

Stjórnmálaflokkarnir hafa ekki náð saman um þak á auglýsingakostnað í aðdraganda kosninga. Er ekki bjartsýn á samkomulag, segir framkvæmdastjóri VG.

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálaflokkarnir hafa ekki komið sér saman um að setja hámark á kostnað við auglýsingar og kynningu í aðdraganda kosninganna. Einn fundur hefur verið haldinn um málið, en ekki hefur verið boðað til annars fundar. Kosið verður eftir um sex vikur, eða 27. apríl.

Björt framtíð lagði til á fundinum að þakið yrði lækkað úr fjórtán í þrjár milljónir. Aðrir flokkar tóku ekki vel í það. „Ég lagði til að þakið yrði lækkað í þrjár milljónir til að jafna leikinn og hvetja til markvissari kosningabaráttu," segir Atli Fannar Bjarkason, framkvæmdastjóri flokksins.

Samfylkingin boðaði fulltrúa flokkanna á fund um málið fyrir rúmri viku. Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri segir flokkinn jákvæðan gagnvart slíku þaki en veit ekki hvort það kemst á. Aldrei sé þó of seint að ná saman.

Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir flokk sinn opinn fyrir samkomulagi af þessu tagi. Það verði hins vegar að gerast fljótlega ef það eigi að ná tilgangi sínum, enda skammt til kosninga.

Auður Lilja Erlingsdóttir, framkvæmdastjóri Vinstri grænna, er ekki bjartsýn á samkomulag. „Mér heyrðist að það væri ekki grundvöllur fyrir samkomulagi," segir hún og vísar í tillöguna um lækkun í þrjár milljónir. „Ég væri mjög jákvæð gagnvart því að hafa þetta eins og í síðustu kosningum."

Hrólfur Ölvisson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, segir eðlilegt að gera slíkt samkomulag. Það þurfi þó að gerast sem fyrst. „Það er einn aðili sem séð hefur um að kalla okkur saman," segir hann og vísar til Samfylkingarinnar. „Það hvílir þó ekki meiri ábyrgð á honum en okkur hinum." - kóp

### ÞAK Á KOSTNAÐ

2007 → **28 milljónir**
2009 → **14 milljónir**
2013 → **?**



**PÁSKALILJUR** Anna Sif Ingimarsdóttir hugar að nýinnteknum páskaliljum í gróðrarstöðinni Dalsgarði í Mosfellsdal. Að sögn Gísla Jóhannssonar, garðyrkjubónda í Dalsgarði, eru um 50 þúsund páskaliljur ræktaðar þar þetta árið og annað eins hjá tveimur til þremur öðrum garðyrkjubændum á landinu af svipaðri stærð. Þetta er svipað magn og undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Risamál sérstaks saksóknara:

## „Samfélagið í heild blekkt"

**DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari hefur ákært sex fyrrverandi starfsmenn Landsbankans fyrir stórfellda markaðsmisnotkun og umboðssvik. Þeir bætast við níu fyrrverandi starfsmenn Kaupþings sem einnig voru ákærðir fyrir sams konar brot fyrir helgi.**



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

**Landsbankaákæran er fyrsta hrunmálið tengt bankanum sem Ólafur Þór Hauksson og hans fólk fer með fyrir dómstóla. Í henni segir að starfsmenn bankans hafi blekkt fjárfesta, kröfuhafa, stjórnvöld og samfélagið í heild með mjög umfangsmiklum og þaulskipulögðum sýndarviðskiptum sem vörðuðu gríðarlega háar fjárhæðir.**

**Einn hinna ákærðu, Sigurjón Þ. Árnason, segist ekki hafa brotið nein lög.** - sh / sjá síðu 4

Hegðunarvandi vaxandi:

## Fékk hjálp eftir alvarlega árás

**MENNTAMÁL** Kristín Hlynsdóttir, móðir ellefu ára gamals drengs með hegðunarröskun, segir skólakerfið ekki í stakk búið til að sinna syni sínum sem fékk ekki viðunandi aðstoð fyrr en hann beitti skólafélaga alvarlegu ofbeldi. Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara, tekur undir með Kristínu og segir hegðunarvanda nemenda hafa aukist á síðustu árum.

Um fjórðungur grunnskólanema er sagður þurfa á sérkennslu að halda. Hluti þess hóps á við alvarlega hegðunar- og tilfinningaörðugleika að stríða.

„Kennarar eru með nemendur í almennum bekkjum sem eiga við gríðarleg vandamál að stríða og þeir hafa engin úrræði, segir Guðbjörg." - hó / sjá síðu 2






Hin íslenska Katrín Benedikt, annar handritshöfunda Hollywood-stórmyndar:

# Skrifaði fyrir Morgan Freeman

**MENNING** „Eiginmaður minn og samstarfsmaður, Creighton Rothenberger, fékk þessa hugmynd fyrir dálítið löngu síðan. Við héldum áfram að vinna með hana næstu árin og vorum sífellt að betrumbæta handritið," segir íslenski handritshöfundurinn Katrín Benedikt, annar handritshöfunda Hollywood-kvikmyndarinnar Olympus Has Fallen sem verður frumsýnd vestanhafs á föstudag. Myndin skartar Gerard Butler í aðalhlutverki og meðal annarra leikara eru Morgan Freeman, Aaron Eckhart og Ashley Judd.

Myndin, sem fjallar um fyrrverandi lífvörð Bandaríkjaforseta sem lokast inni í Hvíta húsinu í miðri hryðjuverkaárás, kostaði að minnsta kosti 80 milljónir dollara í framleiðslu og má því með sanni segja að um stórmynd sé að ræða.

Katrín, sem flutti vestur um haf þegar hún var sex ára gömul, segist himinlifandi yfir því að sjá myndina á hvíta tjaldinu með öllum þessum frægu leikurum. „Það er ótrúlegt að sjá eitthvað sem þú hefur stefnt að svona lengi verða loksins að veruleika. Að sjá myndina sína komast á stóra tjaldið með svona frábæru leikaraliði er stórkostlegt," segir hún. - fb / sjá síðu 30



**HANDRITSHÖFUNDUR** Katrín Benedikt og Gerard Butler, sem fer með aðalhlutverkið í Olympus Has Fallen.




## SPURNING DAGSINS



Jónína, heldurðu að þú getir gert Skugga að lestrarhesti?

**„Það er örugglega hægt – tekur bara svolítinn tíma. Hann er alveg nógu klár.“**

Jónína Valgerður Örvar, fimmtán ára hestakona, á talnaglögga hestinn Skuggasvein. Það kenndi hún honum á nokkrum dögum.

Nýsamþykkt lög um neytendalán setja smálánafyrirtækjum þröngar skorður til gjaldtöku fyrir lánin:

# Mega rukka 10% af því sem þau gerðu áður

**NEYTENDUR** Smálánafyrirtækin mega rukka um tíunda hluta þess sem þau gerðu áður í vexti og annan kostnað vegna smálána eftir að ný lög um neytendalán voru samþykkt á Alþingi á mánudag.

Eins og sjá má í dæmunum hér til hliðar hafa fyrirtækin lánað upphæðir allt að 80 þúsund krónum með ársvexti nálægt 400 prósentum, samkvæmt útreikningum atvinnuvegaráðuneytisins.

Við samanburð á lánum er notuð árleg hlutfallstala kostnaðar. Hún mælir heildarkostnað við að taka lánið; vexti, lántökugjöld, stimpilgjöld og annað.

Árleg hlutfallstala má hér eftir ekki vera hærri en fimmtíu prósent, en hefur verið yfir 3.000 prósent hjá öllum smálánafyrirtækjunum.

Í dæminu hér til hliðar voru notaðar upphæðir sem fengust á heimasíðum allra smálánafyrirtækjanna. Aðeins Kredia var með örlítið lægri kostnað á 80 þúsund króna láninu, 24.300 krónur í stað 27.050 króna eins og allir hinir. - bj

### Áhrif nýrra laga um neytendalán

| 10 þúsund króna lán í 30 daga: FYRIR | EFTIR | | 80 þúsund króna lán í 30 daga: FYRIR | EFTIR |
|---|---|---|---|---|
| 3.450 | 339 | Kostnaður og vextir | 27.050 | 2.710 |
| 414% | 41% | Nafnvextir | 406% | 41% |
| 3582% | 50% | Árleg hlutfallstala kostnaðar | 3360% | 50% |



**HVEITINU KASTAÐ** Svona hefst jafnan langafasta í bænum Galaxidi á Grikklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar í Galaxidi skemmta sér konunglega:

## Hveitistríð á Grikklandi

**GRIKKLAND Í bænum Galaxidi á Grikklandi hefst langafasta með því að bæjarbúar kasta hveiti í gríð og erg hver á annan, og alla nærstadda sem ekki gæta sín. Þeir kalla þetta hveitistríð.**

**Þetta gerist jafnan á mánudegi í upphafi sjöundu viku fyrir páskahald grísku rétttrúnaðarkirkjunnar. Sá mánudagur er ýmist nefndur öskumánudagur eða hreini mánudagurinn.**

**Ekki er alveg ljóst hvers vegna bæjarbúar í Galaxidi tóku upp á hveitistríðinu, en sá siður hefur þekkst síðan á 19. öld.**

**Undirbúningurinn felst í því að stórir sekkir fullir af hveiti eru bornir niður að höfn, þar sem hamast er þangað til sekkirnir tæmast. Ýmsum litarefnum er bætt út í hveitið svo skemmtunin verði litríkari, og svo klæðir fólk sig upp á í gömul föt sem óhætt er að óhreinka að vild.** - gb

Átök í Kaupmannahöfn:

## Þrjár skotárásir á mánudaginn

**DANMÖRK** Þrjár skotárásir áttu sér stað í Kaupmannahöfn á mánudag. Tvær þeirra tengdust átökum milli gengja í borginni.

23 ára gamall maður var skotinn í bíl sínum á mánudag. Hann særðist ekki lífshættulega. Nokkrum klukkustundum fyrr var tíu skotum skotið á bíla fyrir utan klúbbhús vélhjólaklúbbsins Banditos. Þá var einnig skotið á sautján ára gamlan dreng en hann slapp ómeiddur. Lögregla telur drenginn ekki tengjast neinum gengjastríðum. - þeb

Öðrum málum hleypt að:

## Stjórnarskrá lögð til hliðar

**ALÞINGI Samkomulag náðist um það á Alþingi í gær að setja stjórnarskrármálið til hliðar og hleypa öðrum málum að á meðan um stjórnarskrá semst.**

**Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að reynt sé til þrautar að fá lendingu í stjórnarskrármálið. „Sem innlegg í það fundum við í stjórnarandstöðunni til mál sem ekki ríkir ágreiningur um en mikilvægt er að klárist.“**

**Ekki náðist í Ástu R. Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, í gær.** - kóp

# Réðst á skólafélaga og fékk þá loks hjálp

Móðir ellefu ára drengs segir vanta úrræði fyrir nemendur með hegðunarvanda. Varaformaður Félags grunnskólakennara segir hegðunarvanda vaxandi vandamál.

**MENNTUN** „Þetta er ofboðslega ljúfur og yndislegur drengur en skólakerfið hentar honum ekki eins og það er,“ segir Kristín Ósk Hlynsdóttir, móðir Kristófers, ellefu ára drengs sem er greindur með ofvirkni og athyglisbrest, mótþróaþrjóskuröskun og kvíðaröskun.

Um fjórðungur allra grunnskólanema þarf á sérkennslu að halda. Í könnun Reykjavíkurborgar frá 2010 um sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur kom fram að alls fengu 26% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sérkennslu vorið 2010 en hlutfallið var 21% árið 2005. Um 74% af þessum nemendum fengu sérkennslu utan bekkjar.

Hluti þeirra sem þurfa á sérúrræðum að halda eru nemendur sem eiga við alvarlega hegðunar- og tilfinningaörðugleika að stríða. Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara, segir hegðunarvanda nemenda hafa aukist á undanförnum árum. Á sama tíma hafi fjármagn til skólanna verið skert.

Kristín segir skólakerfið ekki vera í stakk búið til að sinna nemendum með mikinn hegðunarvanda. „Fyrstu skólaárin hans var alltaf verið að reyna að troða honum inn í ákveðið box sem allir hinir nemendurnir pössuðu inn í. Hann þarf stuðning þar sem unnið er með hans persónulegu þarfir. Það er búið að prófa háa lyfjaskammta en það virkar ekki neitt. Ég bara týndi barninu mínu.“

Oft hafa komið upp árekstrar á milli Kristófers og annarra barna en Kristín segir að kerfið hafi ekki tekið almennilega á vandanum fyrr en hann beitti skólafélaga alvarlegu ofbeldi í frímínútum síðastliðin jól og var fyrir vikið vísað tímabundið úr skóla.



**FJÓRÐI HVER NEMANDI ÞARF AÐSTOÐ UTAN BEKKJAR** Kennari segir hegðunarvanda hafa aukist undanfarin ár en á sama tíma hafi fjármagn til skólanna verið skert. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar beint.

### Kennarar langþreyttir á ástandinu



Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara, segir kennara langþreytta á að hafa ekki bjargir til að bregðast við vandamálum nemenda. Aukið fjármagn þurfi til að tryggja nemendum viðeigandi umhverfi. „Kennarar eru með nemendur í almennum bekkjum sem eiga við gríðarlega mikil vandamál að stríða og þeir hafa engin úrræði.“

Hegðunarvandi sé ekki bara bundinn við nemendur með greiningu heldur skili vanlíðan og vandamál sem ríkja á sumum heimilum sér inn í skólana. „Það eru breyttar áherslur í uppeldi, samskipti eru öðruvísi og foreldrar og börn verja minni tíma saman en áður. Einnig hreyfa börn sig minna í dag en áður og mataræðið er breytt. Allt þetta ýtir undir vandann.“

„Það þarf eitthvað alvarlegt að gerast til þess að kerfið vakni og bregðist við. Eftir það atvik komst fyrst skriður á okkar mál. Þá komumst við í samband við BUGL. Í kjölfarið var ákveðið að hann færi í Brúarskóla, sem er skóli fyrir krakka með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda. Þar verður sérstaklega unnið með reiðistjórnun. Eins hefur verið mikill stuðningur að geta leitað til Sjónarhóls.“

Kristín segist kvíða framtíðinni og óttast hvað taki við þegar Kristófer fer aftur í almennan skóla en Brúarskóli er tímabundið úrræði. „Maður veit ekkert hvað tekur við.“

hanna@frettabladid.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
20% AF ÖLLUM FISKI OG FISKRÉTTUM
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

Kýpurþing hafnar skilmálum Evrópusambandsins fyrir neyðaraðstoð:

## Þingið felldi innistæðuskattinn

**KÝPUR, AP** Frumvarp um skatt á bankainnistæður var fellt í atkvæðagreiðslu á Kýpurþingi síðdegis í gær. Alls voru 36 þingmenn á móti, nítján sátu hjá en enginn studdi frumvarpið.

Þar með hefur þingið hafnað skilmálum Evrópusambandsins, sem krafðist þess að Kýpverjar kæmu með 5,8 milljarða evra framlag á móti tíu milljarða neyðaraðstoð til að bjarga bönkum landsins frá falli.

Hundruð mótmælenda höfðu safnast saman fyrir utan þinghúsið í Nikósíu og fögnuðu ákaft þegar niðurstaðan lá fyrir. Fljótlega fór mannfjöldinn að syngja þjóðsönginn.

Kýpurstjórn þarf nú að finna nýja leið til að útvega mótframlag sitt til að fá neyðaraðstoðina frá ESB. Takist það ekki eiga bankarnir sér varla viðreisnar von og ríkissjóður fer í greiðsluþrot.

Evrópusambandið hafði fallist á þau áform Kýpurstjórnar að innheimta skatt af innistæðum í bönkunum en samkvæmt frumvarpinu, sem borið var undir þingið í gær, átti að hlífa lægstu innistæðunum.

Rússneskir auðjöfrar hafa flykkst þangað með fé sitt og leikur grunur á að margir þeirra notfæri bankana á Kýpur til peningaþvættis. - gb




**MÓTMÆLI FYRIR UTAN ÞINGHÚSIÐ** „Kýpur segir nei“ stendur á mótmælaspjaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# > Öflugri landsbyggð í alfaraleið

Nú í mars urðu þáttaskil í sjóflutningum af landsbyggðinni þegar Samskip hófu siglingar á nýrri leið sem tengir Akureyri, Ísafjörð og Reyðarfjörð beint við markaði í Evrópu.

Við erum stolt af því að geta boðið innlendum og erlendum viðskiptavinum okkar þann hraða, hagkvæmni og sparnað sem hlýst af greiðari leið vörunnar til viðskiptavinarins.

SAMSKIP

Saman náum við árangri

www.samskip.com

ENNEMM / SIA / NM56156

## GENGIÐ
19.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,48 | 126,08 |
| Sterlingspund | 189,58 | 190,5 |
| Evra | 162,22 | 163,12 |
| Dönsk króna | 21,753 | 21,881 |
| Norsk króna | 21,598 | 21,726 |
| Sænsk króna | 19,469 | 19,583 |
| Japanskt jen | 1,3164 | 1,324 |
| SDR | 188,34 | 189,46 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
222,1683

Fjöldi sprengjuárása þegar tíu ár eru liðin frá upphafi Íraksstríðsins:

# Uppreisnarmenn minna á sig

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti 65 manns létu lífið á þriðjudagskvöld af völdum sprengjuárása í Írak, daginn áður en rétt tíu ár voru liðin frá því að innrás Bandaríkjamanna og fylgismanna þeirra hófst.

Þetta urðu þar með mannskæðustu árásirnar í landinu frá því í september, þegar árásir uppreisnarmanna kostuðu 92 lífið.

Töluvert hefur dregið úr ofbeldi í Írak frá því það náði hámarki með innbyrðisátökum sjía og súnnía árin 2006 til 2007. Engu að síður er ástandið enn viðkvæmt og mannskæðar árásir nokkuð algengar.

Loftárásirnar á Írak, undir forystu Bandaríkjamanna, hófust 20. mars árið 2003. Innrásarliðinu tókst fljótlega að steypa stjórn Saddams Hussein af stóli, en harðvítug átök árum saman hafa kostað hátt á annað hundrað þúsund manns lífið.

Nú, áratug síðar, er enn ekki útséð um hvort stöðugt stjórnarfar mun festast í sessi.

Bandaríski herinn fór frá Írak í desember árið 2011. - gb



**SUNDURTÆTT BIFREIÐ** Þarna sprakk ein af bílsprengjunum á þriðjudagskvöld, skammt frá Græna svæðinu í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr framkvæmdastjóri SA:

# Þorsteinn í stað Vilhjálms hjá SA

**ATVINNULÍF** Þorsteinn Víglundsson var í gær ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). Vilhjálmur Egilsson, sem gegndi starfinu áður, er tekinn við sem rektor á Bifröst.

Þorsteinn starfaði áður sem framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi. Í frétt á vef SA segir Þorsteinn að mörg krefjandi verkefni liggi fyrir. Þau kalli á gott samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda, ef vel á að takast við úrlausn þeirra. - þj

Benni dæmdur sekur:

# Sektaður fyrir að skila ekki ársreikningum

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Benedikt Eyjólfsson í Bílabúð Benna til að greiða 750 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að hafa ekki skilað ársreikningum árin 2006 til 2010. Geri hann það ekki innan mánaðar mun hann þurfa að sitja í fangelsi í 34 daga.**



**BENEDIKT EYJÓLFSSON**

**Benedikt lýsti því í viðtali við Fréttablaðið í desember að hann vildi einfaldlega ekki skila ársreikningum enda gætu samkeppnisaðilar þá komist í upplýsingar um rekstur fyrirtækisins. Hann lýsti sama sjónarmiði fyrir dómi en það kom ekki í veg fyrir að hann yrði fundinn sekur.** - sh

## FRAKKLAND

### Ráðherra segir af sér

Jerome Cahuzac, fjárlagaráðherra í ríkisstjórn Frakklands, sagði af sér í gær eftir að hafa flækst í hneykslismál með ásökunum um skattsvik og peningaþvætti.

## LEIÐRÉTTING

Í helgarefni um búsetumöguleika ungs fólks í Fréttablaðinu á laugardag kom ranglega fram að mest væri hægt að fá húsnæðislán fyrir 70% af markaðsvirði íbúðar án þess að taka líka dýrara viðbótarlán. Íbúðalánasjóður lánar fyrir allt að 80% af kaupverði íbúðar.

# Blekktu samfélagið í heild

**Sérstakur saksóknari ákærir sex fyrrverandi starfsmenn Landsbankans fyrir „mjög umfangsmikil“ og „þaulskipulögð“ brot sem varða tuga milljarða markaðsmisnotkun og umboðssvik, sýndarviðskipti og blekkingar.**

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, og fimm öðrum fyrrverandi starfsmönnum bankans fyrir stórfellda markaðsmisnotkun og umboðssvik framin árið 2007 og 2008. Ákæran er sú fyrsta í hrunmáli tengdu Landsbankanum.

Ásamt Sigurjóni er ákæran á hendur Elínu Sigfúsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans, Ívari Guðjónssyni, sem var forstöðumaður eigin fjárfestinga bankans, Steinþóri Gunnarssyni, sem var forstöðumaður verðbréfamiðlunar bankans, og tveimur starfsmönnum eigin fjárfestinga bankans: Júlíusi Steinari Heiðarssyni og Sindra Sveinssyni.

Ákæran er 31 blaðsíða. Hún var gefin út fyrir helgi og birt sakborningunum í gær. Hún hverfist í raun um þrjú mál:

Það fyrsta er kaup deildar eigin viðskipta bankans á bréfum í bankanum sjálfum. Þau námu tugum milljarða frá því í nóvember 2007 og fram að falli bankans í október 2008. Þar eru Sigurjón, Ívar, Júlíus og Sindri ákærðir fyrir markaðsmisnotkun.

„Með háttsemi sinni röskuðu ákærðu þeim forsendum og lögmálum sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði með því að auka seljanleika hlutabréfa í Landsbankanum með ólögmætum hætti,“ segir í ákærunni.

Annað málið er kennt við félagið Ímon, í eigu fjárfestisins Magnúsar Ármanns. Sigurjón og Elín eru ákærð fyrir umboðssvik með því að hafa lánað félaginu rúma fimm milljarða í lok september 2008 til að kaupa bréf í bankanum og Sigurjón, Elín og Steinþór fyrir markaðsmisnotkun með því að kynna kaup Ímons á hlutabréfum í bankanum sem raunveruleg viðskipti, þegar þau hafi í raun ekki verið annað en sýndarviðskipti.

> **Þetta snýr ekki bara að mér heldur að fleiri starfsmönnum og ég veit það að bæði ég og þessir starfsmenn allir, þeir litu ekki svo á að þeir væru að gera nokkuð rangt og ég verð bara að treysta því að dómstólar muni sjá það í því ljósi. Það er það eina sem við sem lendum í þessu getum gert.**
>
> *Sigurjón Þ. Árnason í viðtali við Stöð 2 í þættinum Ísland í dag í gærkvöldi.*

Sams konar markaðsmisnotkun felst svo í síðasta málinu, ef marka má ákæruna. Það snýst um 3,8 milljarða kaup félagsins Azalea Resources Ltd., sem er skráð á Bresku-Jómfrúreyjum, á bréfum í bankanum 3. október 2008. Kaupin áttu að vera fjármögnuð með láni frá bankanum. Azalea Resources Ltd. var í eigu finnsks viðskiptafélaga Björgólfs Thors Björgólfssonar, Ari Salmivuori.

„Brot ákærðu voru mjög umfangsmikil. Þau voru þaulskipulögð, stóðu um langan tíma og vörðuðu gríðarlega háar fjárhæðir,“ segir í ákærunni. „Verðmyndum hlutabréfanna var handstýrt af ákærðu Sigurjóni, Ívari, Júlíusi og Sindra og fjárfestar, kröfuhafar, stjórnvöld og samfélagið í heild blekkt.“

**stigur@frettabladid.is**



**ÁKÆRÐ** Ívar, til vinstri, og Sigurjón, í miðið, sættu gæsluvarðhaldi um skeið vegna rannsóknar sérstaks saksóknara. Ekki var farið fram á varðhald yfir Elínu, til hægri.

## Þrír ákærðir í leyfi hjá Arion banka

Arion banki sendi í gær þrjá starfsmenn sína í leyfi eftir að ljóst varð að þeir væru ákærðir í máli sérstaks saksóknara sem varðar allsherjarmarkaðsmisnotkun í Kaupþingi fyrir hrun. Starfsmennirnir þrír eru:

- Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka og áður Kaupþings
- Birnir Sær Björnsson, starfsmaður í deild eigin viðskipta
- Pétur Kristinn Guðmarsson, starfsmaður í deild eigin viðskipta

Alls eru níu manns ákærðir í málinu, sem Fréttablaðið fjallaði um í gær og snýst um uppkaup eigin viðskipta bankans á bréfum í honum í því skyni að halda uppi verði bréfanna og milljarðalánveitingar til útvalinna félaga, án trygginga, til að kaupa bréfin aftur. Hinir sex eru:

- Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings
- Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþingssamstæðunnar
- Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg
- Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi
- Bjarki H. Diego, fyrrverandi framkvæmdastjóri útlána
- Einar Pálmi Sigmundsson, fyrrverandi starfsmaður eigin viðskipta


Ókeypis skattaaðstoð!

ORATOR



**Fimmtudaginn 21. mars** mun Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, í samstarfi við Deloitte, bjóða upp á aðstoð við gerð skattframtala.

Þetta er lokadagur til að skila framtölum og er aðstoðin ætluð einstaklingum og minni verktökum.

Aðstoðin er ókeypis og verður veitt **frá kl. 15.00-22.00** í Háskóla Íslands (Lögberg).

Allir velkomnir !

Deloitte.


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNAR** Í dag má búast við strekkingi eða allhvössum vindi NV-til en lægir upp úr hádegi að mestu. Hvessir heldur við S-ströndina síðdegis. Á morgun og föstudag eru horfur á fremur hægri norðaustan- og austanátt. Úrkomulítið að mestu, þó stöku él.




**Á morgun**
Strekkingur SA-til, annars hægari.




**Föstudagur**
3-8 m/s víðast hvar.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 2° | Friedrichshafen | 10° | Las Palmas | 22° | New York | 6° | París | 8° |
| Aþena | 19° | Billund | -1° | Gautaborg | -1° | London | 6° | Orlando | 25° | San Francisco | 14° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 16° | Ósló | -4° | Stokkhólmur | -2° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**Audi Q7** 3,0 TDI 240 hö
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 24.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**10.950.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi Q7** 4,2FSI 350hö
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 79.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.790.000,-**



**Audi Allroad** 2,7T Quattro
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 182.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**1.890.000,-**



**Audi A3** Sportback 1,8T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 82.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.890.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.700.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 24.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.190.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 21.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.450.000,-**



**VW Touareg** V10 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 72.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.890.000,-**



**VW Passat** Comfort Eco-fuel. Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 79.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.950.000,-**



**Mitsubishi** ASX 4x4 1,8
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 21.500 km, beinskiptur
Ásett verð:
**4.150.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 92.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.990.000,-**



**Toyota** Land Cruiser VX
Árgerð 2004, dísil
Ekinn 180.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.490.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120
Árgerð 2003, dísil
Ekinn 242.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.690.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**
**lykill.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

Mismunandi verð er á mat og drykkjarvörum í mötuneytum ríkisstofnana:

# Ódýrast að borða í mötuneyti Seðlabanka

**NEYTENDAMÁL** Hádegisverðurinn sem boðið var upp á í mötuneyti Seðlabankans í gær var steiktur fiskur, salatbar, súrmjólk, samlokur og fleira. Verðið sem starfsmenn Seðlabankans greiða fyrir matinn er 400 krónur, hvort sem þeir snæða eingöngu heitan mat, eingöngu af salatbarnum eða svolítið af öllu sem í boði er. Í raun er um aðgangsverð að mötuneytinu í hádeginu að ræða.

Fyrrverandi starfsmönnum Seðlabankans er heimilt að snæða í mötuneytinu og greiða þeir sama verð og núverandi starfsmenn, samkvæmt upplýsingum frá bankanum.

Hádegisverðurinn sem nemendur Austurbæjarskóla snæddu í gær, fiskibuff með kartöflum, lauksmjöri og fersku grænmeti, kostaði forráðamenn þeirra 330 krónur.

Alþingismenn þurftu að greiða meira fyrir matinn í sínu mötuneyti en seðlabankastjóri og aðrir starfsmenn Seðlabankans.

### → Verð á máltíðum í mötuneytum

| | Alþingi | Landspítali | Seðlabanki |
|---|---|---|---|
| Heitur matur | 530 kr./1.000 kr. gestur | 460 kr./1.015 kr. gestur | 400 kr./400kr. gestur* |
| Salat, súpa og brauð | 460 kr./900 kr. gestur | 460 kr./1.015 kr. gestur | |
| Lítil skyrdolla | 150 kr. | 185 kr. | 110 kr. |
| Ávaxtasafi/lítil Trópíferna | 100 kr. | 115 kr. | Ekki selt |
| ½ l gos | 200 kr. | 250 kr. | Ekki selt |
| Rúnnstykki m. áleggi | 200 kr. | 185 kr. | 85 kr. |

*Heitur matur og/eða salatbar

Sumt sem boðið er upp á í mötuneyti Alþingis er þó ódýrara en í mötuneyti Landspítalans, samkvæmt svari forstöðumanns rekstrar- og þjónustusviðs Alþingis við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í ábendingu á vef ASÍ, Vertu á verði, sem er ætlað að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald í verðlagsmálum, kemur fram að starfsmenn Landspítalans þurfi að greiða talsvert meira en þingmenn fyrir litla skyrdollu, gosdrykk og ávaxtasafa. Heit máltíð á Alþingi er hins vegar dýrari en á Landspítalanum.

Rúnnstykki með áleggi kostar 200 krónur á Alþingi, 185 krónur á Landspítalanum en 85 krónur í Seðlabankanum. - ibs












# Vörur verði merktar Inspired by Iceland

Alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki telur að einfalda þurfi stjórnsýslu ferðaþjónustunnar. Setja þurfi skýr þolmörk varðandi fjölda ferðamanna. Vill sameina vörumerki fyrir Íslandskynningu í Inspired by Iceland og merkja jafnvel íslenskar vörur með því.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ísland er með allt of mörg vörumerki í gangi og sýnir erlendum ferðamönnum of mörg andlit í markaðssetningu á sér. Þetta segir breska ráðgjafafyrirtækið PKF sem leggur til að herferðir varðandi ímynd Íslands verði sameinaðar í Inspired by Iceland. Jafnvel verði það notað sem allsherjarnafn yfir íslenskar vörur og þjónustu.

Fyrirtækið hefur unnið skýrslu fyrir Íslandsstofu sem kynnt verður í dag. Þar kemur fram að Ísland eigi fyrst og fremst að leggja áherslu á að vera sjálfbær áfangastaður. Þangað sé hægt að fara allt árið um kring og njóta bæði náttúru og menningar.

Jón Ásbjörnsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, segir þrjú atriði standa upp úr í skýrslunni.

Í fyrsta lagi verði að finna þolmörk lands og þjóðar varðandi fjölda ferðamanna. Þá verði að einfalda markaðssetningu og setja hana jafnvel alla undir hatt Inspired by Iceland. Í þriðja lagi þurfi að einfalda stoðkerfi ferðaþjónustunnar, en í dag komi til að mynda ansi mörg ráðuneyti að því.

Fyrirtækið ráðleggur Íslendingum að leggja meiri áherslu á að ferðamenn eyði meira hér á landi og skilji sem minnst ummerki eftir um veru sína hér, nokkuð sem á ensku er kallað high yield, low impact.

„Ekki endilega að þeir sem komi hingað verði ríkari en áður, heldur að þeim standi til boða þjónusta sem þeir vilja borga fyrir. Við sjáum þetta hjá Bláa lóninu, sem hefur breytt stefnu sinni þannig að nú þarf einnig að greiða fyrir að horfa á. Það er eitthvað í þeim dúr,“ segir Jón.

Fregnir hafa borist nýlega af slæmum áhrifum virkjana á lífríki Lagarfljóts. Telur Jón að slíkar fréttir vinni gegn ímyndinni um sjálfbært land?

„Það þarf að huga að svona löguðu en við mundum halda því fram að við værum býsna sjálfbært samfélag, hvað varðar orkunýtingu og fleira. En þeir segja að við verðum að koma því betur á framfæri, að sýna í daglegum rekstri fyrirtækja að við stöndum undir því.“

kolbeinn@frettabladid.is



**VETRARFERÐIR** Ísland verður æ vinsælli staður fyrir vetrarferðamennsku. Ferðamenn kafa á Þingvöllum í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Þættir sem hafa áhrif á ákvörðun um að sækja Ísland heim:




Bekkjarfélagar í framboði á leið á þing samkvæmt könnunum:

# Láta pólitík eiga sig í skólanum

**FÓLK** „Þetta er mjög óvenjulegt að tveir í svona litlum bekk eigi möguleika á að komast inn á þing hvor fyrir sinn flokkinn,“ segir Karl Garðarsson, laganemi við Háskólann í Reykjavík og frambjóðandi fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavíkurkjördæmi suður. Hann og bekkjarfélagi hans, Vilhjálmur Árnason, sem er í fjórða sæti fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðurkjördæmi, eru báðir á leið inn á þing ef marka má síðustu könnun Capacents. Þeir hafa verið saman í bekk í þrjú ár og útskrifast í vor.

„Það er oft skemmtileg umræða okkar á milli þar sem við sitjum hlið við hlið daglega. Á sama tíma og við vinnum saman að verkefnum erum við samkeppnisaðilar í pólitíkinni,“ segir Karl.

Hann segir þó ekki verið að keppa um hylli bekkjarfélaganna?

„Nei, við erum ekki að slást um atkvæði innan bekkjarins. Þetta verður þó eflaust skemmtileg kosningabarátta,“ segir Karl. - þj



**BRÆÐUR MUNU BERJAST** Karl og Vilhjálmur eru bekkjarbræður í lögfræðinni í HR og í framboði fyrir sinn flokkinn hvor í þingkosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# NÝR AURIS HYBRID
## SKAPAÐUR FYRIR ÞIG




Nýr Auris Hybrid er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitsamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og og tengingu við farsíma opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Hybrid-kerfið tvinnar saman rafmótor og bensínvél sem notar aðeins 3,8 lítra á hundraðið í blönduðum akstri. Sjö loftpúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og skoðaðu nýjan Auris Hybrid sem er eins og skapaður fyrir þig.

**Verð 4.830.000 kr.**

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is. Erum á Facebook - Toyota á Íslandi**

HYBRID

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
AURIS 1.6l bensín var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.

# SPENNANDI KÓSÍ-KRIMMI!




Fimm vistmenn á elliheimili hafa fengið sig fullsadda af nísku og forræðishyggju stjórnenda heimilisins. Þegar þau átta sig á því að föngum er boðið upp á mun betri vist í fangelsum ákveða þau að fremja glæp til að komast á bak við lás og slá. Leið gamlingjanna í fangelsið reynist hins vegar þyrnum stráð.

**Kaffi og rán er spennandi og bráðskemmtilegur kósíkrimmi!**

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK


Vitundarvakning ríkisins um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er hafin:

# Ákall um að útrýma ofbeldi

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við trúum því að hægt sé að byggja upp samfélag virðingar og jafnréttis, þar sem ofbeldi fær ekki þrifist,“ segir í bæklingi sem borinn var út í hús landsmanna í gær um vitundarvakningu ríkisins um kynferðisofbeldi gegn börnum.

Í bæklingnum er ákall til allra fullorðinna landsmanna um að taka þátt í að útrýma kynferðisofbeldi gegn börnum. „Kynferðisofbeldi á sér yfirleitt stað fyrir luktum dyrum. Það getur haft úrslitaáhrif í lífi barns að við sem erum fullorðin tökum eftir og bregðumst rétt við.“

Þau Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skrifa öll undir í bæklingnum, sem ber heitið „Það gæti verið þú sem hjálpar“.

Átakið er hluti af viðbót við nýja aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins og er markmiðið að fræða börn og starfsfólk grunnskóla um eðli og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis og að allir skólar séu í stakk búnir til að bregðast við. - sv




> **Allir fullorðnir landsmenn eru beðnir um að tilkynna ofbeldi gegn barni um leið og grunur vaknar.**

# Segjast knúnir í þrot vegna ólöglegra lána

Unnið er að bótakröfum á hendur bönkum vegna krafna þeirra í bú gjaldþrota fyrirtækja sem byggja á ólögmætum útreikningi gengisbundinna lána. Lögmaður segir lífeyrissjóði og stærri kröfuhafa þurfa að skoða rétt sinn vegna þessa.

**VIÐSKIPTI** Fyrrverandi eigendur fjögurra gjaldþrota fyrirtækja úr ólíkum geirum ætla að leita réttar síns gagnvart Landsbankanum og Arion banka eftir að fyrirtæki þeirra voru knúin í þrot á grundvelli gengisbundinna lána sem síðar voru dæmd ólögleg. Bankarnir tveir hafa ekki leiðrétt kröfur sínar í þrotabú fyrirtækjanna í samræmi við fallna dóma um gengisbundin lán.

Málin eru misstór en stærst er mál sjávarútvegsfyrirtækis með gengisbundið lán upp á 6,9 milljarða króna. Sé lánið reiknað upp í samræmi við fallna dóma Hæstaréttar ætti krafan að hljóða upp á 3 milljarða króna. Næststærst er mál iðnfyrirtækis þar sem banki krafðist 1,2 milljarða króna en endurreiknað lán ætti að hljóða upp á 420 milljónir. Þá var fasteignafyrirtæki knúið í þrot á grundvelli 660 milljóna króna kröfu og vélasala vegna 103 milljóna króna gengisbundins láns.

Í öllum þessum tilvikum telja fyrrverandi eigendur fyrirtækjanna að þau hefðu getað staðið undir leiðréttri skuld.

Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður segir undirbúning bótakrafna mislangt kominn. „Staðan hefur verið mjög erfið fyrir þessa aðila en nú eru sumir að ná vopnum sínum á ný,“ segir hann og telur að sambærileg mál séu mörg. „Ein ástæða þess að þessi mál eru að dúkka aftur upp núna er af því að bankarnir lýsa óleiðréttum kröfum í þrotabú, í stað þess að endurreikna kröfurnar. Þar með eru bankarnir að öllum líkindum að ganga á rétt annarra kröfuhafa enda gera þeir vísvitandi kröfu um meiri greiðslur úr búinu en þeir eiga í raun rétt til.“



**Í MIÐBÆNUM** Bankar halda í fjölda tilvika til streitu kröfum í þrotabú fyrirtækja vegna gengisbundinna lána án þess að laga þær til samræmis við fallna dóma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## SUMIR FÁ LEIÐRÉTTINGU EN AÐRIR EKKI

„Þetta er ein birtingarmynd aðstæðna sem hafa myndast eftir hrun, þar sem jafnræðið bregst. Farið er að skipta máli í hvaða stöðu fyrirtæki eru og hallar á þau sem síst skyldi, fyrirtæki sem lent hafa í erfiðleikum vegna aðstæðna og fá ekki leiðréttingu gengisbundinna lána,“ segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Hann segir að færa megi fyrir því efnisleg rök að skiptastjórum beri að láta á þessi mál reyna. „Ég held að flestir geti verið sammála um að jafnræðinu sé þarna hnekkt því einstaklingar og fyrirtæki hafa fengið leiðréttingar vegna ólögmætra lána og mjög súrt í broti ef þrotabú hrökkva út úr þeirri mynd vegna einhverra formskilyrða.“



Í tilvikum þar sem búið er að gera upp þrotabú og greiða bönkunum óleiðrétt lán telur Páll Rúnar aðra kröfuhafa eiga skaðabótarétt. Mikilvægt sé því að stórir kröfuhafar, svo sem lífeyrissjóðir, skoði rétt sinn gagnvart bönkunum sem kunni að hafa haft meira út úr mörgum gjaldþrotaskiptum en þeir hafi átt rétt á.

„Hafið er yfir allan vafa að þarna eiga margir, hluthafar sem fyrirtæki, bótarétt sem nauðsynlegt er að sækja,“ segir Páll Rúnar. „Þarna hafa frumkvöðlar glatað ævistarfi sínu, starfsmenn atvinnu sinni og samfélagið í heild glatað þeim jákvæðu kröftum sem felast í vel reknum fyrirtækjum.“

olikr@frettabladid.is






Stjórn og stjórnarandstaða:

# Ásakanir um efnavopnaárás

**SÝRLAND, AP** Stjórnarherinn og uppreisnarmenn í Sýrlandi skiptust í gær á ásökunum um efnavopnaárás, sem sögð var hafa átt sér stað í þorpi norðan til í landinu, skammt frá borginni Aleppo.

Bandarískur embættismaður fullyrti að engar vísbendingar væru um að slík árás hefði verið gerð. Kæmi engu að síður í ljós að svo hefði verið, þá væri það í fyrsta sinn sem efnavopnum er beitt í átökunum, sem hófust fyrir tveimur árum og hafa kostað 70 þúsund manns lífið. - gb

**JAPAN**

### Rafmagnið fór í Fukushima

Rafmagn fór af kælikerfi í kjarnorkuverinu í Fukushima, sem eyðilagðist í náttúruhamförunum á síðasta ári. Rafmagnið komst aftur á en atvikið vekur upp áhyggjur af öryggi þarna.



ÚT AÐ HJÓLA
JAMIS MISS DAISY
39.990 KR.
16" BARNAHJÓL ÁN GÍRA MEÐ STÁLSTELLI OG HJÁLPARDEKKJUM.
JAMIS X1
69.990 KR.
26" FJALLAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI, FRAMDEMPARA OG 21 GÍR.
JAMIS XR
59.990 KR.
26" FJALLAHJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.
JAMIS X24
55.990 KR.
24" KRAKKAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.
JAMIS EXPLORER 1
69.990 KR.
26" ÞÆGILEGT ALHLIÐA HJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.
HOT ROD
33.990 KR.
12" BARNAHJÓL ÁN GÍRA MEÐ STÁLSTELLI OG HJÁLPARDEKKJUM.
JAMIS CITIZEN 1
64.990 KR.
28" ÞÆGILEGT DÖMU GÖTUHJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.
JAMIS EXPLORER 2
79.990 KR.
ÞÆGILEGT ALHLIÐA HJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG 21 GÍR. DEMPARI Í SÆTISPÓSTI OG FRAMGAFFLI. EINNIG TIL Í DÖMU.
Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Erfitt að fá viðræður við ESB teknar upp

Verði aðildarviðræðum við Evrópusambandið slitið gæti orðið erfitt að fá viðræðurnar teknar upp aftur síðar. Þetta er skoðun Carls Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar. Hann segir mikilvægi Íslands mikið í tilliti til norðurslóðamála.

**UTANRÍKISMÁL** Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, telur að það gæti orðið erfitt fyrir Íslendinga að fá aðildarviðræður við Evrópusambandið teknar upp að nýju yrði þeim slitið á þessum tímapunkti. Hann segir enga hefð fyrir slíku. Bildt tekur undir þau rök Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra að Ísland gegni mikilvægu hlutverki í tilliti til norðurslóðamála.

„Það hefðbundna er að þegar aðildarviðræður eru teknar upp, þá er þeim lokið – það fæst niðurstaða sem er lögð í dóm fólksins í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er vaninn. Ég held að við höfum engin dæmi um annað. Ég held að það yrði erfitt að halda áfram síðar, því þá gæti verið komin upp sú staða innan ESB að menn spyrðu sig að því hvort Íslendingar viti hvað þeir eru að gera. Ég held að það gæti gerst," segir Bildt.

Bildt er hér á landi í tengslum við opnun nýs rannsóknaseturs Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um norðurslóðir og ráðstefnu um norðurslóðamál. Bildt og Össur, sem opnuðu ráðstefnuna á mánudag, funduðu jafnframt sérstaklega og ræddu meðal annars stöðu aðildarumsóknar Íslands og lýsti Bildt, sem fyrr, einlægum stuðningi við hana.



**KOLLEGAR** Össur og Bildt eru sammála um helstu áherslur í norðurslóðamálum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðherrarnir ræddu framtíð norðurslóða og nauðsyn þess fyrir norðurskautsríkin að vera viðbúin auknum umsvifum þar og auknum áhuga annarra þjóða á því sem þar gerist.

Eins og kunnugt er hefur Össur lagt þunga áherslu á norðurslóðamál í ráðherratíð sinni og telur að Ísland sé þar í lykilhlutverki.

Bildt, sem veitir Norðurskautsráðinu forstöðu, deilir þeirri skoðun að mikilvægi Íslands sé verulegt.

„Fyrir því eru margar ástæður. Lega landsins fyrir það fyrsta. Íslendingar hafa orð á sér fyrir að kunna vel til verka við auðlindastjórnun í hafinu. Það má einnig bæta mikilvægi siglinga við þennan lista og þeirri staðreynd að hér er einn besti flugvöllur á norðurslóðum," segir Bildt.

> **Það hefðbundna er að þegar aðildarviðræður eru teknar upp, þá er þeim lokið – það fæst niðurstaða sem er lögð í dóm fólksins í þjóðaratkvæðagreiðslu.**
> *Carl Bildt*

svavar@frettabladid.is






Extra




# TYGGÐU EXTRA
## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Forsætisráðuneytið
Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðs Íslands
Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna

**Siðareglur í opinberri þjónustu**
**föstudaginn 22. mars 2013, kl. 13-17**
**Hótel Natura, Reykjavík**

**Dagskrá**

13.00 **Opnunarávarp**
Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra

13.10 **Siðferðileg viðmið í opinberri þjónustu, frá reglusetningu til innleiðingar**
Jón Ólafsson, formaður samhæfingarnefndar um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna

14.00 **Heilindi hjá hinu opinbera, starf OECD að siðareglum**
Janos Bertok, Head of Division, Public Governance and territorial Development Directorate, Public Sector Integrity

15.00 Kaffihlé

15.15 Sjónum beint að tilteknum sviðum opinbera geirans
**Ráðningarmál hjá hinu opinbera – hvernig tryggjum við faglegt og gagnsætt ferli?**
Ásta Bjarnadóttir, Capacent
**Samskipti stjórnmálamanna og embættismanna**
Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri forsætisráðuneytinu
**Endurskoðun og siðferði**
Þórir Óskarsson, Ríkisendurskoðun

16.15 **Eftirlit með siðareglum**
Róbert R. Spanó, settur umboðsmaður Alþingis

17.00 Málþinginu lýkur

**Málþingsstjóri:** Halldóra Friðjónsdóttir, sérfræðingur, fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Málþingið er ætlað starfsfólki stjórnsýslunnar og öðru áhugafólki um heilindi í opinberum störfum.

**Þátttökugjald er kr. 2.500.**
**Skráning á:** forsaetisraduneyti.is/verkefni/stjornsysluskoli/skraning


# Krosskonur óhræddar við málaferli Gunnars

**Gunnar Þorsteinsson vill fá tíu milljónir króna og afsökunarbeiðni frá talskonum fimm kvenna sem sökuðu hann um kynferðisbrot árið 2010. Hótar málaferlum ef engin viðbrögð fást í dag. Lögregla felldi niður rannsókn á málum kvennanna 2011.**

**DÓMSMÁL** „Ég er mjög bjartsýn á að við munum hafa betur í þessu máli. Það er enginn ótti hér,“ segir Ásta Knútsdóttir, önnur tveggja talskvenna fimm kvenna sem sökuðu Gunnar Þorsteinsson, kenndan við trúfélagið Krossinn, um kynferðisbrot árið 2010.

Gunnar hefur farið fram á formlega afsökunarbeiðni og samtals tíu milljónir króna frá Ástu og hinni talskonu kvennanna, Sesselju Barðdal, vegna ærumeiðandi ummæla sem birt voru á vefsvæði Pressunnar og höfð voru upp úr bréfi til Gunnars. „Við ræddum við lögmenn okkar og þau eru byrjuð að vinna að svari við þessum kröfum. Við fögnum því að hafa fengið bréfin í hendurnar því nú getum við fylgt málinu eftir alla leið,“ segir Ásta.

Þá fer Gunnar einnig fram á fimm milljónir króna og afsökunarbeiðni frá vefmiðlinum Pressunni, en Björn Ingi Hrafnsson vefstjóri sagði í pistli á síðunni í vikunni að ekki yrði orðið við kröfum Gunnars: „Ég gæti aldrei horft framan í annað fólk ef ég myndi gefast upp nú og afneita frásögnum allra þessara kvenna sem höfðu hugrekki til að stíga fram og segja sögu sína,“ segir hann í pistli sínum.

Þetta gera því alls fimmtán milljónir sem Gunnar vill fá fyrir umfjöllun um mál sem honum tengdust. **sunna@frettabladid.is**



**„NO COMMENT“** Gunnar Þorsteinsson benti á lögmann sinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „No comment. No comment við öllum spurningum,“ sagði hann.

## Úrsögn úr Krossinum verulegt tjón

Gunnar vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið og vísaði á lögmann sinn, Einar Huga Bjarnason. Spurður hvernig upphæðin þrisvar sinnum fimm milljónir króna sé fengin segir Einar að það sé tjónið sem umbjóðandi sinn telji sig hafa orðið fyrir vegna umfjöllunarinnar.

„Það liggur ljóst fyrir að það varð verulegt tjón á fyrstu vikunni þar sem hann neyðist til þess að segja sig úr starfi forstöðumanns Krossins. Þar fyrir utan er allt ófjárhagslegt tjón sem hann varð fyrir,“ segir Einar.

Mikið var fjallað um mál Gunnars í öllum fjölmiðlum en að sögn Einars var mat hans svo að Pressan hefði „gengið lengst í að brjóta á réttindum hans“. Þá segir hann að hvergi komi fram í bréfi lögreglu til Gunnars, þar sem tilkynnt var um niðurfellingu málsins, að meint brot væru fyrnd að lögum. Einungis að ekki hefði verið grundvöllur til að halda rannsókn áfram.

Einar vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið og mun bíða svara, en frestur til þess rennur út klukkan 16 í dag.


ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2013
Silfurbergi, Hörpu
Fimmtudagur 21. mars kl. 14–16

Orka til framtíðar

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn í Hörpu þann 21. mars kl. 14. Þar kynnum við fjárhag og framtíðaráætlanir fyrirtækisins og leggjum mat á hvernig til hefur tekist.





- **Katrín Júlíusdóttir** fjármálaráðherra
  *Ávarp*
- **Bryndís Hlöðversdóttir** stjórnarformaður
  *Ávarp*
- **Hörður Arnarson**, forstjóri Landsvirkjunar
  *Tækifærin í orku framtíðar*
- **Rafnar Lárusson**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
  *Áhersla á lækkun skulda – rekstrarniðurstöður 2012*

Fundarstjóri: Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

**Allir velkomnir**
Skráning á www.landsvirkjun.is

Landsvirkjun




AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ **AEG** SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA




Nýju ofnarnir frá **AEG** búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni.
Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú ***30% stærra*** en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.

BE3003001-M




Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE5303071-M




Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE7314401-M




Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum.
Íslensk notendahandbók.

BP9304151-M




Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi.
Íslensk notendahandbók.

## *Nú er tækifærið til að endurnýja:*

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG**
**OFNUM OG HELLUBORÐUM Í TAKMARKAÐAN TÍMA.**
Nýjar ofnalínur, 30% stærra innra rými en áður, alls 74 lítrar, sama utanmál.
Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum.
Íslensk notendahandbók. Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða.*

* 3,5% LÁNTÖKUGJALD

### AÐ ELDA OG BAKA MEÐ AEG
Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

### FULLKOMIN HÖNNUN
AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

### AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.




OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18
OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

Hvernig tökum við á móti milljón ferðamönnum?

# Aflahrotan

Ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað um nærri 40% undanfarin tvö ár. Haldi fjölgunin áfram með sama hraða verða ferðamennirnir ein milljón eftir önnur tvö ár.

Í vertíðar- og veiðimannahugsunarhætti okkar Íslendinga er rík tilhneiging til að líta á gosið í Eyjafjallajökli, sem vakti athygli á landinu um allan heim, sem fágætan hvalreka og ferðamannaholskefluna sem dásamlega aflahrotu. Enda berast ýmsar fréttir þessa dagana af „gullæði“ í ferðaþjónustu þar sem sem flestir vilja krækja sér í sneið af þessari köku. Eina slíka sagði Fréttablaðið á mánudaginn; að mörg hundruð ólöglegar íbúðir væru nú í útleigu til ferðamanna. Þess eru mörg dæmi að atvinnulausir leigi út íbúðirnar sínar til ferðamanna og gefi tekjurnar ekki upp til skatts.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Vöxtur ferðaþjónustunnar er vissulega heilmikil búbót. En okkur sárvantar heildstæða stefnu um hvernig á að taka á móti milljón ferðamönnum, hvað þá einhverjum hundruðum þúsunda í viðbót.

Margar náttúruperlur eru þegar farnar að láta á sjá vegna ágangs ferðamanna. Fimm hundruð milljónir sem Alþingi hefur veitt til uppbyggingar á ferðamannastöðum eru bara dropi í hafið og duga hvergi til að bæta aðstöðuna fyrir allt þetta fólk. Stjórnvöld virðast ekki ráða við að taka einfalda ákvörðun sem myndi víða leysa úr þessu; að rukka fólk um aðgangseyri. Það myndi bæði tempra ferðamannafjöldann og afla tekna til að gera göngustíga, merkingar, bílastæði, salerni og allt hitt sem vantar. Þetta vefst ekki fyrir einkafyrirtækinu Bláa lóninu; þar verða menn rukkaðir um 6.600 krónur fyrir að fara ofan í og um 1.600 krónur fyrir að fara ekki ofan í. Stjórnmálamenn þora ekki að leggja til að fólk verði rukkað um þúsundkall fyrir að horfa á Geysi.

Samgöngumannvirki geta víða ekki tekið við svona mörgu fólki. Mbl.is sagði í vikunni fréttir af þrengslum og troðningi á Þingvöllum og þjóðgarðsvörðurinn boðar „öngþveiti“ í sumar. Hann fær enga peninga til að bæta aðgengi að þjóðgarðinum. Leifsstöð er sprungin einu sinni enn og undirlögð í framkvæmdum. Á Reykjavíkurflugvelli er engin flugstöð, bara braggalaga hneyksli. Víða úti um land ráða vegirnir ekki við stóraukna umferð langferðabíla. Í því samhengi verða til dæmis Vaðlaheiðargöng enn galnari framkvæmd.

Það er frábært að tekizt hafi að fjölga vetrarferðamönnum og dreifa þannig álaginu á landið og bæta nýtingu á gistiplássi. En þá er bent á að enginn hefur hugsað fyrir því að efla til dæmis lögreglu og björgunarsveitir svo þær anni því að tryggja öryggi ferðamanna sem fara sér að voða að vetrarlagi.

Skipulagsmál eru enn eitt sem þarf að huga að. Hótel og gistiheimili þjóta upp eins og gorkúlur. Viljum við til dæmis að miðborg Reykjavíkur breytist í hótelhverfi?

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamannastjóri sagði réttilega í Fréttablaðinu á mánudag að tala um fjölda ferðamanna ætti ekki að verða eitthvert markmið í ferðaþjónustunni. Það þyrfti að horfa til starfanna í atvinnugreininni, teknanna, álagsins á umhverfið og gæða ferðaþjónustunnar.

Stefnuna sem tryggir þetta allt vantar hins vegar sárlega. Við eigum á hættu að í græðginni við að moka aflahrotunni á land skemmum við það dýrmætasta sem við höfum að selja erlendum ferðamönnum; ímynd lands og þjóðar og hina jákvæðu upplifun af því að heimsækja land þar sem meðal annars móttaka ferðamanna er hugsuð til langs tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þrumað yfir þingheimi

Þuríður Backman kvaddi þingheim í gær, en hún gefur ekki kost á sér á ný til Alþingis. Hún nýtti tækifærið til að segja nokkur orð um starfsandann og líklega er best að gefa henni orðið: „Á þessu kjörtímabili hefur þriðjungur þingmanna verið nýr á þingi. Hann hefur ekki kynnst neinu öðru en því starfsumhverfi sem nú hefur skapast. Mér finnst áhyggjuefni að horfa til næsta kjörtímabils þegar koma nýir þingmenn og læra það sem fyrir þeim er haft. Því hvet ég hæstv. forseta og þingmenn alla að taka saman höndum, ljúka við endurskoðun á þingsköpum, koma hér á siðareglum og vinna þau störf sem við ætluðum okkur og eru þverpólitísk og mikilvæg fyrir okkur, fyrir þingið og þjóðina alla.“



### Allt í óvissu

Heyr, heyr! var hrópað eftir þessa ágjöf Þuríðar. Síðan sneru þingmenn sér að því að ræða um störf þingsins og loks stjórnarskrána. Enn ríkir fullkomin óvissa um það hvenær þingi lýkur og það ræðst aðeins af því hvað flokkarnir eru tilbúnir til að gefa eftir til samninga, hver um sig. Vonandi heyrði þingheimur það sem Þuríður sagði.

### Pissað í skóinn sinn

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, er einn fárra þingmanna stjórnarandstöðunnar sem hefur kallað málgleði hennar undir lok þings málþóf. „Já, já, ég get alveg sagt það,“ sagði hann þegar Sigmar Guðmundsson spurði hann hvort þetta væri ekki málþóf, í Kastljósi á mánudag. Þingmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, gleyma því hins vegar gjarnan að sú staða er ekki óbreytanleg. Stjórnarandstaðan gæti sem best verið í stjórn eftir kosningar og þurft að eiga við núverandi liða í stjórnarandstöðu. Og undirritaður skal éta heila hattaverksmiðju ef þá kveður ekki við nýjan tón hjá báðum fylkingum, ásakendur málþófs verði orðnir verjendur, og öfugt.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Svíþjóð, samkeppnishæfni og fríverslun

EVRÓPUMÁL



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Tvennt stendur upp úr nýafstaðinni Íslandsheimsókn Carls Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar. Í fyrsta lagi sagði Bildt okkur að Svíar væru á einu máli um að aðild þeirra að Evrópusambandinu hefði verið þeim til hagsbóta. Óumdeilt er að aðild hefur styrkt sænskt efnahagslíf. Útflutningshagkerfið Svíþjóð hefur traustan aðgang að Evrópu og öðrum mörkuðum sem ESB hefur samið um og er að semja um fríverslun við, þ. á m. við Bandaríkin. Evrópa snýst um samkeppnishæfni og fríverslun í heimi sem breytist hratt. Þannig tryggjum við velferð og atvinnu.

Auðvitað er velgengni Svíþjóðar ekki einungis ESB að þakka, sagði Bildt. En án aðildar hefði brekkan verið brattari, urðin grýttari. Á fundi í troðfullu Norræna húsinu með Sjálfstæðum Evrópumönnum færði hann sterk rök fyrir því hversu vel evran hentaði Svíum. Sænsk fyrirtæki vilja stöðugleika en ekki gengissveiflur. Skammtímafjármagn sem flætt hefur til Svíþjóðar er skammgóður vermir og getur aukið óstöðugleika með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. „Ísland þekkir það,“ bætti Bildt við, og ekki laust við að örlaði á svörtum húmor. Bildt lýsti hvernig vandræði vissra evruríkja væri agaleysi þeirra sjálfra að kenna, en ekki evrunni. Í öðru lagi rifjaði Bildt upp að í aðildarviðræðum Svía hefði stuðningur við aðild minnkað umtalsvert (fór niður í 26% ef mér ekki skjöplast). Það var fyrst og fremst vegna þess að á þeim tíma var fókusinn á ágreiningsmálunum. Þegar aðildarsamningur lá fyrir lögðu Svíar hins vegar blákalt hagsmunamat á kosti og galla aðildar – og niðurstaðan var meirihluti með aðild.

Bildt hefur síðastliðin sjö ár setið sem utanríkisráðherra í ráðherraráði ESB og sagði Svíþjóð á þeim tíma aldrei hafa orðið undir í ákvörðunum. „Við tölum okkur niður á sameiginlega niðurstöðu. Þannig virkar Evrópusamvinnan.“ Um 73% Svía skilgreina sig nú sem Evrópubúa. Aðeins gamli kommúnistaflokkurinn og nýi hægri öfgaflokkurinn eru æstir á móti Evrópu.

Ég er ekki frá því að Carl Bildt sé minn uppáhalds hægri maður – af þeim fjölmörgu sem koma til greina!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fjárfestingar í fullum gangi

FJÁRMÁL



**Jóhanna Sigurðardóttir**
forsætisráðherra

Mjög er rætt um að auka þurfi þjóðartekjur og hagvöxt og að besta ráðið til þess sé að örva fjárfestingar. En þar er við ramman reip að draga og ytri aðstæður hafa verið okkur mótdrægar. Hagvöxtur er lítill í helstu viðskiptalöndum og sums staðar neikvæður eins og í Bretlandi um þessar mundir.

Sjálf neyðumst við til að beita gjaldeyrishöftum og heimilin í landinu líða fyrir óstöðugleika gjaldmiðilsins. Forystumenn í atvinnulífinu og raunar þjóðin öll skynjar æ betur að á vandanum verður að taka og engum dyrum má loka. Þannig vill nú 61 prósent þeirra sem tóku afstöðu í nýlegri könnun ljúka aðildarviðræðum við ESB.

**Tíu milljarðar á þessu ári**

Ríkisstjórnin getur borið höfuðið hátt í þessum efnum. Margvísleg verkefni og framkvæmdir, sem falla undir fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar, eru nú hafnar eða eru á undirbúningsstigi. Þær eru fjármagnaðar með arði af eignarhlutum ríkisins í bönkunum og veiðigjaldi sem lögleitt var á síðasta ári. Samtals nema fjárfestingar í krafti áætlunar ríkisstjórnarinnar 10,3 milljörðum króna á þessu ári; 4,2 milljarðar króna renna til hennar af veiðigjaldinu en um 6,1 milljarður er arðgreiðslur vegna eignarhluta í bönkunum.

Fjárfestingaráætlunin, sem kynnt var snemma sumars í fyrra, gerði okkur kleift að flýta samgöngubótum en áætlað er að 2,5 milljarðar renni til þeirra á þessu ári. Tilboð verða opnuð innan tíðar í Norðfjarðargöng og ráðgert er að hefja framkvæmdir síðsumars. Einnig verður 640 milljónum króna varið á þessu ári til framkvæmda við Landeyjahöfn og til hönnunar nýs Herjólfs.

Framlag til rannsókna- og tækniþróunarsjóða hefur verið aukið um 1,3 milljarða króna. Ég veit að það mælist hvarvetna vel fyrir enda þurfum við í sífellt meiri mæli að treysta á sérhæfða kunnáttu og tækniþekkingu í atvinnulífinu.

Fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar var frá upphafi ætlað að örva skapandi greinar, auka veg græna hagkerfisins og efla hag ferðaþjónustunnar. Þannig hafa framlög til Kvikmyndasjóðs verið hækkuð um 82 prósent á þessu ári. Framlög til verkefnissjóða lista og skapandi greina hækka um 250 milljónir króna. Hálfum milljarði króna verður varið til uppbyggingar ferðamannastaða. Ekki er óalgengt að annað eins komi frá fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem mótframlag.

Í nafni áætlunarinnar verður stofnaður grænn fjárfestingarsjóður með 500 milljóna króna framlagi. Hann verður vistaður í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og styður þar m.a. starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Þá er ráðgert að verja öðrum 280 milljónum króna á vegum forsætisráðuneytisins til að auka fjölbreytni atvinnulífsins og örva græna hagkerfið.

**→ Fjárfestingaráætlunin, sem kynnt var snemma sumars í fyrra, gerði okkur kleift að flýta samgöngubótum en áætlað er að 2,5 milljarðar renni til þeirra á þessu ári.**

**Menningin skapar verðmæti**

Nýverið var tekin skóflustunga að nýju húsi íslenskra fræða við Háskóla Íslands. Þar verður Árnastofnun til húsa í framtíðinni, handritin okkar dýrmætu og menningardeild Háskóla Íslands. Opinbert framlag til framkvæmdanna er hluti fjárfestingaráætlunarinnar og nemur 800 milljónum króna. Aðrar 600 milljónir króna til verksins koma frá Happdrætti Háskóla Íslands.

Þá hefur samist um leigu á Perlunni undir Náttúruminjasafn Íslands, en 500 milljónum króna verður varið til safnsins á þessu ári af fjármunum fjárfestingaráætlunarinnar.

Margt fleira mætti nefna, eins og framkvæmdir við fjölsótta ferðamannastaði sem miða að vernd friðlýstra svæða. Það er líka ánægjulegt og viðeigandi nú í „Hönnunarmars“ að jafnframt auknum framlögum til verkefnissjóða lista og skapandi greina hafa verið stofnaðir nýir sjóðir eins og Hönnunarsjóður og Handverkssjóður.

Allt sem hér er nefnt snertir verkefni sem hafin eru eða eru í undirbúningi. Ríkisstjórnin hefur því ótrauð stuðlað að fjárfestingum og tekist að fjármagna þær með arði af eignum og auðlindum þjóðarinnar.

## AF NETINU

### Ber fórnarlambið sök?

Þegar ég les um það í blöðunum að einhverjir karlar úti í hinum stóra heimi hafi komist að þeirri niðurstöðu að kona sem varð fórnarlamb hópnauðgunar hafi átt þar sjálf einhvern hluta að máli þá setur mann hljóðan. Fórnarlambið ber ábyrgð á nauðguninni sjálft. Hvernig þá? Var konan í of stuttu pilsi? Var hún með bera handleggi? Sást í naflann á henni? Var hún kannski í „ögrandi klæðnaði“? Hvernig getur yfirvaldinu (oftast miðaldra körlum) lögreglu, dómurum eða öðrum fundist það vera sök konunnar að henni sé nauðgað?

Í niðurlagi fréttarinnar kom í ljós að konan hafði tjaldað á röngum stað. Það væri þá sök stúlkunnar sem var nauðgað á Þjóðhátíð í Eyjum að hún tjaldaði á röngum stað. Eða það yrði sagt við hana: „Þér var andskotans nær að fara á þessa Þjóðhátíð?“

Þetta er hluti af óttavæðingunni. Hvernig getur fórnarlamb hópnauðgunar borið minnstu sök á því að vera nauðgað? Hvernig getur nokkur einasti maður látið sér slíkt um munn fara?

**http://blog.pressan.is**

*Valgeir Skagfjörð*


**Barnakór við Tjörnina!**

**Viltu vera með?**

**Nýr barnakór hefur starfsemi sína í Fríkirkjunni í Reykjavík.**

Allir ungir og áhugasamir söngfuglar eru velkomnir og hvattir til að mæta. Æft er á fimmtudögum frá klukkan 16:15-17:15.

Nánari upplýsingar gefur Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri í síma 849-8660 og skrifstofa Fríkirkjunnar í síma 552-7270.



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK






**RÍFLEGA HRINGINN Á EINUM TANKI!**

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

Renault Megane sló í gegn á síðasta ári. Þú getur keyrt ríflega 1.700 kílómetra á einum tanki á þessum framúrskarandi sparneytna bíl og $CO_2$ útblástur er einungis frá 90 g/km. Kynntu þér verð og ríkulegan búnað Renault Megane, við tökum vel á móti þér.

**RENAULT MEGANE III**

**EYÐSLA FRÁ 3,5 L/100* KM DÍSIL**

**VERÐ: 3.350.000 BEINSKIPTUR** VERÐ: 3.650.000 SJÁLFSKIPTUR

RENAULT

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**Bílahúsið** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 421 8808

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

# Nei við þjóðaratkvæðagreiðslu um Vatnsmýrarflugvöll

SKIPULAGSMÁL



Gunnar H. Gunnarsson
verkfræðingur



Örn Sigurðsson
arkitekt

Marteinn M. Guðgeirsson (MMG) skrifar grein í Fréttablaðið 28. febrúar sl. þar sem hann mælir með því að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Vatnsmýrinni eða ekki.

Aðalrök MMG fyrir þessu eru skýrsla KPMG sem sjö sveitarfélög á landsbyggðinni létu gera fyrir sig. Þessi skýrsla sýnir óhagræði og kostnað fyrir þá dreifbýlinga sem nota innanlandsflugið ef miðstöð þess yrði flutt til Keflavíkur.

Í skýrslu KPMG er ekki nefnt að hver einasti flugmiði í innanlandsflugi, sem einungis 9% Íslendinga nýta sér einhvern tíma á þriggja ára tímabili, er niðurgreiddur af ríkinu um 5.500 kr. vegna rekstrar innanlandsflugvalla og um 17.500 kr. vegna ógreiddrar lóðaleigu af landi ríkis og borgar undir Vatnsmýrarflugvelli.

Ekki er þess heldur getið, sem þó er vitað úr opinberri skýrslu ParX fyrir Sturlu Böðvarsson frá 2007, að það er bullandi þjóðhagslega arðsamt að flytja þessa miðstöð úr Vatnsmýri, annaðhvort á Hólmsheiði eða til Keflavíkurflugvallar. Og ekki að furða.

Fyrrnefnt óhagræði verður hverfandi ef þá nokkuð ef títtnefnd miðstöð verður flutt á Hólmsheiði. En þá spyrja sumir: „Er ekki svo óhagstætt veður uppi á Hólmsheiði?“ Svarið er að sjálfsögðu nei sbr. m.a. yfirlýsingu dr. Haralds Ólafssonar frá 2008 (sjá m.a. mbl.is) þess efnis að lendandi sé 96-98% úr árinu á Hólmsheiði en vitað er að flugrekendur telja 95% fullnægjandi.

Enn er spurt: „En kostnaðurinn fyrir ríkið við nýjan Hólmsheiðarflugvöll?“ Svarið er að kostnaðurinn við hann er á við eitt stk. Vaðlaheiðargöng, sem munu væntanlega aldrei standa undir sér. Verðmæti ríkislóðanna í Vatnsmýri er margfalt meira. Auk þess á Reykjavíkurborg afganginn af lóðunum og þær eru tvöfalt verðmætari en ríkislóðirnar.

**➜ Það vekur furðu að MMG, sem býr í Grafarvogi, skuli láta sér detta í hug að ætlast til að ríkið reyni að taka skipulagsvaldið af sveitarfélaginu Reykjavík.**

### Stjórnlaus útþensla

Þann 6. júlí 1946, þegar Vatnsmýrarflugvöllur var festur í sessi á nákvæmlega þeim stað þar sem framtíðarmiðborg vaxandi höfuðborgar átti að rísa, urðu til vísar að nýju þéttbýli þar sem fram að því var ekkert nema Reykjavík og Hafnarfjörður, þ.e.a.s. vísar að Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ. Þá hófst stjórnlaus útþensla byggðar á höfuðborgarsvæðinu, ein af helstu þjóðarmeinsemdum Íslendinga, sem enn sér ekki fyrir endann á.

Þétting byggðar er eitt helsta verkefni borga heims um þessar mundir í örvæntingarfullri baráttu við orsakir og afleiðingar hlýnunar jarðar. Því borgirnar, þar sem nú býr röskur helmingur mannkyns, eru helsti orsakavaldur útblásturs gróðurhúsalofttegunda, ekki síst frá umferð.

Höfuðborgarsvæðið íslenska þekur nú meira en 150 ferkílómetra, ámóta svæði og París og Manhattan samanlagt. Vandinn, orsakavaldurinn og sívaxandi eyðingarmáttur hans blasa við öllum sem ekki eru andlega staurblindir. Óhætt er að fullyrða að velflestar borgir heims, sem nærri allar eru mun þéttbýlli en íslenska höfuðborgin, séu uppteknar við enn meiri þéttingu. En hér er ekki verið að gera neitt. Þvert á móti reka ríkisvaldið og fjórflokkurinn hatramma baráttu gegn almannahag á þessu sviði með öflugum stuðningi skrautlegs hóps flugvallarsinna, sem margir hafa einkahagsmuni að verja.

Þrátt fyrir jarðhita og fremur hreina raforku er íslenska höfuðborgarsvæðið í hópi alverstu umhverfissóða heims miðað við íbúatölu með 14 íbúa á hvern hektara, meira en 700 bíla á hverja 1.000 íbúa og enga möguleika á nothæfum almannasamgöngum fyrr en byggð þéttist á ný. Og það er einmitt ekki mögulegt að hefja þá þéttingu fyrr en orsakavaldurinn er fjarlægður úr Vatnsmýri og reist þar miðborgin sem átti að rísa á 6. og 7. áratug 20. aldar.

### Bílaborg

Bílaborgin af völdum Vatnsmýrarflugvallar leiðir til mikillar mengunar, umferðarslysa, heilsuvanda, tímasóunar og óhagkvæmni í rekstri heimila, fyrirtækja og stofnana. Þétting byggðar er lausnarorðið.

Það vekur furðu að MMG, sem býr í Grafarvogi, skuli láta sér detta í hug að ætlast til að ríkið reyni að taka skipulagsvaldið af sveitarfélaginu Reykjavík. Það er að sjálfsögðu ómetanlegur og óskoraður réttur hvers sveitarfélags að skipuleggja allt land innan sinnar lögsögu. Það sér hver maður að það myndi enda illa fyrir sveitarfélögin almennt á Íslandi ef fordæmi skapaðist fyrir slíku inngripi ríkisvaldsins.

Flestir Íslendingar eru skv. skoðanakönnunum hlynntir auknu beinu lýðræði, en það verður ávallt að vera á réttum forsendum. Þessi umbeðna þjóðaratkvæðagreiðsla, ef af yrði, kæmi miklu óorði á þjóðaratkvæðagreiðslur og myndi þar af leiðandi vinna gegn því að þær yrðu algengari.

Að lokum er rétt að leiðrétta þann misskilning að rúmlega 37% þátttaka í flugvallarkosningunni 2001 sé lítil. Þetta er ekki lítil þátttaka, hvorki í alþjóðlegum samanburði né heldur í íslenskum þegar tekið er tillit til þess að forysta stærsta flokksins í Reykjavík, Sjálfstæðisflokksins, skoraði á sína stuðningsmenn að mæta ekki á kjörstað.




MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is
tudorwatch.com



MARKAÐURINN
Miðvikudagur 20. mars 2013 | 6. tölublað | 9. árgangur
Sími: 512 5000 | Vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




# RÍKIÐ MEÐ TVÖ AF HVERJUM ÞREMUR LÁNUM TIL EINSTAKLINGA

- **Samantekt Markaðarins sýnir að útlán í íslenska kerfinu nema 5.191 milljarði króna.**
- **Ríkisstofnanir og Landsbankinn lána 64 prósent allra lána á smásölumarkaði.**
- **Erlendir aðilar lána um fimmtung allra lána til íslenskra fyrirtækja.**

## Sængurkóngur hjólar í Ikea

Lars Larsen, stofnandi dönsku Jysk-verslanakeðjunnar, sem er fyrirmynd Rúmfatalagersins hér á landi, hefur fest kaup á 80 prósenta hlut í félaginu IDdesign, sem rekur keðjurnar Idemøbler og Ilva. Larsen, sem er næstríkasti maður Danmerkur og oft kallaður sængurkóngurinn, segir í viðtali við Børsen að hann sé með þessu tilbúinn til að bjóða risanum Ikea birginn í Danmörku.

„Þeir sitja nú að um þriðjungi danska húsgagnamarkaðarins og ég vil gjarna hjálpa til við að koma í veg fyrir að við endum eins og Svíþjóð þar sem markaðshlutdeildin er 60 til 70 prósent," segir Larsen. „Slíkt er ekki mögulegt í litlum einingum og því munum við leggja krafta okkar saman til að veita þeim verðuga samkeppni."

- þj

## Sex af hverjum tíu lánum til íbúðakaupa óverðtryggð

Sex af hverjum tíu nýjum íbúðalánum sem íslensk fjármálafyrirtæki veittu á síðasta ári voru óverðtryggð. Hlutfall óverðtryggðra lána dróst lítillega saman á milli ára.
Þetta kemur fram í skriflegu svari Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar alþingismanns sem birt var í gær.

Alls höfðu íslensk heimili tekið 1.659 milljarða króna að láni í lok síðasta árs, eða um 97 prósent af landsframleiðslu. Þar af voru íbúðarlán um 1.135 milljarðar króna. Einungis mjög lítill hluti þeirra er óverðtryggður, eða um 7,8 prósent. Tæplega 92 prósent íbúðalánanna eru verðtryggð og afar lítill hluti, undir einu prósenti, er gengistryggður.

Þegar skoðuð eru nýveitt íbúðarlán kemur hins vegar í ljós að á síðustu tveimur árum hafa Íslendingar mun frekar tekið óverðtryggð lán en verðtryggð. Það er í algjörri andstöðu við árin 2009-2010 þegar verðtryggð lán voru ráðandi á markaðnum.

- þsj

SharePoint
lausnir Advania
- betri árangur í þínum rekstri

Er hár kostnaður og flækjustig við að innleiða og tengja saman ólíkar tæknilausnir að hindra fyrirtækið þitt og starfsfólk í að ná hámarksárangri?
easy lausnir Advania byggja á Microsoft SharePoint og má innleiða þær sem eina heild eða hverja fyrir sig. Lausnirnar taka á ýmsum mikilvægum þáttum eins og innri netum, tengiliðaskráningu, gæðamálum ásamt skjala- og málastjórnun. Kynntu þér málið á www.advania.is/sharepoint
advania
Welcome to IT
Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Innlend kortavelta og tékkar




Myndin sýnir mánaðarlega korta- og tékkaveltu innanlands frá 1998 á verðlagi hvers mánaðar samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands. Heildarvelta tékka hefur farið jafnt og þétt lækkandi frá 1998 en bæði debet- og kreditkortavelta hefur aukist að sama skapi. Lengst af tímabilinu hefur velta í debetkortum verið hærri en í kreditkortum. Frá hruni 2008 hefur kreditkortavelta hins vegar aukist meira en debetkortaveltan og er nú svo komið að mánaðarleg kortavelta í debet- og kreditkortum er orðin álíka mikil í milljörðum króna mánaðarlega.

### Hlutfallslegur vöxtur debet- og kreditkorta frá 1998




Sé vöxtur debet- og kreditkortaveltu borinn saman sést að aukningin í kreditkortaveltu hefur verið meiri frá 1998. Við bankahrunið 2008 dróst kreditkortavelta saman á sama tíma og debetkortavelta jókst. Frá þeim tíma hefur hins vegar kreditkortavelta aukist meira en debetkortavelta eins og sést á myndinni. Topparnir í mánaðarlegri debetkortaveltu eru í desember hvert ár en í janúar í kreditkortaveltu.

### Fjöldi virkra korta innanlands




Frá 2007 hefur meðalfjöldi virkra debet- og kreditkorta í umferð verið nokkuð jafn eða 232,2 þúsund debetkort og 232,5 þúsund kreditkort. Sé litið til síðustu ára hefur virkum kreditkortum fjölgað hvað mest í desembermánuði en fækkað aftur þegar komið er fram í mars. Debetkortum hefur á hinn bóginn fjölgað mest yfir sumartímann, mest í ágústmánuði.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 20. mars**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir apríl 2013
- Verðmæti sjávarafla jan. til des. 2012
- Vaxtaákvörðunardagur SÍ

**Fimmtudagur 21. mars**
- Ársfundur Seðlabanka Íslands

**Föstudagur 22. mars**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í febrúar 2013
- Greiðslujöfnunarvísitala í apríl 2013
- Vísitala kaupmáttar launa í febrúar 2013
- Mánaðarleg launavísitala í febrúar 2013
- Útboð ríkisbréfa

**Þriðjudagur 26. mars**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í febrúar
- Nýskráningar og gjaldþrot í febrúar 2013
- Vísitala neysluverðs í mars 2013

**Miðvikudagur 27. mars**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa
- Vinnumarkaðsrannsókn febrúar 2013
- Vísitala framleiðsluverðs í febrúar 2013

**Miðvikudagur 3. apríl**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf.

**Fimmtudagur 4. apríl**
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í febrúar 2013
- Vöruskipti við útlönd jan.-feb. 2013

**Föstudagur 5. apríl**
- Vöruskipti við útlönd mars 2013 bráðabirgðatölur
- Útboð ríkisbréfa

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# VÍS, TM og Sjóvá öll á leið í Kauphöllina

***Tryggingafélögin VÍS og TM verða bæði skráð á hlutabréfamarkað á næstunni. Meirihluti hlutafjár VÍS verður boðinn út og ríflega þriðjungshluti í TM. Sjóvá stefnir einnig að skráningu en óvíst er hvenær.***

**TRYGGINGAMARKAÐUR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Vátryggingamarkaðurinn á Íslandi tekur breytingum á næstunni þegar TM og VÍS, tvö af þremur stóru tryggingafélögunum, verða skráð í Kauphöllina. Hið þriðja, Sjóvá, stefnir að því sama án þess að sett hafi verið tímasetning á skráninguna.

Það er VÍS sem ríður á vaðið en félagið hefur þegar auglýst útboð á að minnsta kosti 60% af hlutafé félagsins sem fara á fram í apríl. Félagið er sem stendur alfarið í eigu Klakka ehf., áður Exista. Klakki hefur lýst yfir að markmiðið með útboðinu sé að stuðla að dreifðu eignarhaldi á VÍS en ekki standur til að selja einstökum fjárfesti virkan eignarhlut í VÍS.

Þá stefnir TM einnig að því að ganga frá skráningu á markað í vor. Fram kom á aðalfundi félagsins í síðustu viku að undirbúningur væri á lokastigi en ríflega þriðjungshlutur Stoða hf., sem áður hét FL Group, í félaginu verður seldur í almennu hlutafjárútboði.

Stoðir eru sem stendur stærsti einstaki eigandi TM. Áður var TM



HERMANN BJÖRNSSON

alfarið í eigu Stoða en félagið seldi í fyrra um 60% hlut til lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta. Verðið í þeim viðskiptum benti til þess að TM væri metið á 11,2 milljarða. Þá seldu Stoðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) um 5% hlut fyrir skömmu.

Síðasta stóra tryggingafélagið, Sjóvá, ljóstraði því upp á aðalfundi í fyrra að stefnt væri að skráningu félagsins á markað. Síðan hefur lítið heyrst um áformin en Hermann Björnsson forstjóri segir skráningu enn á dagskrá.

„Það stendur enn til að skrá Sjóvá á markað. Það er skýr vilji stjórnar og eigenda að stefna að skráningu en það er ekki búið að taka lokaákvörðun um tímasetningu,“ segir Hermann og bætir við að enn liggi ekki fyrir hve stór hlutur í félaginu verði seldur né hvaðan sé hlutur muni koma.

Sjóvá er að stærstum hluta í eigu SF1 slhf. sem keypti á árunum 2011 og 2012 73% eignarhlut Eignasafns Seðlabanka Íslands í Sjóvá. Eignarhlutinn mátti rekja til 11,6 milljarða fjárframlags ríkisins til Sjóvár árið 2009.

Stærstu eigendur SF1 eru Gildi lífeyrissjóður, SVN eignarhaldsfélag sem er í eigu Síldarvinnslunnar og fagfjárfestasjóðurinn SÍA I undir stjórn Stefnis.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62688 02/2013




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# NÝTT FRÁ PHILIPS




## HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

### Einfallt en glæsilegt tæki fyrir þá sem vilja framúrskarandi myndgæði

**Philips 42HFL7406D**
- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf
- Smart TV með nettengingu. Hægt er að fara á netið og margt fleira

SmartTV

ambi light · 400 Hz Perfect Motion Rate · Full HD LED

**VERÐ**
**179.995**
FRÁBÆRT VERÐ




## EINSTÖK MYNDGÆÐI OG GLÆSILEG RAMMALAUS HÖNNUN

3D · SmartTV · ambi light

**Philips 42PFL6907T**
42" 3D Smart LED Full HD 1080p TV með Pixel PreciseHD og Dual Core örgjörva. Ambilight Spectra 2 baklýsing. 600Hz Perfect Motion Rate. Easy 3D. 2D-3D breytir. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV netvafri, þráðlaust í gegnum Wi-Fi. Skype möguleiki. 3 x USB, 4x HDMI App fyrir iPhone og Android síma og spjaldtölvur.

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 269.995




**Philips 32HFL5573D**
32" Smart LED með Full HD Pixel Plus HD, 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænum DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakara. 3x USB, HDMI, Ethernet, Optical út, VGA & CI rauf, EasyLink o.fl.

**VERÐ**
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 22HFL3232D**
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari (MPEG4). 6w RMS Incredible Surrou

**VERÐ**
**49.995**
FRÁBÆRT VERÐ




Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**SLITASTJÓRN** Eignir þrotabús Landsbankans jukust um 170 milljarða króna í fyrra. Halldór H. Backman og Herdís Hallmarsdóttir sitja bæði í slitastjórn bankans.

Eignir gamla Landsbankans hækka mikið á milli ára:

# Almennir kröfuhafar fá 225 milljarða

Þrotabú Landsbankans reiknar með að geta greitt 225 milljarða króna til almennra kröfuhafa sinna. Alls nema eignir búsins 1.543 milljörðum króna og forgangskröfur, að mestu hin svokallaða Icesave-skuld, eru 1.318 milljarðar króna. Áætlaðar endurheimtur búsins jukust um 170 milljarða króna í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri samantekt á fjárhagsstöðu þrotabús Landsbankans, sem nú heitir LBI hf., en hún birt var fyrir helgi.

Búið hefur nú þegar greitt út 661 milljarð króna til forgangskröfuhafa í þremur greiðslum. Sú síðasta var innt af hendi í október 2012. Eftir á að greiða forgangskröfuhöfum, sem meðal annars eru tryggingasjóðir innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi, 657 milljarða króna, eða rétt tæpan helming.

Eignir þrotabúsins jukust samtals um 170 milljarða króna í fyrra. Stærstu breyturnar í þeirri þróun voru meðal annars salan á eignarhlut þess í bresku verslunarkeðjunni Iceland Foods, hækkun á kröfu á þrotabú Glitnis um 24 milljarða króna, sala á stórum hlut búsins í Eimskipi og salan á Aurum Holdings í Bretlandi.

Rekstrarkostnaður þrotabús Landsbankans lækkaði um átta prósent á milli ára og var 5,5 milljarðar króna í fyrra. Þar af voru greiddir 1,8 milljarðar króna í laun og fríðindi starfsmanna, sem var 14 prósentum lægra en árið áður. Vert er að taka fram að skilanefndir föllnu bankanna voru lagðar niður í lok árs 2011 og því var enginn kostnaður vegna þeirra í fyrra.

- þsj



**SÍHÆKKANDI SKULD** Ríkissjóður hætti viðbótargreiðslum í B-deildina eftir hrun og veltir nú vandanum á undan sér. Haukur Hafsteinsson er framkvæmdastjóri LSR.

Áfallin lífeyrisskuld orðin 436 milljarðar króna:

# Lífeyrisskuldbindingar hins opinbera jukust

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hins opinbera jukust um tæpa 20 milljarða króna í fyrra og voru 436 milljarðar króna um síðustu áramót. Þær hafa samtals aukist um 168 milljarða króna frá því í árslok 2007. Þetta kemur fram í bráðabirgðauppgjöri fjármála hins opinbera, en undir þann hatt falla ríkissjóður og sveitarfélög landsins.

Um er að ræða að mestu halla B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), sem var aflögð árið 1997. Þeir sem borguðu í hana gátu þó haldið því áfram. Lífeyrisþegar B-deildar fá eftirlaunagreiðslur óháð innborguðum iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Með öðrum orðum er lífeyrir þeirra með ríkisábyrgð.

LSR hefur ekki birt uppgjör fyrir síðasta ár. Fréttablaðið greindi hins vegar frá því í ágúst 2012 að óuppgerð áfallin tryggingafræðileg skuld deildarinnar í lok árs 2011 hefði verið 461 milljarður króna. Stærstur hluti hennar lendir á hinu opinbera og sá hluti hækkaði um tæpa 20 milljarða króna í fyrra. Ef byrjað hefði verið að greiða skuldina um mitt síðasta ár hefðu opinberir aðilar þurft að greiða um átta milljarða króna á ári. Þær greiðslur hefðu síðan toppað árið 2024, þegar þær yrðu um átján milljarðar króna á ári, en þær myndu síðan lækka jafnt og þétt eftir það.

Ríkissjóður hóf að greiða inn viðbótargreiðslur í B-deildina á árinu 1999 til að mæta þessum framtíðarskuldbindingum. Út árið 2008 nam samtala þeirra greiðslna 75 milljörðum króna umfram lagaskyldu. Eftir hrun var ákveðið að hætta þessum viðbótargreiðslum. Með því veltu menn vandanum á undan sér.

- þsj



**HÚS VERSLUNARINNAR** Ekki verða stofnuð ný samtök á grunni Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins að svo stöddu þrátt fyrir viðræður í þá átt í fyrra.

# SA og Viðskiptaráð ekki í eina sæng

***Viðræður um stofnun nýrra atvinnurekendasamtaka á grunni þeirra eldri runnu út í sandinn fyrir áramót.***

**ATVINNULÍFIÐ**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Viðræður um nánara samstarf Samtaka atvinnulífsins (SA), Viðskiptaráðs og annarra samtaka atvinnurekenda runnu út í sandinn skömmu fyrir áramót. Lauk viðræðunum án niðurstöðu en ekki er útilokað að þær verði hafnar að nýju síðar á þessu ári.



**GRÍMUR SÆMUNDSEN**

„Það fóru fram viðræður á síðasta ári um þá hugmynd að stofna ný atvinnurekendasamtök á grunni þeirra eldri. Hins vegar var ákveðið að láta gott heita í bili en svo verður þráðurinn kannski tekinn upp síðar sjái menn fyrir sér að það geti verið árangursríkt,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, sem var annar fulltrúa SA í viðræðuhóp vegna málsins.

Fréttablaðið greindi frá því í maí í fyrra að þreifingar hefðu átt sér stað milli hagsmunasamtaka íslensks atvinnulífs um að taka upp nánara samstarf en tíðkast hefur og ná fram hagræðingu í rekstri hinna margvíslegu samtaka sem fyrirtæki í landinu greiða félagsgjöld í.

Fyrst um sinn tóku öll sjö aðildarfélög SA, Viðskiptaráð, Félag atvinnurekenda, Bílgreinasambandið og Kaupmannasamtök Íslands þátt í óformlegum viðræðum um nánara samstarf. Í haust hófust svo formlegar viðræður milli SA og Viðskiptaráðs um að búa til ný samtök á grunni þeirra eldri.

Í formlegum viðræðuhópi vegna þessa, sem var kallaður VÍSA-hópurinn, áttu sæti tveir stjórnarmenn í SA; Grímur Sæmundsen og Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka, og tveir stjórnarmenn í Viðskiptaráði; Katrín Olga Jóhannesdóttir, starfandi stjórnarmaður Já, og Eggert B. Guðmundsson, forstjóri N1. Þá tók Margrét Guðmundsdóttir, þáverandi formaður Félags atvinnurekenda, þátt í viðræðunum um tíma.

Grímur segir að þótt þátttakendur hafi orðið sammála um að gera hlé á frekari viðræðum séu margir enn áhugasamir um breytingar á atvinnurekendasamtökunum. „Það eru margir áhugasamir um þetta en svo eru auðvitað aðrir sem eru íhaldssamari og sjá ekki endilega kosti þess að stofna ný samtök,“ segir Grímur og bætir við: „Það hafa hins vegar orðið miklar samfélagsbreytingar í landinu á þeim fimmtán árum sem eru liðin frá því að SA var stofnað og markmiðið er að samtökin endurspegli samfélagið,“ segir Grímur. „Okkur þótti líka styrkja þennan málflutning úttekt sem við létum gera á því hvað er verið að setja mikla fjármuni í rekstur atvinnulífssamtaka á Íslandi árlega. Reyndust það vera ríflega 100 milljónir á mánuði. Ég tel því klárlega sóknarfæri til hagræðingar og betri nýtingar fjármuna.“

**1.300 MILLJÓNIR**
er kostnaður fyrirtækja í landinu við rekstur hinna ýmsu hagsmunasamtaka atvinnurekenda.

Áherslur hjá nýjum forstöðumanni MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík:

# Kynjasjónarmið og sjálfbærni

MBA-námið í Háskólanum í Reykjavík (HR) er einstakt í sinni röð þar sem koma saman kennarar frá mörgum bestu viðskiptaháskólum heims. Þetta segir Kristján Vigfússon, nýráðinn forstöðumaður MBA-námsins í HR, í samtali við Markaðinn. Nemendur kynnist nýjustu stefnum í alþjóðlegu viðskiptalífi.

„Við erum annars vegar með jafnt kynjahlutfall í nemendahópnum, en víðast hvar annars staðar eru 70% nemenda karlar. Svo erum við eini skólinn á Íslandi með svokallaða AMBA-vottun, en af rúmlega sex þúsund MBA-prógrömmum í heiminum eru aðeins 194 skólar með þessa vottun.“

Kristján bætir því við að HR vinni einnig markvisst að því að fjölga konum í kennaraliðinu. Hann segir HR hafa staðið fyrir MBA-námi í tólf ár, en áherslan sé þó enn á framtíðina.

„Við teljum okkur vera með sterkan pakka og höfum verið að efla okkar íslensku kennara mikið. Það sem við horfum til núna er að fá fleiri erlenda stúdenta til okkar. Það sem við erum helst að horfa til er að einbeita okkur frekar að sérhæfingu sem snýr að sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð.“ Því tengt segir Kristján að stefnt sé að því að fá til liðs við námið fyrirtæki tengd sjávarútvegi, ferðamannaiðnaði og orkugeiranum. „En það sem drífur okkur áfram er að það er gaman í þessu námi og við erum sífellt að reyna að bæta okkur frá ári til árs,“ segir Kristján að lokum.

- þj



**EINSTAKT NÁM** Kristján Vigfússon tók við starfi forstöðumanns MBA-námsins í HR í síðasta mánuði. Hann segir sérstöðu námsins vera margvíslega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**FRÍTT FERÐA-APP**
**Ferðasíðan fodors.com býður eigendum iPad og snjallsíma frítt smáforrit (app) fyrir nokkrar helstu borgir heims. Þar kemur fram það helsta sem er að gerast í þeim borgum: út að borða, næturlífið, best að versla og svo framvegis.**




## Hugsaðu vel um fæturna

Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „ Annapolis“ Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi. Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-

Misty skór
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18
Opið laugardaga 10-14

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse – amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

## Dúnmjúkur draumur



100% dúnsæng
Aðeins 100% náttúruleg efni, dúnn & bómull
Stærð 140x200
790 gr dúnfylling
Ofnæmisprófaður dúnn
Fermingartilboð
24.990 kr
áður 33.490 kr

Fermingartilboð
www.lindesign.is
Sendum frítt

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is


# ÁRLEG SKÍÐAFERÐ

**SKÍÐAÐ Á AKUREYRI** *Kolbrún Birna Árdal lögfræðingur hefur frá því að hún man eftir sér farið til Akureyrar á skíði um páskana ásamt foreldrum sínum og systkinum. Þar hafa börnin í fjölskyldunni lært að skíða.*

Mamma og pabbi hafa verið aðalsprauturnar í þessu og öll börnin í fjölskyldunni hafa lært á skíði hjá pabba á Akureyri. Fyrst við systurnar og svo barnabörnin sjö,“ segir Kolbrún sem ávallt er kölluð Kolla.

Kolla ólst því upp við það að skíðaiðkun væri fjölskyldusport sem allir gætu stundað, bæði ungir sem aldnir. „Í gegnum árin hefur fjölskyldan farið í fleiri skíðaferðir en sólarlandaferðir. Við höfum farið til Austurríkis, Bandaríkjanna og víðar en Akureyri er svona fasti punkturinn.“

Spurð hvort allir hafi alltaf farið með segir Kolla það hafa verið misjafnt. „Við erum þrjár systurnar og stundum komast ekki allir. Svo þegar börnin hafa elst hafa þau stundum verið í prófum eða ekki viljað koma með.“

Kolla hefur ekki stundað skíðamennsku af neinu kappi í gegnum tíðina en ferðin til Akureyrar heldur henni við efnið. „Það er orðið frekar langt síðan ég stundaði skíði nema í þessum ferðum, en þetta er svolítið eins og að hjóla. Maður bara stígur á skíðin og þetta er þarna.“

Fjölskyldan hefur oftast gist í stéttarfélagsíbúðum á Akureyri. „Við höfum bæði verið í íbúðum inni í bæ og í litlum bústöðum í Kjarnaskógi. Þetta er mjög notalegt. Við eldum saman, förum í sund, lítum við í Jólahúsinu og fáum okkur ís í Brynju. Eins hefur komið fyrir að við höfum farið í leikhús.“

Ferðin er því sannkölluð fjölskylduferð og breytir engu þótt veðrið sé slæmt og brekkurnar í Hlíðarfjalli lokaðar. „Þá njótum við bara samverunnar. Það er heilmikið að gera í kringum Akureyri og mikið af söfnum að líta á. Pabbi er líka mikill göngugarpur og dregur fólk með sér.“

Kolla ætlar að taka með sér snjóþotu fyrir dóttur sína, Hafdísi Jennýju, sem er nýorðin eins árs. „Pabbi hennar þarf að vinna um páskana og kemst því miður ekki með. Hafdís Jenný ætlar að renna sér á snjóþotu og í framtíðinni mun hún vonandi læra á skíði hjá afa sínum.“

■ vidir@365.is



**EINS OG AÐ HJÓLA** „Þetta er eins og að hjóla. Maður stígur bara á skíðin og þetta er þarna,“ segir Kolbrún Birna um skíðaiðkun sína en hún ætlar á skíði í Hlíðarfjalli um páskana. MYND/GVA


HÖFUÐVERKUR - TANNVERKUR - TÍÐAVERKUR - MÍGRENI - HITI

NÝTT **Hraðvirkt bólgueyðandi verkjalyf**



ibuxin rapid
ibuprofen

fæst án lyfseðils í apótekum

LYFIS Traust í lyfjum

ratiopharm

**Notkunarsvið:** ibuxin rapid inniheldur ibuprofen sem er lyf sem dregur úr verkjum og hita (flokkur: bólgueyðandi gigtarlyf sem ekki er steri). **ibuxin rapid er notað við** vægum til miðlungi miklum verkjum, svo sem höfuðverk, tannverk, tíðaverk, bráðum mígrenihöfuðverk, hita og verkjum vegna kvefs. **Ekki má nota ibuxin rapid:** Ef þú ert með ofnæmi fyrir ibuprofeni eða einhverju öðru innihaldsefni ibuxin rapid. Ef þú hefur fundið fyrir mæði, astma, nefrennsli, þrota eða ofsakláða eftir notkun acetylsalicylsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja sem ekki eru sterar (NSAID). Ef þú ert með óútskýrða blóðmyndunartruflun. Ef þú ert með eða hefur haft endurtekin sár (ætisár) eða blæðingu í maga/skeifugörn. Ef þú hefur fengið blæðingu eða rof í meltingarvegi við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Ef þú ert með blæðingu í heilaæðum eða aðra virka blæðingu. Ef þú ert með alvarlega skerðingu á lifrar- eða nýrnastarfsemi. Á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Ef þú ert með kransæðasjúkdóm eða alvarlega hjartabilun. Ef þú þjáist af verulegri ofþornun. **Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun ibuxin rapid:** Ef þú ert með arfgengan blóðmyndunarsjúkdóm (bráða porfýríu með hléum). Ef þú ert með ákveðna sjálfsnæmissjúkdóma (rauða úlfa og blandaðan bandvefssjúkdóm). Ef þú ert með sjúkdóma í meltingarfærum eða langvinna bólgusjúkdóma í þörmum (sáraristilbólgu, Crohn´s sjúkdóm). Ef þú ert með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi. Ef þú þjáist af ofþornun. Ef þú ert með eða hefur haft háþrýsting eða hjartabilun. Ef þú ert með ofnæmi (t.d. húðviðbrögð við öðrum lyfjum, astma, ofnæmiskvef), langvarandi þrota í slímhúðum eða langvarandi teppusjúkdóm í öndunarfærum. Ef þú ert með storkutruflun í blóði. Strax eftir stórar skurðaðgerðir. **Meðganga og brjóstagjöf:** Þú mátt aðeins nota ibuxin rapid á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu eftir að hafa ráðfært þig við lækninn. Ekki má nota ibuxin rapid síðustu 3 mánuði meðgöngu. Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að gera hlé á brjóstagjöf við skammtíma notkun í ráðlögðum skömmtum. **Algengustu aukaverkanir:** Sár, rof eða blæðing í meltingarvegi, stundum lífshættuleg, einkum hjá öldruðum, geta komið fram. Ógleði, uppköst, niðurgangur, vindgangur, hægðatregða, meltingartruflanir, kviðverkur, sortusaur, blóðuppköst, sáramunnbólga, versnun ristilbólgu og Crohn´s sjúkdóms hafa komið fram. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar yfir 40 kg: 200 mg – 400 mg skammtar, að hámarki 1.200 mg á sólarhring. Börn og unglingar: Hámarksskammtur af ibuprofeni á dag er 30 mg á hvert kg líkamsþyngdar, skipt niður í 3 til 4 staka skammta. 20-29 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 600 mg á sólarhring. 30-39 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 800 mg á sólarhring. Ekki skulu líða minna en 6 klst. á milli skammta. **ibuxin rapid skal aðeins nota hjá börnum sem eru a.m.k. 20 kg að þyngd. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli sem fylgir lyfinu.** Júlí 2012.

ALLT FYRIR SUMARFRÍIÐ OG FERMINGARNAR.
50% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



**FJÖLSKYLDUSPORT** Veiði er tilvalið áhugamál fyrir alla fjölskylduna að sögn Ingimundar Bergssonar. MYND/VEIÐIKORTIÐ

# Á FERÐ MEÐ VEIÐISTÖNGINA

Veiðimenn landsins eru þessa dagana að búa sig undir veiðisumarið. Fyrstu vötn og ár hérlendis opna 1. apríl og því ekki seinna vænna að þrífa stangirnar, hnýta flugur og athuga hvort vöðlurnar leki. Ingimundur Bergsson hjá Veiðikortinu segir mikla stemningu einkenna mars- og aprílmánuð hjá veiðimönnum, sérstaklega þegar Vífilsstaðavatn og Meðalfellsvatn opna. „Flest vötn eru enn undir ís á þessum árstíma nema hér á suðvesturhorni landsins. Því er mikið fjör við vötnin og margir veiðimenn nota þennan tíma til að koma sér í gang fyrir sumarið.“

Veiði er að sögn Ingimundar tilvalið áhugamál fyrir alla fjölskylduna. „Það geta allir veitt og það þarf ekki að kosta mikla fjármuni að prófa sig áfram í veiðinni. Svokallaðar bensínstöðvarstangir henta flestum til að byrja með og hlýr fatnaður, sérstaklega í vor og snemma sumars. Það er líka tilvalið að taka veiðidótið með í sumarfríið innanlands því ár og vötn eru um allt land. Mörg veiðileyfi kosta lítið og ef Veiðikortið er með í för hafa korthafar aðgang að 35 vötnum víðs vegar um landið. Eftir því sem laxaleyfin hafa hækkað í verði undanfarin ár eru fleiri farnir að snúa sér að vatnaveiði og silungsveiði í ám.“

Veiði í vötnum er nokkuð stöðug milli ára að sögn Ingimundar en sveiflukenndari í ám. „Urriði og bleikja eru algengustu fiskarnir í vötnum hérlendis. Urriðinn er sérstaklega gráðugur á vorin og fyrri part sumars, sérstaklega stærri fiskurinn. Þá er gaman að veiða hann og upplagður tími fyrir byrjendur að reyna við hann.“



# SKANDALAR Í NEW YORK

Ef þú vilt upplifa skandalsögur af fræga fólkinu þegar þú heimsækir New York er rétt að taka fyrirsagna-rútuna – „Headline tour! The New York Post bus“. Rútan ekur um fræga staði í New York sem hafa verið í fréttum og ferðamenn verða meðal annars upplýstir um hneykslismál sem upp hafa komið er varða fræga fólkið.

Venjulega aka ferðamannarútur að hinu fræga Plaza-hóteli við Central Park þar sem kvikmyndin Home Alone 2 var tekin upp og brúðkaupsveisla Michaels Douglas og Catherinu Zeta-Jones var haldin. Þessi rúta fer þangað einnig en það er vegna þess að þetta er hótelið þar sem leikarinn Charlie Sheen hneykslaði menn með dópi og drykkju og komst í heimsfréttirnar. Hann var þá að leika í hinum vinsælu þáttum Two and a half men.

Ekið er um þekkta staði í New York og þeir tengdir fræga fólkinu. Leiðsögumaður er með í ferðinni, sem tekur tvo og hálfan tíma, og lýsir fréttunum og stöðunum á áhrifamikinn hátt. Ferðin hefst á Sjöunda stræti og West 57 Street og ekur rútan um helstu staði í borginni; Soho, Greenwich Village og neðri hluta Manhattan. Miðinn kostar 49 dali og hægt að skoða betur á síðunni metrosightseeingny.com. Ferðin er ekki sögð heppileg fyrir þá hneykslunargjörnu.






**FRÁBÆRT VERÐ** Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr. MYND/GVA

# LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

*Texasborgarar kynna*

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaise-sósa. Nánar á texasborgarar.is, og á Facebook.



## Á KEILI Í 38 ÁR

**AFMÆLISGANGA ÚTIVISTAR VERÐUR Á SUNNUDAG**

**Ferðafélagið Útivist var stofnað 23. mars 1975 og verður því 38 ára á laugardaginn kemur. Fyrsta ferð Útivistar var farin daginn eftir stofnun félagsins þegar sjötíu manns gengu á Keili á Reykjanesi. Allar götur síðan hefur verið farin árleg afmælisferð á Keili og svo verður einnig sunnudaginn 24. mars.**

**Keilir er 280 metra hár. Farið verður frá Höskuldarvöllum yfir hraunið að fjallinu. Vegalengd er átta kílómetrar og hækkun 200 metrar. Göngutími er áætlaður fjórar klukkustundir. Brottför verður frá BSÍ klukkan 9.30.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

# VEISLUMATUR

MIÐVIKUDAGUR 20. MARS 2013

**Kynningarblað** Eldunartæki, borðbúnaður, hátíðarmatur, meðlæti og eftirréttir.





# Lambahryggur er góður um páska

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir, matreiðslukennari í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, var að ljúka við gerð þriggja rétta hádegisverðar með nemendum sínum þegar hringt var í hana.

Við erum ekki beint að leggja áherslu á páskamatseðil þar sem allir eru að fara í páskafrí. En matseðillinn okkar í dag er vel gjaldgengur um páska. Hann samanstendur af franskri lauksúpu í forrétt, hunangsgljáðum grísalundum í aðalrétt og súkkulaðimús í eftirrétt,“ útskýrir kennarinn.

Þegar Hrafnhildur var spurð um sinn eigin páskamat segist hún ekki vera með einhverjar hefðir. „Ég er á móti því að vera alltaf með einn og sama rétt um páska eða jól,“ svarar hún. „Mér finnst lambið reyndar alltaf mjög gott og hér á Héraði er ekki eins mikið úrval kjötvara og í bænum. Ég hef alltaf lambakjöt einhvern tíma um páskana og þá helst hrygg en hann er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég hef hann gjarnan á aðfangadag líka. Það er hægt að elda hann á margan hátt en oftast er hann bestur á gamaldags hátt, gufusteiktur í ofni eins og mamma gerði. Stundum úrbeina ég hann og fylli með kryddjurtum eða ávöxtum.“

Hrafnhildur segist elda heilan hrygg á 170°C til 180°C hita í tæpa tvo tíma. Hún kryddar einungis með salti og pipar og leggur lauk ofan á hann. „Það gerir gott bragð,“ segir hún. Einnig má nota blóðberg sem passar vel með íslensku lambakjöti. „Ég sker alltaf í pöruna en þó ekki ofan í kjötið. Ég sýð kartöflur og steiki þær síðan á pönnu með smjöri og steinselju og hef með lambinu. Síðan finnst mér alltaf tilheyra að hafa marsipantertu í eftirrétt,“ segir Hrafnhildur og bætir við að með tilkomu netsins sé svo einfalt að finna uppskriftir. „Einu sinni safnaði maður uppskriftum og matreiðslubókum en nú er hægt að finna þetta allt á netinu.“

Hinn hefðbundni sunnudagshádegismatur er liðin tíð og svo er einnig um páska. „Það var alltaf lambalæri eða hryggur í hádeginu á sunnudegi og síðan borðaði fólk afganginn í sósu um kvöldið. Nú hefur fólk matinn þegar það hentar, hvort sem það er á laugardagseða sunnudagskvöldum,“ segir Hrafnhildur, sem er alin upp í Keflavík en hefur búið fyrir austan í sex ár. Hún segir alltaf töluverða aðsókn í Hússtjórnarskólann. Sumir nota námið sem undirbúning fyrir frekara matreiðslunám í MK en aðrir eru að búa sig undir störf á hótelum eða í matvælaiðnaði. „Síðan er námið líka góður grunnur fyrir lífið sjálft.“ Stúlkur eru í meirihluta nemenda.

Í fyrsta skiptið ætlar Hrafnhildur að vera að heiman á páskum en hún er á leið til Dyflinnar á Írlandi. „Ég slepp við að elda í þetta sinn,“ segir hún. „Það er ferð frá Akureyri sem hentar vel fyrir okkur hér á þessum hluta landsins.“



Lambahrygg er hægt að elda á margvíslegan hátt en hann er afar góður veislumatur.



Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir, hússtjórnarkennari á Hallormsstað, er hér til hægri ásamt einum nemanda sínum í Hússtjórnarskólanum.

# Þjónustar veitinga- og matvælaiðnaðinn

Vöruúrval BAKO ÍSBERGS er mjög breitt og frá mörgum framleiðendum. Fyrirtækið þjónustar stóreldhús og ýmis önnur fyrirtæki í matvælageiranum. Reynsla starfsmanna skiptir miklu máli en starfsmenn fyrirtækisins hafa áralanga reynslu.

BAKO ÍSBERG er þjónustufyrirtæki sem byggir á áratuga gömlum grunni. Fyrirtækið einblínir á þjónustu við veitingahús, hótel, bakarí, mötuneyti og matvælaiðnað og selur fjölbreytt úrval af gæðavörum. Guðmundur Kr. Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir stóran hluta af starfsemi fyrirtækisins snúa að ráðgjöf við hönnuði, matreiðslumenn, veitingamenn, bakara og aðra fagmenn sem starfa í matvælageiranum. „Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir stóreldhús. Allt frá minnstu áhöldum yfir í stærstu tæki og vélar fyrir bakara og matreiðslumenn, vinnufatnað, innréttingar, borðbúnað og fleiri vörur.“ Starfsfólk BAKO ÍSBERGS hefur að sögn Guðmundar hannað og sett upp hundruð eldhúsa og veitingarýma á undanförnum 26 árum þannig að reynsla starfsmanna er gríðarlega mikil. „Spennandi nýjung hjá BAKO ÍSBERG er að bjóða hin geysivönduðu eldhústæki frá Sub-Zero og Wolf en þar fer saman afkastageta, gæði og afl iðnaðartækja með útlit og hönnun heimilistækja. Við erum um þessar mundir að afhenda fyrstu eldhúsin. Þetta er mjög spennandi vettvangur fyrir okkur.“

## Breitt vöruúrval

Að sögn Guðmundar er vöruúrvalið hjá BAKO ÍSBERG mjög breitt og frá mörgum framleiðendum. „Við bjóðum upp á mikið úrval af postulíni frá þekktum framleiðendum svo sem Villeroy&Boch, Steelite og Figgjo. Einnig erum við með vönduð hnífapör frá WMF og Pintinox sem og mikið úrval af glervöru.“

Guðmundur nefnir einnig RATIONAL-gufusteikingarofna sem sé eitt sterkasta vörumerki fyrirtækisins. „RATIONAL eru mest seldu gufusteikingarofnar í heiminum og einnig á Íslandi. Segja má að þeir fremstu í veislumatnum séu með slíka ofna, til dæmis Bláa lónið, RadissonBlu Hótel Saga, Hilton, Hótel Geysir, Grand Hótel, Munnharpan og fleiri staðir. Það er gaman að segja frá því að nýverið var 1.800 manna árshátíð haldin og Guðmundur matreiðslumeistari á Laugaási notaði RATIONALofna í veislunni og gekk vel.“ Af öðrum vörumerkjum nefnir Guðmundur Winterhalter-uppþvottavélar, Electrolux-eldhústæki, Blanco-stálvörur, Alto Shaamhægsteikingarofna, Viessmannkæli- og frystiklefa, Jöni-veltipotta, veltipönnur og eldavélar og Northmace-vörur fyrir hótelherbergið.

Viðskiptavinir fyrirtækisins koma úr ýmsum áttum. „Opinberar stofnanir eru mjög fyrirferðarmiklar enda er BAKO ÍSBERG aðili að rammasamningum um raftæki og borðbúnað. Einnig má nefna sveitarfélögin en SICO-felliborðin okkar með áföstum stólum má finna í flestum grunnskólum landsins sem börnin nota þegar þau matast. Veitingaaðilar eru einnig fjölmargir og spanna allan markaðinn eins og skyndibitastaði, veitingahús, hótel, gistiheimili, bakarí, stórmarkaði, mötuneyti og aðra fjölmarga smáa og stóra aðila.“

## Stolt af þjónustunni

Helstu verkefni BAKO ÍSBERGS síðasta ár voru nýr veitingastaður í vöruhúsi Bauhaus, Keiluhöllin Egilshöllinni, nýr veitingastaður við Hótel Geysi, Hótel Marína og Natura svo nokkur séu nefnd.

„Þjónustudeildin okkar er vel mönnuð. Við erum með rafiðnfræðing og löggiltan rafvirkjameistara ásamt faglærðum rafvirkjum er sækja reglulega námskeið hjá framleiðendum sem við höfum umboð fyrir. Við hjá BAKO ÍSBERG horfum björtum augum til framtíðarinnar og þeirra miklu tækifæra sem bjóðast. Við finnum fyrir töluverðri aukningu hjá þeim hópi viðskiptavina okkar sem tengist ferðamannaþjónustunni og markaðurinn fjárfestir nú hiklaust í vandaðri búnaði en í hruninu og þá koma vörurnar okkar sterkt inn. Við erum ákaflega stolt af vöruúrvalinu og það er mjög aðgengilegt fyrir viðskiptavini okkar í sýningarsal fyrirtækisins að KlettháIsi 13. Með ráðgjöf, tækjabúnaði, áhöldum og borðbúnaði leggjum við fyrirtækjum er framleiða veislumat lið.“

Allar nánari upplýsingar um vörur BAKO ÍSBERGS má finna á www.bako.is.



Starfsfólk BAKO ÍSBERGS býr yfir mikilli reynslu. Guðmundur Kr. Jónsson framkvæmdastjóri er lengst til hægri. MYND/GVA




BAKO ÍSBERG er með glæsilegan sýningarsal að KlettháIsi 13 í Reykjavík. MYND/GVA

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,s. 512-5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

ÍSFUGL



Holda®
KALKÚNN
kalkunn.is

grafika.is / Guðrún Anna 2013

# Taktu því létt

## Borðaðu íslenskt kalkúnakjöt



*Kalkúnabringur frá Ísfugli eru fitusnauðar, ljúffengar og léttar í maga. Þær fást í hæfilega stórum einingum ýmist ferskar, kryddaðar eða fylltar með góðgæti.*

*Bringurnar eru góður valkostur við veisluhöld ásamt heilsteiktum fugli sem einnig er vinsæll matur þegar fólk kemur saman.*

*Taktu því létt.*
*Hafðu íslenskt kalkúnakjöt þegar þú vilt gera vel við þig og þína.*

*Kalkúnn*

***Íslensk framleiðsla***

*Ljúffeng máltíð og létt í maga*

# Hunangsgljáð kalkúnabringa með sesamfræjum

Kalkúnabringur passa vel á páskaborðið. Hér er uppskrift frá **Ísfugli** sem svíkur engan.

1 kg kalkúnabringa
2 msk. smjör
1 tsk. salt
Nýmalaður pipar
2 dl hvítvín
1 dl kjúklingasoð (vatn+teningar)
2 msk. sesamfræ

**Hunangsglassúr:**
½ dl fljótandi hunang
½ dl sojasósa
1 hvítlauksrif

**Appelsínusósa:**
2 skalotlaukar
1 msk. smjör
2 dl vökvi (soð+hvítvín)
1 tsk. hakkaður chilipipar
Safi úr tveimur appelsínum (2dl)
2 dl sýrður rjómi
Smávegis rifinn appelsínubörkur
½ tsk. salt
Nýmalaður pipar

**Aðferðin**

Kryddið kalkúnabringuna og steikið á báðum hliðum í smjöri. Leggið því næst í eldfast mót.

Hellið víni og soði yfir og steikið í ofni við 150°C í 50-60 mínútur, eða þar til kjarnhiti er 72°C.

Takið bringuna úr soðinu. Hrærið saman það sem á að fara í glassúrinn og penslið bringuna vel með honum. Hækkið ofnhitann upp í 225°C og bakið hana áfram í 5-10 mínútur. Dreifið sesamfræjum yfir bringuna þegar hún er tekin úr ofninum og látið hana hvíla í 15 mínútur áður en hún er skorin niður.

Hakkið laukinn smátt og steikið í smjöri. Bætið chilipipar, hvítvíni og soði og appelsínusafa saman við. Látið malla í 10 mínútur. Bætið þá sýrðum rjóma saman við. Að lokum er appelsínubörkur settur saman við og bragðbætt með salti og pipar. Skerið bringuna í fallegar sneiðar og berið fram með kartöflum, salati og appelsínusósu.



## EINFALT TIRAMISU

**fyrir 6**



Þessi eftirréttur er tilvalinn fyrir þá sem vilja njóta bragðsins af tiramisu en hafa ekki tíma til að útbúa þennan klassíska rétt frá grunni.

50 g dökkt súkkulaði (50-70%)
100 g sykur
1 tsk. vanilludropar
220 g rjómaostur, mjúkur
230 ml rjómi
230 ml espressokaffi (eða annað sterkt kaffi)
60 ml koníak
Frosin sandkaka sem er þídd og skorin í ílanga bita

Blandið saman sykri og vanillu. Bætið við osti smátt og smátt þangað til blandan er jöfn. Þeytið rjómann og blandið varlega saman við ostablönduna. Geymið. Blandið saman kaffinu og koníakinu. Dýfið kökubitunum í vökvann, en ekki of lengi. Raðið kökubitunum í form. Breiðið ostablöndunni yfir kökubitana. Rífið súkkulaðið og stráið yfir réttinn. Kælið í um tvo tíma áður en rétturinn er borinn fram.

## FRÍSKANDI MEÐLÆTI

**Ofnbakað rótargrænmeti** passar einstaklega vel með páskalambinu. Hér er afar frískandi uppskrift og ekki spilla páskaliturnir í henni fyrir.

4 bökunarkartöflur
1 meðalstór sæt kartafla
3-4 gulrætur
½ rófa (má sleppa)
1 laukur
1-2 sítrónur
Ólífuolía
Rósmarín
1-2 hvítlauksrif (söxuð)
Salt
Pipar

Skerið kartöflurnar og grænmetið í hæfilega bita. Setjið í poka ásamt hvítlauk, kryddi og ólífuolíu og veltið innihaldinu til og frá svo kryddið dreifist jafnt. Hellið í eldfast mót. Skerið laukinn og sítrónurnar í báta og dreifið yfir mótið. Bakið við 220 gráður í 40 til 50 mínútur. Sítrónubátarnir gefa frískandi bragð. Börkurinn verður sætur og mjúkur og er gott að borða hann með steikinni.



## SÆTAR PÁSKASMÁKÖKUR

**Smákökubakstur þarf** ekki að einskorðast við jólin. Páskar eru líka kristileg hátíð með tilheyrandi frídögum og kærkominni samveru meðal ástvina. Því er upplagt að gleðja sína nánustu með egglaga páskasmákökum. Hægt er að nota eftirlætisuppskriftina að hnoðuðu deigi og stinga út í egglaga kökur sem síðan má skreyta sem fegurstu páskaegg með marglitum glassúr. Sannkölluð heimilisprýði og slær örugglega í gegn hjá börnunum.



Mömmukökudeig er tilvalið í páskasmákökur með glassúr:

125 g smjör
250 g síróp
500 g hveiti
2 tsk. matarsódi
1 tsk. engifer
125 g sykur
1 egg

Hitið sykur, síróp og smjör í potti og kælið. Hrærið eggi saman við. Blandið svo þurrefnum saman við og hnoðið. Látið deig standa í ísskáp en fletjið svo út og stingið út egglaga kökur. Bakið gullinbrúnt við 200°C.

**Glassúr**
2 eggjahvítur
3 bollar flórsykur
Kökulitarefni eftir smekk

Setjið eggjahvítur í skál og hrærið með gaffli. Blandið flórsykri smám saman við, þar til hæfilega þykkt. Glassúr á að vera gljáandi og viðráðanlegur að vinna með. Skiptið í litlar skálar og litið eftir smekk með sprautupokum eða tannstöngli.




Ertu beittur
í eldhúsinu?

Fastus býður uppá hágæða japanska hnífa og önnur eldhúsáhöld sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðaðu úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.

FASTUS

FASTUS_E_11.12.12

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is • Verslun opin mán-fös 8.30 -18.00

Standveiðibátur m/öllu. Fylgir: Ehf. Kt. og tvær rúllur. Verð 3.490 þús. Uppl. í s. 618 3074 og 840 3011.

## Bílaþjónusta



Vel búnir og öflugir bílkranar og vörubílar í hvers kyns hífingarvinnu og flutninga. DS-LAUSNIR ehf 561-8373.

25% Afsláttur af öllum bíllyklum í mars
Neyðarþjónustan
S: 510 8888
Skútuvogur 11

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupum bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**JAPANSKAR VÉLAR DALSHRAUN 26, 220.**
Erum að rífa m.a. parjero ,03, outlander ,04, L-200 ,02-'07, sorento ,08, sporage ,06, picanto ,06, swift ,04-'10, vitara ,98-'05, kyron ,07, avensis ,04, xtrail ,08. Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is japvel@carparts.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

GARÐLIST 554 1989

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

**SKATTFRAMTÖL EINSTAKLINGA Á AÐEINS 3000.-KR.**
Gaius bókhaldsþjónusta, s 892 5784.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Húsaviðgerðir
www.husco.is
Sími 555-1947 Gsm 894-0217

Getum bætt við okkur verkefnum, parketlagnir, uppsetningar, þök og klæðningar. Móta uppslátt. Smiðsafl. S. 693 8773.

## ferðaþjónusta

**Meðeigandi / fjárfestir**
Ferðaþjónusta úti á landi óskar eftir að komast í samband við áhugasama sem meðeigenda eða fjárfestingu í huga.
Hafið samband: jonjonsson992@gmail.com

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

## Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

Klassískt slökunarnudd rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

TYLÖ for the senses
Mikið úrval af Sauna og gufuofnum
Veitum góða þjónustu við val á nýjum saunaklefum. Viðgerðaþjónusta
Áratuga reynsla af sölu TYLÖ á Íslandi
VATNSVIRKINN
Smiðjuvegi 11, 200 Kóp. S. 510-1400
www.vatnsvirkinn.is

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

Til sölu seðla og myntsafn, mikið gamalt frá 1900-1985 uppl. í S. 777 8745.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,
220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )
Upplýsingar í síma 661 7000.

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



2 yndislegir Yorkshire Terrier rakkar til sölu í goti frá 21.des. Bólusettir, örm. með ættbók Hrfí. Uppl. í S. 690 2661.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 10-15 fm. herbergi m/tengi fyrir heimasíma. Geiðslugeta 30-40 þús. á mánuði. sími. 778 7680

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 27110038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

eld HÚSIÐ

**STÖRF Í FRAMLEIÐSLUELDHÚSI**
**Framleiðslustarfskraftur - undirbúningur rétta og pökkun:**

- Aðstoð í eldhúsi
- Með reynslu af eldhússtörfum
- Getur unnið sjálfstætt
- Nákvæm vinnubrögð
- Íslensku/enskukunnátta kostur
- Hröð vinnubrögð

**Uppvaskari:**
- Með reynslu
- Hröð vinnubrögð
- Getur gengið í önnur störf
- Hefur umsjón með uppvaski og almennum þrifum á húsnæðinu og hjálpar til við lokaþrif eldhússins.

**Nánari uppl. veitir Sigurrós Pálsdóttir Deildarstjóri framleiðslueldhúss Kaupáss Gsm: 822-7012, netfang: sigurros@kaupas.is**

LOFTIÐ

**KOKTEILBARÞJÓNN ÓSKAST.**
Áreiðanlegur, líflegur og metnaðarfullur.

Um er að ræða fullt starf og/eða hlutastarf. Reynsla eða réttindi nauðsynleg.
**Umsóknir sendist á birgir@me.com**

## fasteignir




**Nesbali 50** 170 Seltjarnarnesi
miðvikudagur 20. mars
**frá kl. 17.00-18.00**

Fallegt tæplega 200 fermetra einbýlishús á frábærum útsýnisstað innst í botnlanga á þessum eftirsótta stað á seltjarnarnesi.
Einstök staðsetning.

Þröstur Þórhallsson Lögg. fasteignasali tekur á móti gestum.



Nánari upplýsingar veitir
**Þröstur Þórhallsson**
löggiltur fasteignasali
**sími:** 897 0634
throstur@miklaborg.is

Verð: **85 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Helmingaskipti ríkis og einkabanka

*Stóru viðskiptabankarnir þrír eru með tæplega helmingsmarkaðshlutdeild á útlánamarkaði. Ef Landsbankinn, að mestu í eigu ríkisins, er talin sem ríkisstofnun er markaðshlutdeild ríkisins tæplega 40 prósent. Hún hækkar í 64 prósent þegar horft er einvörðungu á lán til einstaklinga. Heildarútlán nema þrefaldri landsframleiðslu.*

**FRÉTTASKÝRING/FJÁRMÁLAKERFI**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki eru samtals með tæplega helmingsmarkaðshlutdeild á útlánamarkaði. Ríkisstofnanir, lífeyrissjóðir og erlend fjármálafyrirtæki skipta með sér afganginum. Hlutur erlendra aðila, ef skuldir Actavis og Bakkavarar eru ekki taldar með, er tæplega fimmtungur. Þetta kemur fram í tölum um heildarútlán í íslenska bankakerfinu sem teknar hafa verið saman fyrir Markaðinn. Ekki hafa allir þeir aðilar sem samantektin nær til skilað ársreikningum fyrir árið 2012. Því miða tölur annaðhvort við níu mánaðauppgjör eða hálfsársuppgjör þess árs.

## ÞREFÖLD LANDSFRAMLEIÐSLA

Alls nema heildarútlán í kerfinu 5.191 milljarði króna, eða um þrefaldri landsframleiðslu. Þegar leiðrétt er fyrir lánum til hinna risastóru Actavis og Bakkavarar, sem í reynd eru erlend fyrirtæki með fjármögnun utan landsteinanna, lækkar þessa tala um 950 milljarða króna.

Af þeim 4.241 milljarði króna sem þá stendur eftir hafa bankastofnanir lánað tæpan helming. Þar er Landsbankinn stærstur með um fimmtán prósent heildarhlutdeild. Lífeyrissjóðir eru með um fimm prósent af markaðnum, Íbúðalánasjóður (ÍLS), Byggðastofnun og ýmsir aðrir smærri opinberir lánasjóðir eru með 22 prósenta hlut, skráð fyrirtækjaskuldabréf eru um þrjú prósent af fjármögnun á markaði og erlendir aðilar eru með 18 prósent markaðshlutdeild. Séu skuldir Actavis og Bakkavarar taldar með hækkar hlutfall skulda í eigu erlendra banka upp í fjórutíu prósent.

## RÍKISFYRIRTÆKI FYRIRFERÐARMIKIL

Landsbankinn er sem kunnugt er að stærstum hluta í eigu íslenska ríkisins, sem á 81,33 prósent í honum. Þegar skilyrt skuldabréf hans mun verða gefið út í lok þessa mánaðar mun þrotabú gamla Landsbankans skila þeim hlut sem það heldur á, 18,67 prósent, að nánast öllu leyti. Eftir það mun ríkið eiga allt að 98 prósenta hlut í bankanum og starfsmenn hans fá allt að tveggja prósenta hlut sem á að mynda stofn að nýju kaupaukakerfi þeirra.

Þegar markaðshlutdeild ríkisbankans er lögð saman við hlutdeild annarra lánastofnana í opinberri eigu kemur í ljós að þær eru með 39 prósent af lánamarkaðinum.

## RÍKIÐ RISI Á SMÁSÖLUMARKAÐI

Þegar horft er einungis á lán til einstaklinga, svokallaðan smásölumarkað (e. retail) kemur í ljós að bankar eru með 37 prósenta markaðshlutdeild, ÍLS, Byggðastofnun og aðrir opinberir lánasjóðir með 41 prósent og LÍN og lífeyrissjóðir landsins með hvort sinn ellefu prósenta hlut. Heildarumfang markaðarins, sem inniheldur meðal annars öll veitt húsnæðislán, er 1.641 milljarður króna, eða tæp ein landsframleiðsla.

Af þeirri tölu lánuðu ríkisstofnanir og Landsbankinn út 1.057 milljarða króna, eða 64 prósent allra lána til einstaklinga. Stærstur hluti þeirra lána eru vitanlega húsnæðislán ÍLS og námslán sem LÍN veitir.

## RÁÐANDI Á FYRIRTÆKJAMARKAÐI

Hinn ráðandi hlutinn í lánageiranum eru útlán til fyrirtækja, ríkis, sveitarfélaga, eignarhaldsfélaga og „annarra“. Þessi markaður er umtalsvert stærri en einstaklingsmarkaðurinn og eru heildarútlán á honum áætluð um 2.600 milljarðar króna.

Þar eru innlendar bankastofnanir ráðandi með 55 prósent markaðshlutdeild. Stóru bankarnir þrír, Landsbanki, Arion banki og Íslandsbanki eru með nánast alla þá sneið. Erlendir aðilar koma þar næstir með um 28 prósent lána og ÍLS og Byggðastofnun eru með um níu prósent. Lífeyrissjóðir og skráð fyrirtækjaskuldabréf eru með minna.

Ef ríkisstofnanir sem lána til fyrirtækja eru lagðar saman við hlutdeild Landsbankans á markaðnum kemur í ljós að saman eru þessir aðilar með um 23 prósent markaðarins.

## Heildarútlán á Íslandi




**Samtals: 4.241** milljarður króna

*Lán frá erlendum aðilum innihalda ekki lán til Actavis og Bakkavarar. Þau eru samtals um 950 milljarðar króna. Ef þau eru talin með er erlend markaðshlutdeild 40 prósent. Lán til álvera eru heldur ekki talin með enda eru þau öll í eigu erlendra móðurfélaga.

## STAÐNAÐUR ÚTLÁNAMARKAÐUR

Það hefur ekki verið mikill vöxtur í nýjum útlánum hjá bönkunum frá hruni. Þær breytingar sem orðið hafa eru annars vegar vegna tilfærslu lánasafna úr þrotabúum gömlu bankanna og yfirtöku á föllnum fjármálafyrirtækjum á borð við Byr og SpKef. Hins vegar hafa bankarnir tekið kúnna hver frá öðrum.

Af þeim tölum sem Markaðurinn hefur látið taka saman fyrir sig er þó ljóst að það eru sóknarfæri fyrir einkabankana. Þar ber fyrst að nefna Íbúðalánasjóð (ÍLS). Seðlabankastjóri og stjórnendur og stjórn sjóðsins hafa látið hafa eftir sér að undanförnu að viðskiptalíkan hans gangi ekki upp. Ríkið hefur þegar dælt 46 milljörðum króna inn í sjóðinn á tveimur árum en ljóst þykir að mun meira þarf til svo hann verði starfhæfur. Það eru peningar sem ríkið á ekki til. Því er talið nær öruggt að breytingar verði á stöðu ríkisins, en það á ÍLS, á útlánamarkaði til íbúðakaupa á næstu misserum. Hópur sem á að greina framtíðarhorfur og framtíðarhlutverk ÍLS á til að mynda að skila af sér áfangaskýrslu í lok þessa mánaðar. Verði einhvers konar kerfisbreyting boðuð, sem heimildir Markaðarins herma að sé afar líklegt, þá mun það þýða aukin tækifæri fyrir einkabankana að auka hlutdeild sína á íbúðalánamarkaði.

Hitt stóra sóknartækifærið liggur í því að ná hluta þeirrar fjármögnunar stórra íslenskra fyrirtækja sem er hjá erlendum bönkum til sín. Hlutdeild þeirra á markaðnum, þegar búið er að leiðrétta fyrir lánum til Actavis og Bakkavarar, er enda um 18 prósent. Það gæti þó reynst erfitt fyrir íslensku bankana að bjóða samkeppnishæf kjör auk þess sem gjaldeyrishöft gera Ísland ekki að eftirsóknarverðum stað fyrir fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi að geyma peningana.

## Lán til einstaklinga




**Samtals: 1.641** milljarður króna

## Lán til fyrirtækja, sveitarfélaga, eignarhaldsfélaga o.fl.




**Samtals: 2.600** milljarðar króna

*Lán frá erlendum aðilum innihalda ekki lán til Actavis og Bakkavör. Þau eru samtals 950 milljarðar króna.

# Aukið samstarf gæti skilað miklu

**Yfirmaður jarðhitamála hjá Orkumálastofnun Bandaríkjanna segir mörg tækifæri felast í auknu samstarfi við Ísland í jarðhitamálum. Bandaríkin hafi mikið að læra af Íslandi, bæði hvað varðar rannsóknir og verkkunnáttu við jarðvarmavirkjanir og rekstur þeirra.**

**ORKUMÁL**
**Þorgils Jónsson** | thorgils@frettabladid.is

Mikil tækifæri eru falin í auknu samstarfi Bandaríkjanna og Íslands í þróun jarðhitanýtingar um heim allan. Þetta segir Jay Nathwani, yfirmaður jarðhitamála hjá Orkustofnun Bandaríkjanna. Markaðurinn hitti Nathwani fyrir þegar hann var hér á landi fyrir skemmstu.

Nathwani var meðal ræðumanna á ráðstefnu Iceland Geothermal um jarðhitanýtingu í Reykjavík fyrr í mánuðinum. Í máli sínu ræddi hann aðallega um stefnu bandarískra stjórnvalda varðandi orkuvinnslu með áherslu á jarðvarma og þróun þess geira.

Jarðvarmaorka er, að sögn Nathwanis, hluti af víðtækri umræðu um orku- og umhverfismál innan Bandaríkjanna. Hlutfall jarðvarmaorku hefur haldið sér í hlutfalli við aðra orkugjafa síðustu misseri og í fyrra jókst framleiðsla um fimm prósent og var næstum þrjú gígavött það árið.

„Jarðvarmi hefur jafnan lagt til afar stöðuga orku og haldið sömu vaxtarkúrfu,“ segir Nathwani.

Ekkert land framleiðir eins mikið af jarðvarma og Bandaríkin. Þar eru aðaljarðhitasvæðin í vesturhluta landsins. Viðlíka aðstæður og á Íslandi má finna í Kaliforníu en svo eru það svokölluð Basin and range-svæði sem ná yfir Nevada, Utah, Idaho og fleiri fylki. Þar skiptast á fjöll og dalir yfir heitum berggrunni sem sendir heitt vatn upp á yfirborðið.

*Nú er mikil umræða í Bandaríkjunum um að skipta kolum út fyrir umhverfisvænni orkugjafa. Sérð þú fram á að jarðhiti muni á sömu forsendum verða veigameiri hluti af orkuframleiðslunni í Bandaríkjunum á næstu árum?*

„Í Bandaríkjunum er áherslan á að fá orku eftir fjölbreyttum leiðum þar sem við treystum ekki um of á eina tegund orkuuppsprettu, en jarðvarmi verður vissulega stór hluti af þeim hluta sem lýtur að hreinni orku.“

*Jarðhiti sem slíkur er vissulega hrein orka, en hér á Íslandi hefur umræðan einnig snúist um þau áhrif sem virkjanir og vinnsla hafa á umhverfið og hvort þau séu jafnvel óafturkræf. Eru slíkar vangaveltur ofarlega á baugi í Bandaríkjunum?*

„Það verða alltaf einhvers konar neikvæð viðbrögð við hvers konar tækninýjungum og einhver flötur sem má gagnrýna. Varðandi jarðhita eru vissulega sums staðar, til að mynda á Havaí, uppi áhyggjur af samfélagslegum áhrifum þar sem sitt sýnist hverjum. Á Havaí er nú verið að vinna að reglugerð um jarðvarmavinnslu út frá því sjónarmiði. Þannig að þó að margir séu efins um jarðvarmavinnslu í fyrstu, verða flestir fylgjandi henni þegar allar upplýsingar liggja fyrir og hinum ýmsu spurningum hefur verið svarað.“

*Geta Bandaríkin og Ísland unnið saman að þessum málum og lært hvort af öðru?*

„Já, svo sannarlega. Nánara samstarf getur komið báðum löndum til góða og skilað tækniframförum í nýtingu jarðvarma. Þið Íslendingar eruð afar framarlega á þessu sviði, bæði hvað varðar rannsóknir, verkkunnáttu við vinnslu og leit að orku og við þurfum að læra af ykkur um nýtingu. Við höfum víða ekki verið að ná nógu góðum árangri og getum sótt margt í ykkar smiðju með það. Hvað varðar það hvort við höfum nokkuð til að kenna ykkur, held ég því að það sé meira á hinn veginn?“

*Orðræðan varðandi orkugeirann á heimsvísu mótast mikið af loftlagsbreytingum af völdum hnattrænnar hlýnunar. Getur útbreiðsla jarðvarmatækninnar víðar um heiminn haft jákvæð áhrif að þessu leyti?*

„Jarðvarmi er hreinn og endurnýjanlegur orkugjafi sem skilar stöðugri orku og framleiðir minna af gróðurhúsalofttegundum en flestir aðrir orkugjafar og ef hann er til dæmis notaður í lokuðu kerfi gefur hann ekkert slíkt frá sér. Frá því sjónarmiði getur jarðvarmatækni lagt gríðarmikið af mörkum í baráttunni gegn hnattrænni hlýnun.“

*Hvar telur þú helstu möguleika í uppbyggingu jarðvarma liggja á næstu árum?*

„Til dæmis í Afríku, á Indónesíu, Filippseyjum, Suður-Ameríku og Mið-Ameríku. Meira eða minna öllum löndum sem tengjast eldhringnum svokallaða í kringum Kyrrahafið. Tækifærin eru nær óþrjótandi.“

*Og er þá samvinna Íslands og Bandaríkjanna í þessum málum vel til þess fallin að nýta þá möguleika sem best?*

„Við hittum fyrir skemmstu aðila úr rannsóknargeiranum hér á landi og það er nær samdóma álit allra að aukin samvinna ríkjanna um að kynna þá valkosti sem jarðvarmaorka hefur upp á að bjóða í þróunarríkjum geti eflt þá þróun til muna.“



**JARÐHITI Í BRENNIDEPLI** Jay Nathwani, yfirmaður jarðhitamála hjá Orkustofnun Bandaríkjanna, segir Bandaríkin geta lært mikið af Íslendingum um nýtingu jarðvarma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

brimborg — Öruggur staður til að vera á

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,7 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 178 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



5. APRÍL Í HÖRPU
LADDI LENGIR LÍFIÐ
AÐALHLUTVERK ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON HANDRIT KARL ÁGÚST ÚLFSSON LEIKSTJÓRN SIGURÐUR SIGURJÓNSSON LEIKMYND EGILL EÐVARSSON TÓNLIST & HLJÓÐHÖNNUN ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON FRAMLEIÐENDUR ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON & BERGSVEINN JÓNSSON
EINLEIKIN GAMANSEMI EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
NÁNAR Á SENA.IS/LADDI
Tónlist.is
30%
AFSLÁTTUR AF LADDA
MIÐASALAN ER OPIN!
Miðaverð er 3.900 kr. Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.
sena

klinkið vísir
Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur.
Katrín Jakobsdóttir, formaður VG og menntamálaráðherra.

Hin hliðin



VILBORG ALDÍS RAGNARSDÓTTIR

## Daglegt brauð

Ég held að við eigum það öll til að gleyma því hve mannshugurinn er magnað fyrirbrigði. Því miður tökum við þessu fyrirbæri sem sjálfsögðum hlut er við svífum í gegnum daglegt líf í hálfgerðri þoku sökum streitu og álags. Ekki telst það nú skrítið þar sem hraðinn í þjóðfélaginu er orðinn heldur mikill. Hver kannast ekki við það að fá póstinn frá fótboltaþjálfaranum um æfingaleik hjá barni númer eitt, næst kemur barn númer tvö þar sem boðið er á leiksýningu deginum eftir, svo má ekki klikka á því að mæta á alla foreldrafundi, æfingaleiki, tónleika, ætli það sé ekki svo best að taka að sér formennsku í einhverju ofantöldu, ekki viltu að þú sért álitin/n letingi eða óhæft foreldri. Fara í búðina að meðaltali fimm sinnum í viku alltaf á síðustu stundu korter í sex á harðahlaupum í von um að hitta ekki neinn því þú hefur ekki tíma fyrir neitt kurteisishjal. Svo er það ræktin beint eftir búðina enda vissara að púla örsnöggt á brettinu og brenna í burtu þessum hitaeiningum sem við innbyrðum yfir daginn hálfdáleidd í leit að skyndiorku. Ekki má svo gleyma matnum sem bíður eftir að komast á pönnuna og að taka þvottinn úr vélinni síðan í morgun.

### Hamingjuhlekkurinn

Ætli þetta sé ekki svona týpískt lífterni flestra útivinnandi kvenna og karlmanna sem komu sér í hlekkinn. Hundurinn er ekki einu sinni settur inn í dagskrána því það raskar planinu allhressilega, hann verður víst viðraður eftir kvöldmat eða fær bara að gera stykkin sín úti á svölum. Ætli það sé ekki betra að draga inn andann örsnöggt því í öllu brjálæðinu gleymist að hugsa um sjálfið. Þá er ég ekki að tala um magavöðvana eða slabbið á bakinu, ég er að tala um andlegu heilsuna þína. Það er oft sagt að hugurinn beri mann hálfa leið en hvernig er hægt að hugsa rökrétt með milljón atriði sem þarf að dekka yfir daginn ?

### Slökum á í núinu

Er ekki ágætt að skipuleggja vikuna en ekki bara daginn í dag, dreifa verkefnum á nokkra daga og reyna að slaka á? Slökkva stundum á símanum – það er staðreynd að kirkjugarðarnir eru fullir af fólki sem hélt að það væri ómissandi. Breytum líka út af venjunni, verjum meiri tíma með börnunum í að spila, leika, lesa eða hvað eina því áður en við vitum eru þau flogin úr hreiðrinu. Auðvitað þurfa börnin mat, hreina sokka, hlýtt rúm og kennslu en þau þurfa líka að eiga samskipti við foreldra sína á skemmtilegan hátt.
Skipulag, staðfesta, markmið, leikur og gaman; þetta eru öll þau viðmið sem mér finnst að við ættum að hafa að leiðarljósi. Ekki gleyma því að það er gaman að vera til njóttu þess að vera í núinu.
Eitt er víst, mitt heit fyrir hið helga ár 2013 er að slaka á, njóta þess að vera pínu löt og tylla tánum í loftið, enda er allt í lagi að vera mannlegur í smá stund.

„Betri vinnubrögð skila árangri“

Velkomin í Eignastýringu Landsbankans

Eignastýring Landsbankans starfar með viðskiptavinum sínum að traustri uppbyggingu eignasafna. Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu, ábyrga ráðgjöf og upplýstar ákvarðanir. Verið velkomin í Eignastýringu.



Guðni Hafsteinsson
Viðskiptastjóri í Einkabankaþjónustu

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Rafrænn innri strimill 3000 línur
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A307
99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 89.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP EÐALVÉL

Bakarí í Kópavogi auglýsir eftir starfsmanni á tvískiptar vaktir alla virka daga. Einnig vantar fólk í helgarstörf. 18ára og eldri. Áhugasamir hafið samband í síma: 866-0060 Kristín.

Hressingarskálinn leitar að starfsfólki með reynslu í eldhús, vinsamlegast sendið ferilskrá á glennmoyle@gmail.com.

Hressingarskálinn is looking for experienced kitchen staff, please send your CV to glennmoyle@gmail.com

Óska eftir vönum manni í múr/sprunguviðgerðir. S: 618 5286. Þórður.

Malbiksviðgerðir ehf. óskar eftir mjög öflugum starfsmanni til að vinna við malbiksviðgerðir. Mikil vinna í boði fyrir réttan aðila! Meirapróf og þekking á viðgerðum véla skilyrði. Frekari upplýsingar og umsókn í síma 823 3446 - Þorvarður.

Vantar bæði fólk í vinnu strax og fyrir sumarið. Leitum að mjög duglegu og drífandi fólki með bílpróf. Umsækjendur sendi tölvupóst á hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta**

**S. 661 7000.**

**Proventus.is**

22 ára stúlka óskar eftir starfi á hóteli sem þerna eða við einhver önnur tilfallandi störf. Upplýsingar í síma: 8479554 eða mrsbwymcmb8790@gmail.com

## fasteignir

# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

## Kjalarvogur 10, 104 Reykjavík





Til leigu um 1.300 fm. lagerhúsnæði. Tvær 4,5 m háar innkeyrsludyr. Góð aðkoma. Vörurekkar geta mögulega fylgt. **HAGSTÆTT LEIGUVERÐ.** VSK-húsnæði.
Lofthæð 4,5 - 5 m.

**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali í s. 534 1024 / 897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is**

534 1020
www.atvinnueignir.is

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
**Petur@berg.is**

## Opið hús
## Grenibyggð 7 Mosfellsbæ
**Í dag 20. mars . Kl. 17.00 til 17.30**








Glæsilegt 138 fm. parhús á tveimur hæðum auk 26 fm. bílskúrs, samtals 164 fm. Anddyri með flísum á gólfi. Gestasnyrting. Hol með opið í bjarta og rúmgóða stofu með eikarparketi. Sólskáli með flísum á gólfi, sólpallur. Eldhús með vandaðri eldhúsinnréttingu og gaseldavél og flísar milli skápa. Þvottahús inn af eldhúsi með útgengi á lóð. Upp á efri hæðina liggur sérsmíðaður stigi. 4 góð svefnherbergi með skápum og er eitt þeirra í risi undir súð. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með innréttingu og sturtuklefa. Útgengt á þak bílskúrs þar er heitur pottur og góðir skjólveggir. Fallegur garður. Bílaplan með snjóbræðslu. Bílskúr með hita, rafmagni og vatni. Hellulögð stétt með hita. Vandað og vel viðhaldin eign.
**Starfsmaður Berg fasteignasölu tekur á móti gestum.**




- Glæsileg lyftuhús
- Vandaður frágangur
- Sérsmíðaðar innréttingar
- Mikið útsýni

Úlfarsárdalur er náttúruperla í borginni. Leikskóli, grunnskóli og íþróttaaðstaða Fram eru í hverfinu. Hverfið er við stofnbraut og því fljótlegt að fara í bæinn og út úr bænum. Öll verslun og þjónusta í næsta nágrenni. Sundlaug væntanleg í hverfið.

## Friggjarbrunnur 5
Afhending: Apríl – maí 2013

| | | |
|---|---|---|
| **Íbúð 101**<br>Tveggja herbergja<br>80,1 m² **23.9** m.kr. | **Íbúð 102** SELD<br>Tveggja herbergja<br>SELD | **Íbúð 103**<br>Þriggja herbergja<br>118,8 m² **34.9** m.kr. |
| **Íbúð 201**<br>Fjögurra herbergja<br>138 m² **41.9** m.kr. | **Íbúð 202**<br>Fjögurra herbergja<br>147.2 m² **43.9** m.kr. | **Íbúð 301**<br>Fimm herbergja<br>165,6 m² **55.9** m.kr. |

## Friggjarbrunnur 3
Afhending: Desember 2013

| | | |
|---|---|---|
| **Íbúð 101**<br>Tveggja herbergja<br>76,9 m² **22.9** m.kr. | **Íbúð 102** SELD<br>Tveggja herbergja<br>SELD | **Íbúð 103**<br>Þriggja herbergja<br>127,7 m² **38.9** m.kr. |
| **Íbúð 201**<br>Fjögurra herbergja<br>174,4 m² **51.9** m.kr. | **Íbúð 202**<br>Fjögurra herbergja<br>133.3 m² **39.5** m.kr. | **Íbúð 301**<br>Fimm herbergja<br>176,6 m² **57.9** m.kr. |







FAGUS TRÉSMIÐJA · HÚSASMIÐJAN · TENGI · Parki

FASTEIGNASALAN fasteign.is

5 900 800

†



Ástkær bróðir okkar,

**HEIÐAR BRYNTÝR JÓNSSON**

sem lést sunnudaginn 10. mars verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 22. mars klukkan 13.

**Pálína Ellen Jónsdóttir**
**Jóhanna Guðrún Zoëga Jónsdóttir**
**Helgi Jón Jónsson**

---

†



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

**ÁRMANN GUÐJÓNSSON**
**frá Lyngholti,**
**Brekkustíg 13, Sandgerði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi sunnudaginn 10. mars. Útförin verður frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði föstudaginn 22. mars kl. 13.00.

**María Ármannsdóttir** **Marel Andrésson**
**Helgi M. Ármannsson** **Michela Jespersen**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Þökkum veitta samúð og vinsemd við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**AÐALSTEINS BJÖRNSSONAR**
**Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hlaðhamra, V3 á Grund og 3. hæð í Mörkinni fyrir góða umönnun hans.

**Jóhanna S. Árnadóttir**
**Árný R. Aðalsteinsdóttir** **Jóhannes S. Stefánsson**
**Björn Á. Aðalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**LÚÐVÍK HAFSTEINN GEIRSSON**
**Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,**

lést á Dvalarheimilinu Holtsbúð, Vífilsstöðum þann 16. mars. Hann verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 22. mars klukkan 13.00.

**Arnbjörg Sigtryggsdóttir**
**Geir Lúðvíksson** **Guðrún Bjarnadóttir**
**Sigurveig Lúðvíksdóttir** **Magnús G. Friðgeirsson**
**Örn Lúðvíksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LÁRA SVANBJÖRG SVANSDÓTTIR**
**Grundargerði 5a, Akureyri,**

lést laugardaginn 2. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Geirlaugur Sigfússon**
**Þórey Egilsdóttir** **Hilmar Lúthersson**
**Bragi Egilsson** **Svala Ýrr Björnsdóttir**
**Sigríður Heiðdís Geirlaugsdóttir**
**Egill Logi og Elfa Rós**
**Berglind Thelma, Dofri Vikar og Brynja María**
**Sædís Hrönn og Alexander Breki**

---



†



Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát foreldra okkar, tengdaforeldra, ömmu og afa,

**BORGHILDAR KJARTANSDÓTTUR**
**kjólameistara**
**og**
**ÓLAFS JÓHANNESSONAR**
**fv. framkvæmdastjóra Vöruhappdrættis SÍBS,**
**Langagerði 94, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Þór Ólafsson** **Linda Björg Þorgilsdóttir**
**Kjartan Jóhannes Ólafsson** **Bára Björgvinsdóttir**
**Unnur Ólafsdóttir** **Pálmi Matthíasson**
**Sjöfn Ólafsdóttir** **Gunnar Ingi Jónsson**
**ömmu- og afabörn.**

---



**FIMM Í TANGÓ** Tato Kantoma, Íris, Kristín, Ástríður Alda og Ágúst. Í stað Kantoma spilar Helga Kristbjörg á harmóníkuna í dag.

# Íslenskir tangóar við ljóð innlendra skálda

**Sveitin Fimm í tangó ætlar að flytja íslenska tangóa við ljóð íslenskra skálda á hádegistónleikum í Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag sem hefjast klukkan 12.30.**

„Við ætlum að gefa tangóstílnum lausan tauminn,“ segir Kristín Lárusdóttir, sellóleikari í hópnum Fimm í tangó, þegar forvitnast er um tónleikana í hátíðarsal Háskóla Íslands í hádeginu í dag. Eins og margir vita er sá salur í aðalbyggingu HÍ. Með Kristínu í hópnum eru Ágúst Ólafsson söngvari, Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari, Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir harmóníkuleikari og Íris Dögg Gísladóttir fiðluleikari. Þau heita því að flytja fjöruga innlenda tangóa við ljóð íslenskra skálda. Skyldi vera mikið til af slíkri tónlist?

„Já, það er alveg til dágott safn af íslenskum tangóum. Hinum svokölluðu gömlu dönsum tilheyra mörg lög sem gott er að stíga tangó við. Til dæmis er lagið Vegir liggja til allra átta eftir Sigfús Halldórsson upprunalegt tangólag,“ segir Kristín. Hún býr svo vel að vera með bók eftir Árna Björnsson tónskáld milli handanna þegar samtalið fer fram. Sú bók er með gömlum og góðum tangólögum sem Árni samdi á píanó. Eitt slíkt er með rómantískum texta eftir Núma Þorbergs sem hefst svona: Það líður aldrei úr okkar minni er ástin vaknaði í fyrsta sinni. „Þetta er ekta,“ bendir Kristín á.

Fimm í tangó á sér sex ára sögu. „Við byrjuðum á því að spila bara finnska tangóa,“ lýsir Kristín. „Ég dvaldi í Finnlandi um tíma við nám og Ágúst söngvari líka og þegar við komum heim vorum við undir áhrifum þaðan. Fljótlega fórum við að fá íslensk tónskáld, þau Harald Vigni Sveinbjörnsson og Hafdísi Bjarnadóttur, til að semja fyrir okkur.“

Greinilega hefur hópurinn líka haft eyrun hjá sér og áttað sig á að hér á landi leynast íslenskir tangóar í gömludansatónlistinni. En kemur sveitin reglulega saman til að spila? „Svona öðru hverju og þegar verkefni eru fram undan hittumst við og æfum,“ svarar Kristín. Örlætið er mikið hjá hópnum því hádegistónleikarnir í dag eru ókeypis og allir eru velkomnir. Þeir hefjast klukkan hálfeitt. „Þetta er bara hálftími sem er gott fyrir þá sem nenna ekki að sitja lengur,“ segir Kristín glaðlega og bætir því við að leynigestir komi í lokin en auðvitað er leyndarmál hverjir þeir eru.

gun@frettabladid.is

---

†



Faðir minn, tengdafaðir, afi, bróðir okkar og mágur,

**HALLDÓR EINAR HALLDÓRSSON**
**fyrrverandi útibússtjóri,**
**Leifsgötu 10,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 15. mars. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, mánudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Halldóra Halldórsdóttir** **Vignir Freyr Andersen**
**Alexandra Vignisdóttir** **Vignir Freyr Vignisson**
**Karen Elísabet Vignisdóttir**
**Sólveig B. Halldórsdóttir**
**Sigríður M. Halldórsdóttir** **Finnbogi H. Alexandersson**
**Stefán Már Halldórsson** **Þórunn Traustadóttir**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**ÓSKARS ARNAR HÁLFDÁNARSONAR**
**Hrannargötu 6, Ísafirði.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki gjörgæsludeildar LSH í Fossvogi fyrir alúð og umhyggju.

**Dagný Jóna Jóhannsdóttir**
**Sigurður Óskarsson** **Sigríður Laufey Sigurðardóttir**
**Guðbjörn Þór Óskarsson** **Jónína Sigríður Jónsdóttir**
**Hálfdán Óskarsson** **Sigríður Hrönn Jörundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA FRIÐRIKSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum,**

lést hinn 13. mars. Útför fer fram frá Prestbakkakirkju á Síðu þann 23. mars klukkan 14.00.

**Friðrik Ragnarsson**
**Guðni Rúnar Ragnarsson** **Kristín Magnúsdóttir**
**Ólafía Ragnarsdóttir**
**Páll Ragnarsson** **María Guðmundsdóttir**
**Jón Ragnarsson** **Ólöf Bjarnadóttir**
**Rúnar Þór Bjarnþórsson** **Soffía Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MÁLFRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**Lækjarsmára 6, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að morgni 17. mars. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 22. mars kl. 15.00.

**Haukur Bjarnason**
**Róbert Jörgensen** **Erla D. Lárusdóttir**
**Guðrún Hauksdóttir** **Guðmundur Kristberg Helgason**
**Jón G. Hauksson** **Helga Brynleifsdóttir**
**Guðríður Hauksdóttir** **Kristjón L. Kristjánsson**
**Anna Rós Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Nikon

At the heart of the image

## Nikon COOLPIX S31



KAUPAUKI

Taska fylgir!



Höggþolin, vatnsþétt og rykvarin myndavél með 10.1 megapixla upplausn og því hægt að nota hana nánast hvar sem er. NIKKOR gleiðhornslinsa, 3x aðdráttur og hristivörn. Skemmtilegar síur breyta myndum, stór 2.7" LCD skjár og eins fæst hún í 5 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Kr. 22.995**

# I AM YOUR EASTER DEAL

## Nikon D3100

KAUPAUKI

Taska og 8GB kort fylgir!





**Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu.**

GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, EXPEED 2 myndvinnslu, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá.

**Ég er smíðuð til að hjálpa. nikon.is**

**Kr. 99.995**

**Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningarnámskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3100 að verðmæti kr. 25.000.**

Nikon SCHOOL

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ; Omnis – Akranesi, Borgarnesi og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt.

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** málhelti, **6.** stefna, **8.** vætla, **9.** festing, **11.** fyrirtæki, **12.** teygjudýr, **14.** hestur, **16.** skóli, **17.** saur, **18.** hylli, **20.** íþróttafélag, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hnöttur, **3.** golfáhald, **4.** dagatal, **5.** skraf, **7.** æxlast, **10.** blóðhlaup, **13.** kænu, **15.** innyfla, **16.** blástur, **19.** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stam, **6.** út, **8.** íla, **9.** lím, **11.** ms, **12.** amaba, **14.** gráni, **16.** ma, **17.** tað, **18.** ást, **20.** kr, **21.** stál.

**LÓÐRÉTT: 1.** kúla, **3.** tí, **4.** almanak, **5.** mas, **7.** tímgast, **10.** mar, **13.** bát, **15.** iðra, **16.** más, **19.** tá.

**Helgi Júlíus** kynnir nýútkomna plötu sína, **Í BLÚS,** kl: 17:00 miðvikudaginn 20. mars, á **Café Rosenberg.**




Lögin verða kynnt hvert um sig og spiluð af plötunni, sem hefur að geyma 10 lög. Auk Helga syngja á plötunni: Elvar Örn Friðriksson, KK, Magni Ásgeirsson, Sigríður Thorlacíus, Svavar Knútur og Valdimar Guðmundsson. Undirleik annast Ingi Björn Ingason, Kristinn Snær Agnarsson, Ómar Guðjónsson, Tómas Jónsson og Þorleifur Gaukur.
**Allir velkomnir. Enginn aðgangseyrir.**




**Vorferð til Mið-Evrópu**

**18. - 26. maí**

**228.300 KR.-**

á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli. Gist er á **Hotel Central** frá 18.-21.maí. **Bayerischer Hof** 21.-24.maí og svo á **Hotel Germania** 24.-26.maí.

**Um ferðina:**

Í þessari fallegu og rómantísku vorferð sem hefst um hvítasunnuna er dvalið á undurfögrum stöðum í Austurríki og Þýskalandi og ferðast, fræðst og rölt um í mestu makindum.

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | **URVALUTSYN.IS**

**Aðalfundur BÍ 2013**

**Þriðjudaginn 23. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2013 verður haldinn þriðjudaginn 23. apríl n.k. í húsnæði félagsins að Síðumúla 23 og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar
Önnur mál

**BÍ-félagar eru hvattir til að mæta**

# Ef væri ég hún Salome

**BAKPANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Salome. Það var nafnið sem mamma og pabbi gáfu mér sumarið 1967. Um haustið, þegar ég fæddist, var ljóst að þau heiðurshjónin þyrftu að draga upp nýja áætlun. Ég var skírður eftir Svavari afa á Seyðisfirði og ég hef borið nafnið mitt með stolti. Ég man ekki eftir honum afa en frásagnir þeirra sem þekktu hann, þær duga mér. Hef ég staðið undir nafninu? Sennilega ekki.

**EN** hvað ef. Ef stúlka hefði komið í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Seyðisfirði þarna um árið og hefði náð að lifa til okkar daga? Hvernig hefði líf mitt orðið öðruvísi?

**HEFÐI** ég fengið gott atlæti? Já. Hefði ég fengið sömu tækifæri í uppvextinum? Örugglega. Hefði verið lagt að mér að læra – eitthvað? Já. Hefði ég átt allar þessar stoðir og styttur allt mitt líf? Úti um allt.

**EN** hefði ég brotið allar þessar rúður og kveikt í kirkjunni heima vegna sjúklegs áhuga á sinueldi? Sennilega ekki. Hefði ég stolið öllum þessum klámbókum úr bókabúðinni? Nei. Hefði ég slegist reglulega við vini mína – og elt þá með naglaspýtu og stórgrýti inn á eldhúsgólf, mæðrum þeirra til ama? Reynslan kennir mér annað.

**HEFÐI** ég byrjað að reykja og drekka í 10. bekk? Alls ekki ólíklegt. Hefði ég drukkið allt þetta spritt, norska brjóstdropa og fleira smálegt í upphafi framhaldsskólagöngu? Það er hins vegar ólíklegra, segir mér eitthvað.

**ÆTLI** ég hefði gert allar þessar tilraunir til að fljúga bíl á milli fjarða á Austurlandi? Ekki keyrt á hestinn og drepið hann; rollurnar, lömbin og fugla af öllum þessum tegundum? Tölfræði Umferðarstofu bendir til annars.

**HEFÐI ÉG** staðið við súrtunnu og étið selshreifa; ofurölvi, ber að ofan – með vinum af sama kyni? Bara, alveg örugglega ekki [viðurkenni að það myndi ég vilja sjá og frábið mér athugasemdir um karlrembu].

**EKKI** verður heil ævi gerð upp svo glatt. Ef, hefði, kannski og ef til vill. Ekkert er í hendi við svona vitlausar vangaveltur – engin óbreytanleg stærð.

**NEMA…** á skjön við heilbrigða skynsemi þá væri ég samt mjög líklega með lægri laun, héti ég Salome. Merkilegur, andskoti.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FERMINGARPAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI







**AMD TÖLVUPAKKI**

- AMD Trinity A8 5600K QuadCore 3,6 GHz örgjörvi
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz, vinsluminni
- 1TB SATA3 harður diskur 7200rpm 64MB buffer
- Radeon HD 7560D skjákjarni allt að 2GB minni
- DVD skrifari 24xDVD+/- DL skrifari 48x CD & DVD drif
- Logitech S-120 hátalarar
- AOC 22" LED skjár 1920x1080 FULL HD
- Vandað lyklaborð með USB tengi
- Logitech geislamús með skrunhjóli
- Windows 8 64bit stýrikerfi

### FERMINGARPAKKI NR. 1

## 119.950

**AMD TÖLVUPAKKI**

- CoolerMaster Elite 335U midi turn
- AMD Piledriver FX-4300 QuadCore
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 harður diskur
- Geforce N650 GTX 1GB GDDR3 skjákort
- AOC 24" LCD Full HD 1920x1080 skjár
- Logitec S220 2,1 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

### FERMINGARPAKKI NR. 2

## 159.950

**OPTICAL LEIKJAMÚS**



Razer

**Razer DeathAdder**
Mögnuð leikjamús, Optical 3,5G, 3500dpi.

**10.950**

**MÚSARMOTTA**



Razer

**Razer Goliathus Speed ed**
Fábær músamotta í leikina.
Stærð 270mm x 215mm.

**2.250**

**LYKLABORÐ**



Razer

**Razer Blackwidow**
Flott leikjalyklaborð með forritanlegum „mechanical" tökkum.

**18.950**

**ACER FARTÖLVA**




**Acer Aspire V5-571**
15,6" fartölva með Intel Core i3-2365M örgjörva og Intel HD 3000 skjákorti. 4GB DDR3 minni og 500 GB harður diskur.
Windows 8 stýrikerfi.

**99.950**

**HEYRNARTÓL**



PHILIPS

**Philips SHP1900**
Sérstaklega þægileg heyrnatól. Létt og hylja eyrun alveg. Skila mjög góðum hljóm.

**2.950**

**120GB SSD DISKUR**



SAMSUNG

**Samsung SSD 840**
120 GB SSD diskur. Ein besta uppfærslan sem hægt er að fá sér fyrir fartölvu eða borðtölvu. SSD eru einnig sparsamir á rafmagn sem hentar vel í fartölvur.

**19.750**

**FULL HD LED SKJÁR**




**AOC E2250SWDA**
Þunnur 21.5" WLED skjár með Full HD 1920x1080 upplausn, 20.000.000:1 í skerpu og 5ms svartími. VGA og DVI tengi.

**23.750**

**AMD TURN**

ÖFLUG LEIKJAVÉL

**AMD TÖLVA 4**



- Coolermaster Silencio 450 turn
- AMD FX-6300 SixCore 3,5GHz
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Radeon HD7850 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

**149.950**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*







**LEIÐ Á FRÆÐUNUM** Útgefandi Vivecu bað hana um eina fræðibók enn, en hún bauðst í staðinn til að skrifa fyrir hann glæpasögu. Hann iðrast þess varla að hafa tekið því tilboði því bækur hennar hafa selst í 1,5 milljónum eintaka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hvaða áhrif hefur morð í paradís?

Svikalogn var fyrsta glæpasaga Vivecu Sten og kom út í Svíþjóð árið 2008. Hún er nú komin út á íslensku hjá Uppheimum og af því tilefni kom Viveca til landsins. Hún segist hafa viljað skoða áhrif morða á lífið á paradísareyju.

Viveca Sten er lögfræðingur að mennt og var lengi aðallögfræðingur sænska Póstsins. Hún hafði skrifað nokkrar fræðibækur um lögfræðileg efni sem notið höfðu velgengni en árið 2005 söðlaði hún um og fór að skrifa glæpasögur. Hvað kom til? „Síðasta fræðibókin sem ég skrifaði var um útvistun internetþjónustu fyrirtækja og hún varð metsölubók í þeim geira, seldist í 3.500 eintökum, þannig að útgefandinn minn vildi að ég skrifaði aðra bók í þeim dúr. Ég var komin með hundleiða á fræðibókunum og sagðist skyldu skrifa skáldsögu fyrir hann í staðinn. Þannig byrjaði þetta ævintýri og árið 2008 kom fyrsta bókin út, Svikalogn sem nú er nýkomin út á íslensku.“

Hvers vegna ákvaðstu að gera eyjuna Sandhamn að sögusviði bókanna? „Ég hef dvalið öll sumur á Sandhamn síðan ég var barn og þekki það samfélag út og inn. Fjölskylda mín hefur átt hús þar í hundrað ár og eyjan hefur alltaf verið stór hluti af lífi mínu. Þetta er mjög sérstakt samfélag. Það eru 110 manns sem búa þarna allt árið en á sumrin bætast 3.000 manns við sem eiga þar sumarhús, auk þess sem um 100.000 manns heimsækja eyjuna á hverju sumri. Það var því spennandi viðfangsefni að skoða hvaða áhrif morð hefði á þetta sérstæða samfélag á þessari paradísareyju.“

Viveca hefur skrifað fimm bækur um Sandhamn og sú sjötta er væntanleg í Svíþjóð í maí. Hún hélt þó áfram að vinna í fullu starfi sem lögfræðingur alveg þangað til fyrir einu og hálfu ári. Þá höfðu bækur hennar verið þýddar á fjölda tungumála, gerðar eftir þeim þrjár minisjónvarpsseríur og rithöfundarstarfið var einfaldlega orðið of tímafrekt til að sinna öðru starfi meðfram því.

Hún er búin að gera samning um að skrifa tíu bækur í Sandhamnseríunni, en hvað finnst íbúum eyjunnar um þetta tiltæki hennar? „Ég held þeir séu bara ánægðir. Þetta hefur aukið ferðamannastrauminn og það er jákvætt, því það er fátt annað til að lifa af á Sandhamn. Ég hef líka passað mig á að nota ekki raunverulegar persónur sem fyrirmyndir að karakterum bókanna og borið virðingu fyrir einkalífi eyjarskeggja. Ég held að bæði íbúar Sandhamn og ég séum bara óskaplega ánægð með þann áhuga sem bækurnar hafa vakið á þessari örlitlu eyju og í samfélaginu þar.“

fridrikab@frettabladid.is




# Tilboð sem þú getur ekki hafnað…

BÆKUR ★★★☆☆

[geim]
Anders de la Motte
Þýðing: Jón Daníelsson
Vaka-Helgafell




Anders de la Motte kom eins og hvítur stormsveipur inn á pínulítið staðnaðan norrænan glæpasögumarkað árið 2010 með skáldsögunni [geim]. Hér er engin þorpsrómantík, enginn drykkfelldur blúsaður lögreglumaður, enginn glæpon, engin lögreglurannsókn, ekkert af því sem hingað til hefur verið álitið lífsnauðsyn í glæpasögum. Hér er nútíminn sjálfur og tæknivæðing hans í forgrunni og má eiginlega segja að [geim] sé brautryðjendaverk í glæpasagnagerð fyrir snjallsímakynslóðina.

Sagan hverfist um tvær aðalpersónur, HP sem er lúser um þrítugt, hassreykjandi, tölvuleikjaspilandi fyrrverandi tukthúslimur sem gefur skít í viðtekin gildi, og Rebeccu Normén sem er fyrirmyndarlögga á framabraut, komin í lífvarðasveitina og klikkar ekki á neinu. Þegar HP finnur snjallsíma með tilboði um að taka þátt í tölvuleik í raunheimum gegn góðri greiðslu stenst hann ekki mátið og sogast smátt og smátt inn í heim sem hann ræður ekkert við. Á sama tíma fer Rebecca að fá dularfull skilaboð og smátt og smátt kemur í ljós að þau tvö deila fortíð sem hvorugt þeirra kærir sig um að komist í hámæli. Plottið þykknar og þótt hér sé ekki í nokkrum skilningi um hver-gerði-það glæpasögu að ræða tekst de la Motte að byggja upp ótrúlega spennu sem hann heldur fram á síðustu blaðsíður.

Texti bókarinnar fengi seint nokkur móðurmálsverðlaun, vaðandi í enskuslettum og tölvuleikjaslangri, en er einhver best heppnaða innsýn í talsmáta og hugsun tölvuleikjakynslóðarinnar sem sést hefur á prenti. Lesandinn trúir því hundrað prósent að nákvæmlega svona tali persónurnar og Jón Daníelsson hefur unnið feikigott verk með „íslenskuninni“, því þetta tungumál eiga ungmenni Vesturlanda sameiginlegt, þótt móðurmál þeirra séu ólík.

Í heild er [geim] virkilega vel byggð, spennandi og skemmtileg saga sem ætti að kæta hvern þann lesanda sem hefur minnsta áhuga á því hvernig heimurinn er að breytast.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hressileg, spennandi og skemmtileg saga sem gefur ferska innsýn í heim snjallsímakynslóðarinnar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 20. MARS 2013**

### Umræður

**20.00** Hlutverk og dyggðir kynjanna verða til umræðu í heimspekikaffi í Gerðubergi. Gunnar Hersveinn heimspekingur og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kennari í jafnréttisfræðum, stjórna umræðum.

### Tónlist

**17.00** Helgi Júlíus kynnir plötu sína á Café Rosenberg. Lög plötunnar verða spiluð og þau kynnt.

**21.00** Hjalti Þorkelsson og Taylor Selsback skemmta á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Hulda Proppé heldur tónleika á Kex Hostel.

### Fyrirlestrar

**16.00** Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur í Norræna húsinu undir yfirskriftinni Fiktionens leg. Fyrirlesturinn verður fluttur á dönsku og er öllum opinn.

**20.00** Guðrún Ása Grímsdóttir heldur erindið Landnámsjörð, aðalból og kirkjustaður í Vatnsfirði við Djúp, í Hannesarholti, Grundarstíg 10.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
Opið laugard. kl. 10-14







SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| DEAD MAN DOWN VIP | KL. 8 - 10:20 | VIP |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 | 10 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL VIP 2D | KL. 5:20 | VIP |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:20 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| FLIGHT | KL. 8 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 10:50 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| 21 AND OVER | KL. 10:30 | 14 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 - 10:40 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FLIGHT | KL. 5:20 - 10:30 | 12 |
| ARGO | KL. 8 | 14 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| FRANCESCA DA RIMINI ÓPERA | KL. 18:00 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 10:40 | 10 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 10:40 | 10 |
| THIS IS 40 | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |


# Með allt á hreinu á Þjóðhátíð

## Stuðmenn og Retro Stefson spila á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina.

„Við eigum stórkostlegar og margar dásamlegar minningar frá þessum stað,“ segir Jakob Frímann Magnússon.

Hljómsveitin Stuðmenn spilar á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Þangað mætir hún til leiks með sömu tónleika og hún flutti í Hörpunni í október í fyrra undir yfirskriftinni Með allt á hreinu. Þá voru liðin þrjátíu ár frá gerð kvikmyndarinnar ástsælu, sem var einmitt að hluta til tekin upp á Þjóðhátíð í Eyjum.

„Það er tilhlökkunarefni að fara þangað aftur og máta sig við þetta nýja glæsisvið sem þarna hefur verið reist og alla þá umgjörð sem var fyrr á árum mjög ólík því háþróaða fínerii sem nú er í boði,“ segir Jakob Frímann, en hljómsveitin spilaði þar síðast 2006. „Þetta er sennilega sú útihátíð sem á sér hvað lengstu og merkustu sögu sem samfelldur vettvangur jörfagleði í Norður-Evrópu.“

Retro Stefson hefur einnig verið bókuð á Þjóðhátíð og verður þetta í fyrsta sinn sem hljómsveitin stígur þar á svið. „Það má segja að hamraborg Heimaeyjar verði helguð Hamrahlíðarhljómsveitunum Stuðmönnum og Retro Stefson. Það er engin ástæða til að harma það.“

Forsala miða á hátíðina hefst í dag á Dalurinn.is og er miðaverð 16.900 kr. Fólk getur greiðsludreift miðaverðinu vaxtalaust á fjóra mánuði. Fullt verð við hliðið í Eyjum er 18.900 kr. Salan í Herjólf fyrir Þjóðhátíð hefst einnig í dag.

- fb



**STUÐMENN** Hljómsveitin vinsæla spilar á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





**SKÍNANDI VESKI** Fatahönnuðurinn Helga Lilja Magnúsdóttir með veski frá Maison Martin Margiela fyrir H&M.



**Í EIGIN HÖNNUN** Hilda Gunnarsdóttir fatahönnuður í eigin hönnun.

# LEÐURKLÆDD Á RFF

Fjöldi fólks sótti Reykjavík Fashion Festival á laugardaginn var. Gestir báru sitt allra besta tau í tilefni dagsins líkt og myndirnar bera vitni um.

**Stíllinn | Leður**



**VEL KLÆDD** Jóhanna Björg Christensen, ritstjóri Nude Magazine, klæddist leðurbuxum og bol frá Stellu McCartney.



**FLOTT ÞRÍEYKI** Theodóra Mjöll, Pattra og Hildur Ragnarsdóttir, bloggarar hjá Trendnet.



**LEÐURKLÆDDAR** Stílistinn Anna Clausen og Inga Harðardóttir voru báðar leðurklæddar.





| SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5% | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BROKEN CITY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.40 | L |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10.20 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5% | | |
|---|---|---|
| ANNA KARENINA | KL. 6 - 9 | 12 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN | KL. 6 | 14 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 6 - 10.20 | 16 |
| ANNA KARENINA | KL. 8 | 12 |
| IDENTITY THIEF KL. 8 / JAGTEN (THE HUNT) | KL. 6 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.10 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | 8, 10.10 | 16 |
| ANNA KARENINA | 7.30 | 12 |
| IDENTITY THIEF | 10 | 12 |
| OZ GREAT AND POWERFUL 3D | 5, 8 | 10 |
| 21 AND OVER | 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | 5.45 | L |
| VESALINGARNIR | 5 | 12 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| TÖTE MICH | (12) | 18:00 (ÞÝSKIR KVIKMINDADAGAR) |
| HOTEL LUX | (12) | 20:00 (ÞÝSKIR KVIKMINDADAGAR) |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:00 |
| KON-TIKI | (12) | 20:00, 22:10 |
| FIT HOSTEL | (L) | 22:10 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!


SAGA
EUROVISION
REGÍNA ÓSK
FRIÐRIK ÓMAR
SELMA BJÖRNS
HARPA REYKJAVÍK
LAUGARDAGINN 4. MAÍ
EUROBANDIÐ ÁSAMT AUKA-HLJÓÐFÆRALEIKURUM, DÖNSURUM OG GESTASÖNGVURUM
Trommur Benedikt Brynleifsson Bassi Róbert Þórhallsson
Píanó Þórir Úlfarsson Hljómborð Ingvar Alfreðsson Gítar Kristján Grétarsson Slagverk Frank Aarnik Blástur Sigurður Flosason
Raddir Erna Hrönn, Gísli Magnason og Íris Lind Verudóttir
Dansarar frá Dansskóla Birnu Björnsdóttur
Danshöfundar Birna og Guðfinna Björnsdætur
Búningahönnuður Margrét Einarsdóttir
Hljóðmeistari Hafti Tempó Ljósameistari Agnar Hermansson
Framleiðandi og yfirumsjón Rigg Music & Events
Miðaverð í Eldborg 4900/7900
Á FERÐ UM ÍSLAND
FRIÐRIK ÓMAR, SELMA BJÖRNS & REGÍNA ÓSK ÁSAMT EUROBANDINU
19. apríl - Akureyri
20. apríl - Skagafjörður
21. apríl - Dalvík
24. apríl - Reykjanesbær
25. apríl - Akranes
26. apríl - Grundarfjörður
27. apríl - Hnífsdalur
9. maí - Vík í Mýrdal
10. maí - Höfn í Hornafirði
11. maí - Neskaupstaður
Miðaverð 3900.-
Börn 12 ára og yngri 2000.-
Barnamiðar einungis fáanlegir í síma 540-9800
vodafone
RIGG Music & events
BÍLALEIGA AKUREYRAR
Europcar
SENNHEISER
MIÐASALA Á ALLA TÓNLEIKANA HEFST Á MORGUN, FIMMTUDAG Á MIDI.IS KL.12:00
midi.is

## Getur komist í undanúrslit Euroleague

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir og félagar hennar í Good Angels Kosice geta tryggt sér sæti í undanúrslitum Euroleague kvenna í körfubolta í dag þegar liðið mætir pólska liðinu Polkowice í lokaleik sínum í A-riðli úrslitakeppninnar sem fer fram í Rússlandi. Bæði liðin hafa unnið tyrkneska liðið Galatasaray og tapað stórt fyrir heimastúlkum í UMMC Ekaterinburg sem hafa þegar tryggt sér sæti í undanúrslitunum.

Helena skoraði fimm stig á 18 mínútum í 31 stigs tapi á móti Ekaterinburg í gær. Leikur Good Angels Kosice og Polkowice í dag hefst klukkan 15.30 að íslenskum tíma. - óój



Ódýrt fyrir heimilið

Rauðsprettuflök m/roði 890 kr.kg
Fiskfars 590 kr.kg
Þorskflök með roði 890 kr.kg
Þorskbitar roðlausir beinlausir 1190 kr.kg
Rauðsprettuflök roðlaus beinlaus 1190 kr.kg
Þorskhnakkar 1190 kr.kg
Skata 790 kr.kg

Þorskgúllas 1190 kr.kg
- Karríkókós sósa
- Sinneps og Graslaukssósa
- Humarsósa
- Toscanasósa
- Hunangs og Sinnepssósa

Stór Humar 3990 kr.kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3

# Frábær á réttum tíma

Stjörnuframmistaða Guðmundur Jónssonar var öðru fremur til þess að Þór úr Þorlákshöfn tryggði sér annað sætið í Dominos-deild karla.

**KÖRFUBOLTI** Óhætt er að segja að Guðmundur Jónsson hafi stigið fram þegar lið hans þurfti á því að halda. Þegar ljóst var að Baldur Þór Ragnarsson og Darri Hilmarsson yrðu frá keppni út tímabilið reiknuðu margir með því að Þórsarar myndu gefa eftir í baráttunni um annað sæti Dominos-deildarinnar. Tap gegn Keflavík í næsta leik renndi stoðum undir vangaelturnar en þá sagði Guðmundur hingað og ekki lengra.

„Þegar meiðslin þeirra koma aftan að manni hugsar maður að tími sé kominn til að axla ábyrgð og gera eitthvað af viti,“ segir Guðmundur. Bakvörðurinn fór fyrir liði sínu í síðustu tveimur leikjunum sem unnust og tryggðu liðinu annað sætið. Frammistaða hans seinni hluta móts tryggði honum sæti í úrvalsliði seinni hlutans sem tilkynnt var í gær.

„Ég var ekki alveg nógu sáttur við spilamennskuna fyrri hluta tímabilsins en hún hefur verið fín undanfarið,“ segir Njarðvíkingurinn uppaldi og vonast eftir því að framhald verði á. Annað sætið gefur Þórsurum heimaleikjarétt út keppnina gegn öllum liðum nema toppliði og ríkjandi Íslandsmeisturum Grindavíkur.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórsara, segir meiðsli fyrrnefndra lykilmanna hafa gert mönnum ljóst að þeir þyrftu að axla meiri ábyrgð.

„Það verður ekki annað sagt en að Guðmundur Jónsson hafi gert það allhressilega. Hann hefur spilað frábærlega undanfarið. Ég hef trú á því að við fáum fleiri í þennan toppgír og þá getur allt gerst,“ segir Benedikt.

Þórsarar mæta KR-ingum í fyrsta leik liðanna í Þorlákshöfn á fimmtudagskvöld. KR-ingum var spáð Íslandsmeistaratitlinum og hefur frammistaða liðsins valdið vonbrigðum. Sjöunda sæti varð hlutskipti liðsins sem hefur þó á reynslumeira liði að skipa en Þórsarar.

„Við erum ekki með reynslumesta liðið í úrslitakeppninni. Þorlákshöfn komst þangað í fyrsta skipti í fyrra. Þetta eru ungir strákar og verða bara að stíga fram,“ segir Guðmundur. Hann minnir á að deildin hafi verið sérstaklega jöfn og liðin hafi skipst á að vinna í vetur.

„Ef maður mætir ekki tilbúinn getur þetta farið á alla vegu. Menn þurfa að mæta klárir í slagsmál,“ segir Guðmundur. Þór kom flestum á óvart og komst í úrslitin gegn Grindavík í fyrra en mátti játa sig sigraðan í fjórum leikjum gegn Grindavík. Getur liðið farið alla leið í ár? „Já, engin spurning. Ég hef trú á því,“ segir Guðmundur.

kolbeinntumi@365.is



**KLÁR Í KR** „Ef við lokum vörninni getum við unnið hvaða lið sem er,“ segir Guðmundur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Svart og hvítt

Hér fyrir neðan má sjá sláandi mun á tölfræði Guðmundar í síðustu tveimur leikjum Þórs og fyrstu tuttugu (innan sviga).

| | |
|---|---|
| **STIG Í LEIK** | 28,5 (12,7) |
| **3JA STIGA NÝTING** | 58% (32%) |
| **SKOTNÝTING** | 60% (37%) |
| **FRÁKÖST** | 6,5 (4,1) |
| **STOÐS. Í LEIK** | 4,0 (2,7) |
| **FRAMLAG** | 31,0 (10,8) |

### Lið seinni umferðar

**Justin Shouse** - Stjörnunni
**Elvar Már Friðriksson** - Njarðvík
**Guðmundur Jónsson** - Þór Þorl.
**Kristófer Acox** - KR
**Michael Craion** - Keflavík

**BESTI ÞJÁLFARINN**
**Sverrir Þór Sverrisson** - Grindavík

**DUGNAÐARFORKURINN**
**Þorleifur Ólafsson** - Grindavík

**BESTUR**
**Michael Craion** - Keflavík

POTTURINN ER TVÖFALDUR
OG STEFNIR Í

1850 MILLJÓNIR

250.000.000
+1.600.000.000




Fyrsti vinningur stefnir í 250 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.600 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

zoom-zoom zoom-zoom zoom-zoom

mazda

# AKSTURSÁNÆGJA + SPORTLEG HÖNNUN = GÆSAHÚÐ

EYÐIR AÐEINS 4,3 l/100 KM*

VELDU ÁREIÐANLEIKA OG LÆGSTA REKSTRARKOSTNAÐINN SKV. J.D. POWER AND ASSOCIATES OG KELLEY BLUE BOOK**



Mazda3 er skemmtilegur bíll sem státar af 5 stjörnu öryggi. Í Mazda3 er huggulegur hiti í sætum, akstурstölva sem gefur upp margvíslegar upplýsingar um eyðslu, minnir þig á þjónustuskoðun og býður upp á hraðaviðvörun. Spólvörnin kemur sér vel í þungri færð og loftkælingin og hraðastillirinn gera ferðir á heitum sumardögum ánægjulegar. Glansandi fínar 16“ álfelgurnar gera svo bílinn enn sportlegri.

Finndu akstursgleðina í nýjum Mazda3 – fáðu gæsahúð. MAZDA.IS

**MAZDA3 FRÁ 3.290.000 KR.***

Útbúnaður bíls getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

*Mazda3 1,6i Advance bensín beinskiptur 3.290.000 kr. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. $CO_2$ losun 147 g/km.
Mazda3 1,6 TDi Advance dísil beinskiptur 3.590.000 kr. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ losun 115 g/km. Frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg í 90 mínútur í senn.

** J.D. Power and Associates skipaði Mazda3 meðal þriggja efstu bílana í sínum flokki í áreiðanleikakönnun 2013. Mazda vann einnig heiðursverðlaun Kelley Blue Book fyrir lægsta 5 ára heildarrekstrarkostnaðinn þar sem m.a. er tekið mið af endursöluverði/afföllum bílsins, hverslags gjöldum, ásamt eldsneytis- og viðhaldskostnaði. Fáðu lágan rekstrarkostnað með nýjum Mazda.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg

Öruggur staður til að vera á

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**> Stöð 2 kl. 20.30**

### Kalli Berndsen – í nýju ljósi



Karl Berndsen snýr aftur á skjáinn í glænýrri þáttaröð þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu hjá meistaranum. Fyrsti þátttakandinn heitir Theodóra og er 52 ára. Hún er einhleyp, á einn son og leitar á náðir Kalla til að fá upplífgandi hugmyndir um hvernig hún geti komið betur fyrir.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

**GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR,** ÚTVARPS- OG KNATTSPYRNUKONA



**Horfi daglega.** Ég horfi eiginlega á Sex and the City daglega og er eflaust búin að sjá hvern þátt margoft. Dagurinn er frekar pakkaður með fullu námi, tveimur hlutastörfum og fótboltanum svo ég horfi mikið á sjónvarpið í tölvunni.

**Á STÖÐ 2**



1 **NEW GIRL:** Ég féll algjörlega fyrir New Girl frá fyrsta þætti.

**STÖÐ 2 KL. 21.00**



2 **GREY'S ANATOMY:** Ég á það til að vera spenntari yfir því sem gerist í Grey's en því sem gerist í mínu eigin lífi.

**Á RÚV**



3 **GADGET MAN:** Pessir þættir eru snilld, eins og allt sem Stephen Fry kemur nálægt. Ég elska græjur.

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Síðasta freistingin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Bak við stjörnurnar **23.05** Inni **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Landsmót UMFÍ 50 ára og eldri** *(e)*
**16.00 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.40 Hefnd** *(21:22) (Revenge) (e)*
**17.25 Franklín**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Brúnsósulandið**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Að duga eða drepast** *(8:8) (Make It or Break It)* Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.50 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(7:10)* Í þáttunum er fylgst með keppni í einstökum greinum, stöðu í stigakeppni knapa og liða, rætt við keppendur og fleiri. Á milli móta eru keppendur og lið heimsótt og slegið á létta strengi.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Skíðakappar á lyfjum?** *(Uppdrag granskning: Blodracet)* Sænskur fréttaskýringarþáttur um meinta ólöglega lyfjanotkun skíðagöngumanna. Blóðgildi afreksmanna þótti oft grunsamlega hátt á árunum fyrir aldamót.
**23.20 Kastljós** *(e)*
**23.40 Fréttir**
**23.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.55 Smother**
**14.25 The Magic Roundabout**
**15.45 Run Fatboy Run**
**17.25 Smother**
**18.55 The Magic Roundabout**
**20.20 Run Fatboy Run**
**22.00 An American Crime**
**23.40 The Expendables**
**01.20 The Next Three Days**
**03.30 An American Crime**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(15:25)*
**08.30 Ellen** *(67:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(107:175)*
**10.15 Hank** *(3:10)*
**10.40 Cougar Town** *(9:22)*
**11.05 Privileged** *(10:18)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(3:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Suits** *(2:12)*
**13.45 Chuck** *(1:13)*
**14.35 Gossip Girl** *(6:10)*
**15.20 Big Time Rush**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.25 Tricky TV** *(3:23)*
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(21:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(15:24)*
**19.40 The Middle** *(13:24)*
**20.05 Go On** *(9:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryan King, íþróttafréttamanns sem missir konuna sína.
**20.30 Kalli Berndsen – í nýju ljósi** *(1:8)* Önnur þáttaröðin með Kalla Berndsen þáttaröð þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu hjá meistaranum.
**21.00 Grey's Anatomy** *(17:24)* Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
**21.45 Red Widow** *(1:8)* Hörkuspennandi þáttaröð.
**22.30 Girls** *(7:10)*
**22.55 NCIS** *(14:24)*
**23.40 Person of Interest** *(21:23)*
**00.25 The Closer** *(12:21)*
**01.10 The Feast of the Goat**
**03.10 Damages** *(12:13)*
**04.00 Bones** *(7:13)*
**04.45 Kalli Berndsen – í nýju ljósi** *(1:8)*
**05.10 The Big Bang Theory** *(15:24)*
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT — *besta sætið*

**17.15 Meistaradeild Evrópu í handbolta: Gorenje Velenje - Flensburg**
**18.40 Meistaradeildin í handbolta: markaþáttur**
**19.10 Þýski handboltinn: Flensburg - RN Löwen** BEINT
**20.50 Dominos deildin** Allt um liðin í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
**21.50 Meistaradeild Evrópu: Endursýndur leikur**
**23.30 Þýski handboltinn: Flensburg - RN Löwen**

## SPORT 2 — *enski boltinn*

**16.05 Football League Show 2012/13** Svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.35 Tottenham - Fulham**
**18.15 Stoke - WBA**
**19.55 Premier League Review Show 2012/13** Svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 Everton - Man. City**
**23.45 Man. Utd. - Reading**

## 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Latibær** *(2:18)*
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.05 Hundagengið**
**17.30 Leðurblökumaðurinn**
**17.55 iCarly** *(12:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** Hómer verður heltekinn af því að heimsendir sé í nánd eftir að hafa séð lélega bíómynd þess efnis.
**17.25 Íslenski listinn** Söngdívan Þórunn Antonía Magnúsdóttir kynnir tíu vinsælustu lög vikunnar.
**17.50 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**18.15 Gossip Girl** *(2:24)*
**19.00 Friends** *(20:24)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(12:24)*
**20.15 American Dad** *(12:16)* Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.
**20.35 Funny or Die** *(9:12)* Sprenghlægilegir sketsaþættir frá Will Arnett og HBO byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.05 FM95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.30 Arrow** *(10:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og verið talinn af.
**22.10 Dollhouse** *(5:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerist í nánni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
**22.55 American Dad** *(12:16)*
**23.15 Funny or Die** *(9:12)*
**23.45 FM 95BLÖ**
**00.05 Arrow** *(10:23)*
**00.45 Dollhouse** *(5:13)*
**01.30 Tónlistarmyndbönd**

## GULL

**18.20 Doctors** *(159:175)*
**19.00 Ellen** *(23:170)*
**19.40 Hæðin** *(6:9)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(8:14)*
**21.10 Krøniken** *(8:22)*
**22.15 Ørnen** *(8:24)*
**23.15 Hæðin** *(6:9)*
**00.05 Örlagadagurinn** *(8:14)*
**00.45 Krøniken** *(8:22)*
**01.50 Ørnen** *(8:24)*
**02.50 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Dynasty** *(6:22)*
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 The Voice** *(14:15)*
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Once Upon A Time** *(11:22)*
**19.05 Solsidan** *(9:10)*
**19.30 America's Funniest Home Videos**
**19.55 Will & Grace** *(21:24)*
**20.20 Top Chef** *(15:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.
**21.10 Blue Bloods** *(4:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan-fjölskyldunnar í New York þar sem böndum er komið á glæpamenn borgarinnar sem aldrei sefur.
**22.00 Law & Order UK** *(6:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn. Foringi hættulegs glæpagengis er grunaður um morð en þegar vitni fást illa til að staðfesta glæp hans lendir saksóknari í vandræðum.
**22.50 Falling Skies** *(4:10)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju Stevens Spielberg sem fjalla um eftirleik geimveruárásar á jörðina. Meirihluti jarðarbúa hefur verið þurrkaður út en hópur eftirlifenda hefur myndað her með söguprófessorinn Tom Mason í fararbroddi.
**23.35 The Walking Dead** *(7:16)*
**00.25 Combat Hospital** *(13:13)*
**01.05 XIII** *(8:13)*
**01.50 Excused**
**02.15 Blue Bloods** *(4:22)*
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Tampa Bay Championship **2013** *(3:4)* **12.10** Golfing World **13.00** Tampa Bay Championship **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.55** Inside the PGA Tour *(11:47)* **19.25** Ryder Cup Official Film **2008 20**.40 Champions Tour - Highlights *(4:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(12:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(11:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Á ferð og flugi

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.




FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012



FYRSTI ÞÁTTUR
KALLI BERNDSEN
Í NÝJU LJÓSI
2 2 BÍÓ 2 GULL 2 krakkar POPP TÍVÍ
Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar
og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag
ÚTLIT FYRIR FRÁBÆRT
SJÓNVARPSKVÖLD
Dagskráin hefur sjaldan, eða aldrei, litið eins vel út. Miðvikudagarnir lofa sérstaklega góðu
og það er óhætt að hlakka til að horfa í kvöld!
NÝTTU ÞÉR NETFRELSI
OG MISSTU EKKI AF NEINU!
Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds
þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjald-
tölvunni hvar og hvenær sem er.
21:00
GREY´S ANATOMY
Dramatíkin vex í hverri viku í vinsælustu þáttum Stöðvar 2.
FYRSTI ÞÁTTUR
HEFST Í KVÖLD
21:45
RED WIDOW
Æsispennandi þættir um konu sem leggur allt í sölurnar
til að bjarga fjölskyldunni.
22:35
GIRLS
Pínlega fyndnir þættir um Hönnu og vinkonur hennar
sem slógu í gegn á síðustu Golden Globe hátíð.
FÍTON / SÍA
2 HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

**BORGIN**



**„London, ekki spurning. Ég er duglegur við að heimsækja bróður minn sem býr þar og að fara á fótboltaleiki.“**

Valþór Örn Sverrisson hjá Asni.is.

# Sumir leikstjórarnir fastir í fermingarveislum

Rúnar Rúnarsson meðal leikstjóra sem svara spurningum á íslenskri bíóhelgi. Fólki um allt land boðið í bíó.

„Elsta myndin sem við sýnum er frá 1962 svo þetta spannar ansi langt tímabil,“ segir Þ. Tjörvi Þórsson, verkefnastjóri hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Í tilefni af hækkun framlaga í Kvikmyndasjóð Íslands ætla Kvikmyndamiðstöðin og íslenskt kvikmyndagerðarfólk að bjóða landsmönnum í bíó nú um helgina en á fjórða tug íslenskra kvikmynda verða sýndar víðs vegar um landið.

Leikstjórar og aðstandendur sýninganna hafa margir hverjir boðað komu sína út á land og munu svara spurningum að sýningum loknum. Þar á meðal má nefna þá Óskar Jónasson, sem verður á Ólafsfirði á laugardag ásamt mynd sinni um Hetjur Valhallar, og Rúnar Rúnarsson, leikstjóra Eldfjalls, sem fer austur á Raufarhöfn á sunnudag.

Tjörvi segir það hafa verið dálítið maus að púsla þessu saman en að spennan sé mikil, enda bíósýningar fátíðar á landsbyggðinni. „Leikstjórarnir voru allir mjög áhugasamir þó svo að sumir þeirra séu erlendis og aðrir fastir í fermingarveislum.“ Hann segir að þær myndir sem sýndar verða í Háskólabíói verði í enn meiri gæðum en áður hefur sést. „Þessar myndir eru í alveg nýjum útgáfum. Það er búið að hreinsa þær og litgreina upp á nýtt og eru nú bara eins og Hollywood-myndirnar,“ segir Tjörvi, en þær myndir sem um ræðir eru „Skytturnar“, „79 af stöðinni“, „Húsið“, „Hrafninn flýgur“, „Rokk í Reykjavík“ og „Englar alheimsins“.

**Nánari upplýsingar má finna á www.kvikmyndamidstod.is.** -ka



**SPENNTUR FYRIR BÍÓHELGINNI** Þ. Tjörvi Þórsson, verkefnastjóri hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, vonast til að Íslendingar um land allt fjölmenni í bíó um helgina. MYND/VALLI








**Á TÖKUSTAÐ** Katrín Benedikt með Gerard Butler á tökustað Olympus Has Fallen í ágúst í fyrra í Shreveport í Louisiana.

# Tíu ár í handritagerð loksins að skila sér

Hin íslenska Katrín Benedikt er annar af handritshöfundum Hollywood-myndarinnar Olympus Has Fallen sem verður frumsýnd vestanhafs á föstudag.

Hollywood-myndin Olympus Has Fallen með Gerard Butler í aðalhlutverki verður frumsýnd í Bandaríkjunum á föstudaginn. Annar af handritshöfundunum er hin íslenska Katrín Benedikt, sem flutti vestur um haf þegar hún var sex ára.

Olympus Has Fallen fjallar um fyrrum lífvörð Bandaríkjaforseta sem lokast inni í Hvíta húsinu í miðri hryðjuverkaárás. Hann notar þekkingu sína til að aðstoða lögregluna við að bjarga forsetanum. Á meðal leikara eru Gerard Butler, Morgan Freeman, Aaron Eckhart og Ashley Judd. Myndin kostaði að minnsta kosti 80 milljónir dollara í framleiðslu og má því með sanni segja að um stórmynd sé að ræða.

**Tíu ára vinna skilaði sér**

„Eiginmaður minn og samstarfsmaður, Creighton Rothenberger, fékk þessa hugmynd fyrir dálítið löngu síðan. Við héldum áfram að vinna með hana næstu árin og vorum sífellt að betrumbæta handritið,“ segir Katrín, spurð út í tilurð þessa fyrsta kvikmyndahandrits hennar sem kemst á hvíta tjaldið. „Þegar við fengum nýjan umboðsmann árið 2011 var það þetta handrit, sem var eitt af meira en tuttugu handritum sem við höfðum skrifað, sem nýju fulltrúarnir okkar vildu koma fyrst á framfæri. Við eyddum þremur mánuðum í viðbót við að uppfæra og endurskrifa handritið þangað til okkur fannst það vera tilbúið,“ greinir hún frá. „Í mars 2012 keypti Millenium Films handritið og fór nánast um leið með það í framleiðslu. Við vorum mjög spennt að sjá að öll okkar vinna í tíu ár hafði loksins borgað sig. Á þessum tíu árum þénuðum við mjög lítinn pening með handritaskrifunum og í raun og veru lifðum við á sparifé okkar. Við unnum líka frítt í tölvuverðan tíma. Þannig að við höfum svo sannarlega þurft að hafa fyrir hlutunum.“



**HJÓN OG SAMSTARFSFÓLK** Katrín ásamt eiginmanni sínum Creighton Rothenberger.

**Ótrúlegt en satt**

Aðspurð segist Katrín himinlifandi yfir því að sjá myndina á hvíta tjaldinu með öllum þessum frægu leikurum. „Það er ótrúlegt að sjá eitthvað sem þú hefur stefnt að svona lengi verða loksins að veruleika. Að sjá myndina sína komast á stóra tjaldið með svona frábæru leikaraliði er stórkostlegt,“ segir hún. „Líkamlegt atgervi Gerards Butler hentar mjög vel fyrir hlutverkið og einnig leikur hann leyniþjónustufulltrúann Mike Banning afar vel. Við erum líka mjög ánægð með leikstjórann Antonie Fuque.“

**Fæddist í Reykjavík**

Katrín fæddist í Reykjavík og er dóttir Sigríðar Benediktsdóttur og Reynis Harðarsonar. Eftir að foreldrar hennar hættu saman og móðir hennar giftist aftur fluttist hún til Bandaríkjanna með tveimur systkinum sínum. Hún ólst upp í Suður-Karólínu, Maryland, Ohio og loks Pennsylvaníu. Þar hitti hún einmitt Creighton fyrir þrettán árum á námskeiði í handritaskrifum. Núna eru þau búsett á Newport Beach í Kaliforníu. „Í mörg ár þurftum við að stunda handritaskrifin meðfram dagvinnunni okkar, sem var frekar erfitt. Núna erum við að vona að þessi mynd verði til þess að við fáum örugga vinnu við handritagerð þannig að við getum haldið okkar striki áfram,“ segir Katrín.

> **Það er ótrúlegt að sjá eitthvað sem þú hefur stefnt að svona lengi verða loksins að veruleika.**

**Skrifa yfirnáttúrulegan trylli**

Eruð þið byrjuð að undirbúa nýtt handrit? „Núna erum við að vinna að nýjum yfirnáttúrulegum trylli sem er byggður á okkar eigin hugmynd. Við höfum einnig verið ráðin til að vinna við dýra og vinsæla kvikmyndaseríu í Hollywood sem við erum mjög spennt fyrir.“

freyr@frettabladid.is






# FYRIRLESTRA-MARAÞON HR 2013

## 20. MARS KL. 10:15–16:30 Í STOFU V101

Á Fyrirlestramaraþoni Háskólans í Reykjavík flytja fræðimenn HR 36 erindi, hvert að hámarki sex mínútur, sem gefa innsýn í fjölbreytt viðfangsefni háskólans í rannsóknum. Klukkan 12 afhendir forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, kennslu-, rannsóknar- og þjónustuverðlaun HR árið 2013.

**Dagskráin er öllum opin og aðgangur ókeypis.**

### 10:15–11:00

1. **Kynjamunur og lygar** Haukur Freyr Gylfason
2. **Áhrif skriflegrar tjáningar á líðan karla sem eru nýgreindir með krabbamein í blöðruhálskirtli: Fyrstu niðurstöður** Heiðdís Valdimarsdóttir
3. **Kerfislíffræðileg greining á geymslu blóðhluta** Ólafur Eysteinn Sigurjónsson
4. **Sjálfvirk sjúkdómsgreining** Bjarni Halldórsson
5. **Hugarþjálfun í íþróttum** Hafrún Kristjánsdóttir
6. **Hefur jafnvægi áhrif á stökkhæð?** Einar Einarsson

### 11:15–12:00

7. **Óhreinindi í rafgreiningu áls – uppruni og afleiðingar** Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir
8. **Upptaka rafbíla – ákvarðanataka byggð á akstursgögnum** Ágúst Valfells
9. **Vöktun virkjunarlóna og stíflna** Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir
10. **Að vera eða vera ekki sátt við samninginn** Aðalsteinn Leifsson
11. **Við lifum lengur en hvað kostar það og hver borgar fyrir það?** Ólafur Ísleifsson
12. **Réttur til góðra stjórnsýsluhátta** Margrét Vala Kristjánsdóttir

### 12:45–13:30

13. **Þriðja iðnbyltingin og störf sem eru að breytast** Ólafur Andri Ragnarsson
14. **Samningar um afmörkun landgrunns strandríkja utan 200 sjómílna** Bjarni Már Magnússon
15. **Lög sem valdboð og lög sem sammæli** Arnar Þór Jónsson
16. **Skiptir máli hvar ég á heima? Framkvæmd skýrslutöku af börnum** Heiða Björg Pálmadóttir
17. **Tilraunir í stafrænni markaðssetningu** Valdimar Sigurðsson
18. **Menning og fjármál** Már Wolfgang Mixa

### 13:45–14:30

Fyrirlestrar á ensku

19. **Fabrication and bio-diagnostic applications of periodic nano-structured arrays** Halldór Svavarsson
20. **Thermoelectric currents at nanoscale** Kristinn Torfason
21. **Snaking electrons in cyilindrical nanowires** Andrei Manolescu
22. **Why prices rise faster than they fall - a multiple equilibria story** Jón Þór Sturluson
23. **Rules rule!** Luca Aceto
24. **Why Games?** Yngvi Björnsson

### 14:45–15:30

Fyrirlestrar á ensku

25. **Detecting epidemics with cell Phones** Ýmir Vigfússon
26. **Challenges and benefits of wireless ad-hoc networks** Sveinn Fannar Kristjánsson
27. **Why progress AI is not what we hoped for (and why this may change)** Kristinn R. Þórisson
28. **The technology behind the Videntifier video recognition service** Björn Þór Jónsson
29. **Research at the Laboratory for Unmanned Vehicles** Leifur Þór Leifsson
30. **Fast numerical methods for design of microwave, antenna, and photonic components** Stanislav Ogurtsov

### 15:45–16:30

31. **Á milli Evrópu og Ameríku – amerísk áhrif í íslenska réttarkerfinu** Sigurður Tómas Magnússon
32. **Á tryggingafélagið að borga eftir því hvernig þú hagar þér?** Þóra Hallgrímsdóttir
33. **Ef við hefðum (bara) tapað Icesave!** Gunnar Þór Pétursson
34. **Skattar á laun á Norðurlöndunum** Axel Hall
35. **Varkárni í viðsnúningi á vinnumarkaði** Arney Einarsdóttir
36. **Gerum við sjálf okkur óþörf?** Henning Úlfarsson

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**hr.is/fyrirlestramarathon**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Haukur Holm á RÚV

Um fjögur hundruð manns sóttu um sumarstörf á fréttastofu RÚV. Meðal umsækjenda voru nokkur þekkt andlit, þar á meðal **Haukur Holm** fréttamaður, Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, píanókennari og fyrrverandi ritstjóri Nýs Lífs, fjölmiðlamennirnir Þröstur Emilsson og Valur Grettisson, Marín Manda Magnúsdóttir athafnakona, Snærós Sindradóttir, formaður Ungra vinstri grænna, Jóna Elísabet Ottesen verslunareigandi og Hildur Knútsdóttir rithöfundur, sem heldur einnig úti Tískublogginu. Samkvæmt Heimildum Fréttablaðsins var Haukur Holm á meðal þeirra er ráðnir voru inn á fréttastofuna í sumar. - sm



### Ísgerður í viðtali um frægðina á Íslandi

Leikkonan **Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir** er í viðtali á vefsíðu Guardian. Þar er rætt við hana og þrjá aðra Lundúnabúa sem eiga það sameiginlegt að vera þekktir í löndum utan Bretlands en ekki innan þess. Ísgerður kallar sig Izzy Gunnars og segir í viðtalinu að það sé öðruvísi að vera frægur á Íslandi en í Bretlandi. „Það er mjög skrítin upplifun að ganga í gegnum flugvöll og sjá myndir af þér á forsíðum slúðurblaða með fyrirsögninni Farin til London. Og svo, þegar ég kem úr vélinni í London, er ég algjörlega óþekkt.“ Ísgerður lék í fyrstu kvikmyndinni í Bretlandi síðastliðið haust en hún segir í viðtalinu að hún viti ekkert hvenær myndin kemur út. - þeb



## Mest lesið vísir

1 Níu ákærðir fyrir stærsta mál sinnar tegundar í heiminum
2 Kenndi hestinum að leggja saman og telja
3 Handvalið frelsi og Hitlersæskan
4 Kennir parinu að nokkru um árásina
5 Myndir þú hjálpa vini þínum? Ný auglýsing slær í gegn

Heklað, prjónað og saumað!



Ný bók eftir Íslandsvinina Arne og Carlos!
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

